



SKOÐUN Eygló Harðardóttir boðar nýja framkvæmda-ættun í jafnréttismálum. **23**



MENNING Tónlistarhátíðin Bergmál hefst á Dalvík í dag. **32**



LÍFID Leikkonan Birgitta Birgis nældi sér í landvarðarréttindi. **54**



SPORT Kári Kristján Kristjánsson hefur lagt deilu sína við ÍBV til hliðar. **48**

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
19. júní 2014
142. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt örnefningafræðingum Gísli Guðni, janúar - mars 2014

FRÉTTIR



Vont fyrir Alþingi
Lög á kjaradeilu Flugvirkjafélags Íslands og Icelandair voru rædd á Alþingi fram á kvöld í gær. Vond staða segir ráðherra. Flugvirkjar segja brotið á stjórnarskrárvörðum rétti. **4**

Hvaðan komu jarðarberin?
Vísindamenn reyna að fá innsýn í hvernig plöntur aðlagast aðstæðum hér á landi með því að skoða erfðamengi villtra íslenskra jarðarberja. **6**

Hart barist í frak Harðir bardagar geysa enn í frak. Malíki forsætisráðherra segir stjórnarherinn hafa náð frumkvæðinu. Bandaríkjaforseti ræddi í gær við leiðtoga þingsins um hugsanleg viðbrögð. **8**

Skípti byrðunum Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs segir rök vera fyrir því að stjórnvöld eigi að veita undanþágur frá gjaldeyrislögum vegna nauðasamninga um slitameðferðir þrotabúa föllu bankanna. **18**



GJALDTAKA VIÐ NÁMASKARÐ Frá og með gærdeginum rukka landeigendur 800 krónur fyrir að skoða hverina í Námaskarði og Leirhnúk við Kröflu. Nauðsyn segja landeigendur en oddviti Skútustaðahrepps og fulltrúar ferðapjónustunnar eru ósáttir.
MYND/VÖLUNDUR JÓNSSON

Gjaldtaka hafin í Reykjahlíð

Ágreiningur um gjaldtöku við ferðamannastaði í landi Reykjahlíðar snýst ekki um almannarétt segir talsmaður samnefnds einkahlutafélags. Oddviti Skútustaðahrepps ósáttur. Samtök aðila í ferðapjónustu einnig.

FERÐAPIJÓNUSTA Landeigendafélag Reykjahlíðar ehf. hefur hafið gjaldtöku af ferðamönnum á tveimur svæðum í landi sínu austan Mývatns. Ferðamannastaðirnir sem um ræðir eru Leirhnjúkur við Kröflu og hverirnir austan Námaskarðs. Til stóð í upphafi að hefja einnig gjaldtöku við Dettifoss, en landeigendafélagið og Vatnajökulsþjóðgarður komust að samkomulagi um að fresta gjaldtöku þar um eitt ár. Ólafur H. Jónsson, forsvarsmaður Landeigendafélags Reykjahlíðar ehf., segir gjaldtökuna brýna nauðsyn til að geta lagað það land sem ferðamenn hafi eyðilagt.

Gjaldið verður 800 krónur á hvorn stað fyrir sig. „Þetta snýst ekkert um frjálsa fólks heldur flutning á fólki inn á okkar svæði þar sem einhverjir græða á meðan við þurfum að borga alla uppbyggingu. Þetta er löngu komið út fyrir einhvern almannarétt,“ segir Ólafur. Samtök aðila í ferðapjónustu (SAF) áttu í gær fund með Landeigendafélagi Reykjahlíðar. „Við teljum það ekki vera æskilega þróun að hver landeigandi fyrir sig hefji gjaldtöku á sínu svæði heldur á að reyna að finna heildstæða lausn á viðfangsefninu,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF.



„Þetta er löngu komið út fyrir einhvern almannarétt.“
Ólafur H. Jónsson, forsvarsmaður Landeigendafélags Reykjahlíðar ehf.



„Ég vil ekki sjá einhverja varðturnamenningu hér á þessu svæði.“
Yngvi Ragnar Kristjánsson oddviti Skútustaðahrepps.

Yngvi Ragnar Kristjánsson, oddviti Skútustaðahrepps, er ósáttur við framgöngu landeigendafélagsins. „Við í sveitarstjórn erum alfarið á móti gjaldtöku af ferðamönnum í þessu formi. Ég vil ekki sjá einhverja varðturnamenningu hér á þessu svæði,“ segir Yngvi.

Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Skútustaðahrepps og eigandi fjórðungshlutar í landi Reykjahlíðar, vill ekki tjá sig um málið, hvorki fyrir hönd sveitarfélagsins né landeigendafélagsins, þar sem hún situr sem formaður.



Bolungarvík	10°	SV	4
Akureyri	11°	SV	3
Egilsstaðir	12°	SV	2
Kirkjubæjarkl.	15°	NV	4
Reykjavík	13°	SV	4

Víða væta Yfirleitt verður hæg SV- eða breytileg átt, 2-6 m/s. Rigning eða súld vestan til í flestum landslutum en úrkomulítið og bjart SA-lands. **4**

1 SÉRBLÖÐ

Fólk

FÓLK
ÚTSKRIFTARJAFIR
KRISTALL
KRAFTVERKASPREYÐ SEM VIRKAR STRAX

SONOS
FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM


Spotify, Google play

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFFELJAVERSLUN • SÍMUNILA 2 • SÍMI 566 9000 • WWW.SM.IS

Sjálfstæðismenn gefa lítið fyrir ummæli Sveinbjargar um undirlægjuhátt: Framsókn hafnaði samstarfinu

STJÓRN MÁL „Þetta eru fráleit ummæli, alveg fráleit,“ segir Ragnheiður Ríkhardsdóttir, þingkona Sjálfstæðisflokksins. Ummæli Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, oddvita Framsóknar og flugvallarvina, um að Sjálfstæðisflokkurinn sé að taka við bitlingum frá meirihlutunum í Reykjavík hafa fallið í grýttan jarðveg. Þeir sjálfstæðismenn sem Fréttablaðið ræddi við sögðu þó að ummælin myndu hvorki hafa áhrif á samstarf flokkanna á landsvísu né í ráðhúsinu. „Það að Sjálfstæðisflokkurinn gangi til samninga við meirihluta á ekkert skylt við undirlægjuhátt, þetta er bara til að fjölga fólki að borðinu og það er af hinu góða og í

„Það að Sjálfstæðisflokkurinn gangi til samninga við meirihluta á ekkert skylt við undirlægjuhátt.“
Ragnheiður Ríkhardsdóttir, þingkona Sjálfstæðisflokksins. anda lýðræðis,“ segir Ragnheiður. Undir þetta tekur Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. „Þetta er mikill misskilningur hjá Sveinbjörgu. Það tíðkast í upphafi kjörtímabils að leita sér leiða og samninga um ráð og nefndir. Við þuðum fram-sóknarmönnum að ræða við okkur um slíkt en þær höfnuðu því,“ segir Júlíus Vífill.



HARÐORÐ Í GARÐ SJÁLFSTÆÐISMANNA Það hefur gastað mikið um Sveinbjörgu Birnu síðan hún steig fram á hið pólitíska svið. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

NÝJAR VÖRUR

JACK & JONES
KRINGLUNNI / SMÁRALIND

FACEBOOK.COM/JACKANDJONESICELAND
INSTAGRAM @JACKANDJONESICELAND

SPURNING DAGSINS



„Elísabet, er hlaupið að þessu?“

„Já, ef þú ert í góðu formi, og þá allt að ellefu sinnum!“

Elísabet Margeirsdóttir er skipuleggjandi fjallahlaupsins Mt. Esja Ultra sem nú er haldið í þriðja skipti. Fjöldi fólks mun hlaupa allt að ellefu sinnum upp Esjuna um helgina.

Innanríkisráðherra ítrekar að hún vilji engu svara fyrr en rannsókn á lekamálinu er lokið:

Lögregla hefur ráðuneytismann grunaðan

DÓMSMÁL Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra vildi í engu svara spurningum á þingi í gær um lekamálið. Hún sagði ekki eðlilegt að hún tjáði sig um málið fyrr en rannsókn lögreglu og ríkissaksóknara lyki.

Hins vegar sendi innanríkisráðuneytið í gær frá sér yfirlýsingu þar sem lögreglan er sökuð um að hafa kveðið „nokkuð fast að orði“ í kröfu sinni gegn blaðamanni og sett persónuleg samtöl einstakra starfsmanna ráðuneytisins „í einkenni-

legt samhengi“. Hæstiréttur hafnaði á mánudag kröfu lögreglu um að blaðamaður mbl.is upplýsti lögreglu um það hvaða einstaklingur hefði lekið til fjölmiðilsins minnisblaði frá ráðuneytinu. Í minnisblaðinu var fjallað um mál hælisleitandans Tony Omos.

Í dómi hæstaréttar kemur fram að lögreglan hafi rökstuddan grun um að starfsmaður ráðuneytisins hafi komið skjalinu til fjölmiðla. Tiltekinn starfsmaður ráðuneytisins, sem þó er ekki nafngreindur, hafi vistað

umrætt minnisblað í persónulegri tölvu sinni og „opnað það tvívegis 19. nóvember kl. 18.46 og 22.20“. Þá hafi mátt sjá að þegar skjalinu hafi verið lokað hafi tölvan spurt hvort vista ætti breytingar, sem gerðar hefðu verið á því.

Þarna er talað um persónulega tölvu starfsmannsins, en í yfirlýsingu ráðuneytisins frá í gær er einungis bent á að rannsókn lögreglu bendi til þess að „hverfandi líkur [séu] á því að minnisblaðið hafi verið sent frá ráðuneytinu í tölvupóstkerfi þess“. -gb



HVÍSLAÐ Á PINGI Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra á orði við Einar K. Guðfinnsson þingforseta. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



ÞÉTT HANDTAK Kóngafólkið heilsaði ungum aðdáendum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viktoría krónprinsessa Svíþjóðar í heimsókn á Bessastöðum: Prinsessan hrifin af landi og þjóð

KÓNGAFÓLK Þær voru yfir sig hrifnar, stúlkurnar tvær, sem fengu að taka í hönd Viktoríu krónprinsessu Svíþjóðar og Daníels prins við móttöku þeirra í Norræna húsinu í gær.

Hjónin eru stódd á Íslandi í boði forsetans, Ólafs Ragnars Grímsonar, en formlegri heimsókn þeirra lýkur á morgun. Í gær skoðuðu þau sig um á höfuðborgarsvæðinu, komu við í Hörpu við Reykjavík-urhöfn og kynntu sér jarðvarmaverkefni í Hellisheiðarvirkjun.

Í dag er fór þeirra heitið norður í land þar sem þau munu fara í hvalaskoðun, heimsækja Mývatnssveit og virða fyrir sér Námaskarð. Tíu ár eru síðan prinsessan heimsótti Ísland, þá í fylgd foreldra sinna. Athygli vekur að þeirri heimsókn hennar lauk einnig í Þingeyjarsýslu. -ssb

Gróf árás á Hvammstanga: Líkamsárásin leiddi til dauða

LÖGREGLUMÁL Maðurinn sem varð fyrir hrottalegri líkamsárás á Hvammstanga aðfaranótt sunnudags er látinn.

Fjórir menn sitja í gæsluvarðhaldi grunaðir um árásina. Þeir eru grunaðir um að hafa gengið í skrokk á manninum sem leiddi til þess að hann fór meðal annars að hósta upp blóði. Það var vaktlæknir á bráðadeild Landspítalans sem tilkynnti um brotið þegar komið var með manninn í sjúkrahúsi.

Hinn látni hét Tomas Grzegorz Krzeczowski.

-ssb

Haukbergsvaðall neðstur: Reykjavík fékk mest að landi

SJÁVARÚTVEGUR Mestum aflaverðmætum var landað á síðasta ári í Reykjavíkurborg eða alls 25,3 milljörðum króna. Næst í röðinni komu Vestmannaeyjar með rúma 16 milljarða og Neskaupstaður með 14,4 milljarða. Sú höfn þar sem minnstu verðmæti var landað er Haukbergsvaðall með aflaverðmæti upp á 54 þúsund krónur.

Hlutur Reykjavíkur hefur farið lítilliga minnkandi á undanföllum árum. Til að mynda var hann 16,8% eða rúmir 29 milljarðar árið 2011 en fór niður í 14,9% eða 25,3 milljarða í fyrra. -shá

Hluthafi segir græðgi ráðandi í Bláa lóninu

Fyrirverandi starfsmaður Bláa lónsins og hluthafi í félaginu gagnrýnir launahækkun stjórnarinnar. Stjórnarfundir eru haldnir að meðaltali einu sinni í mánuði og lægst launuðu stjórnarmennirnir, varamennirnir, með 350 þúsund krónur í laun.

VIÐSKIPTI Á síðasta stjórnarfundum Bláa lónsins var ákveðið að hækka laun stjórnarmanna. Stjórnarformaður á að fá sjö hundruð þúsund krónur á mánuði fyrir störf sín sem gera 8,4 milljónir á ári. Aðrir stjórnarmenn fá 525 þúsund krónur á mánuði og varamenn fá 350 þúsund krónur á mánuði.

Stjórnarformaður Bláa lónsins, Helgi Magnússon, vildi ekki tjá sig um laun stjórnarmanna við Fréttablaðið. Samkvæmt heimildum blaðsins eru stjórnarfundir haldnir að meðaltali einu sinni í mánuði þótt gera megi ráð fyrir að formaður stjórnar sitji fleiri fundi yfir mánuðinn fyrir hönd félagsins.

Gunnar Örn Guðmundsson á lítinn hlut í einkahlutafélaginu og hefur sótt aðalfundi félagsins í gegnum tíðina. Hann er mjög ósáttur við hækkunina.

„Ég get ekki orða bundist. Ég starfaði í nokkur ár hjá Bláa lóninu við eftirlit og viðhald með eignum. Ég var ekki á láglauanalistanum en fékk þó eingöngu 350 þúsund krónur fyrir 46 tíma vinnuviku, sömu upphæð og varamenn stjórnarinnar sem mæta á fund einu sinni í mánuði. Ef ég hefði haft sama tímakaup og stjórnarmenn væri ég milljarðamæringur,“ segir Gunnar og bætir við að rökstuðningur stjórnarmanna fyrir hækkun launa hafi verið mikil ábyrgð stjórnarmanna, gifurleg vinna stjórnarinnar vegna vaxtar fyrirtekisins og að hækkunin sé í samræmi við laun stjórnarmanna í sambærilegum fyrirtækjum.

„Þetta er allt fólk sem starfar daglega við annað þannig að ég



BLÁA LÓNID Reksturinn gengur afar vel og árið 2013 skilaði félagið um 1,3 milljörðum króna í hagnað eftir skatta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

veit ekki hvað fara raunverulega margir tímar í þessi störf. Svo skiptir engu máli við hvern er miðað, það réttlætir ekkert. Græðgisvæðingin hefur tekið sér bólfestu hjá stjórnendum Bláa lónsins og þetta eru ekki eðlileg laun,“ segir Gunnar Örn Guðmundsson.

Bláa lónið hefur átt mikilli velgengi að fagna síðustu árin. Um 70 prósent erlendra ferðamanna sem koma til landsins fara í Bláa lónið og rekstur lónsins hefur gengið afar vel. Árið 2013 skilaði félagið um 1,3 milljörðum króna í hagnað eftir skatta. Áætluð velta þessa árs er um fimm milljarðar samkvæmt frétt á heimasíðu lónsins.



„Græðgisvæðingin hefur tekið sér bólfestu hjá stjórnendum Bláa lónsins og þetta eru ekki eðlileg laun.“

Gunnar Örn Guðmundsson, fyrirverandi starfsmaður Bláa lónsins.

Samkvæmt verðskrá Bláa lónsins kostar 6.400 krónur fyrir fulloröna yfir sumartímann. Á veturna kostar 5.400 krónur.

erlabjorg@frettabladid.is

Meirihlutinn í Reykjavík stefnir að því að útrýma kynbundnum launamun: Jafnréttisbaráttunni ekki lokið

JAFNRÉTTISMÁL Í dag eru 99 ár síðan íslenskar konur, fjórutíu ára og eldri, fengu kosningarétt.

Í tilefni þess verður opnaður höggmyndagardur í hluta Hljómskálagarðsins til að gera höggmyndalist eftir íslenskar konur hátt undir höfði.

Jafnframt mun Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar, leggja blómsveig á leiði Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, baráttukonu fyrir jöfnum rétti karla og kvenna. „Borgin hefur haft mjög veigamikil hlutverk í því að tryggja jafnrétti kynjanna í gegnum tíðina,“ segir Sóley. „Við höfum gengið framur en öll önnur sveitarfélög og þingið þegar kemur að því að skipa karla og konur til jafns í ráð og nefndir. Mismunur kynjanna hefur áhrif á daglegt líf allra.“

Kynbundinn launamunur er meiri hjá starfsmönnum Reykjavíkurborgar en gengur og gerist í öðrum sveitarfélögum. „Við stefnum að því að útrýma kynbundnum launamun á kjörtímabilinu, ásamt því að sporna gegn klámvæðingu og vændi,“ segir Sóley.

Kvenréttindafélag Íslands verður að vanda með dagskrá á Hallveigarstöðum í tilefni dagsins. „Við Íslendingar erum komin lengra í mörgum mála-



BLÓM TIL BRÍETAR Sóley Tómasdóttir sést hér leggja blómsveig á leiði Bríetar Bjarnhéðinsdóttur á kvenréttindadeginum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

flokkum en nágrannabjódir okkar,“ segir Brynhildur Heiðar-Ómarsdóttir, framkvæmdastýra félagsins. „Það að við stöndum okkur vel segir samt minna en gott ástand hér og meira um hvað ástandið er slæmt á öðrum stöðum í heiminum.“ -ssb

SUMARTILBOÐ



98.900

- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Kveiking í öllum rofum
- Auka steikarplata fylgir
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Efri grind
- Bakki fyrir fitu
- Hitamælir
- Fáanlegt í fleiri litum

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Skoðið úrvalið á
www.grillbudin.is

Smíðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Opið laugardaga til kl. 16

FIMMFALT *punkta.* **PARTÍ** í dag

Komdu í partí!

Punkturpartí í dag, fimmtudaginn 19. júní, á þjónustustöðvum N1 um allt land. Fimmfaldir punktar með hverjum bensín- og dísel lítra.

Einstök partítilboð á þjónustustöðvum N1:

Ísland

Ferðakortabók 1:500.000



1.290 kr.
+1.000 punktar
Almennt verð:
3.290 kr.

Punktar gilda: **×2**

Umhverfis Ísland í 30 tilraunum



990 kr.
+1.000 punktar
Almennt verð:
2.990 kr.

Punktar gilda: **×2**


Coke/Coke Light

12 x 0,33 l Klárt í kælinn



500 kr.
+1.000 punktar

Veiðikortið



4.990 kr.
+1.000 punktar
Almennt verð:
6.990 kr.

Punktar gilda: **×2**

Playmo

2 tegundir



990 kr.
+1.000 punktar
Almennt verð:
3.990 kr.

Punktar gilda: **×3**

CD

In The Eye Of The Storm



1.490 kr.
+1.000 punktar
Almennt verð:
3.490 kr.

Punktar gilda: **×2**

DVD

Laddi lengir lífið



890 kr.
+1.000 punktar
Almennt verð:
2.890 kr.

Punktar gilda: **×2**

DVD

Dallas Buyers Club



890 kr.
+1.000 punktar
Almennt verð:
2.890 kr.

Punktar gilda: **×2**

N1 kortið er boðskortið þitt í partíð.

N1 korthafar halda afsláttarkjörum sínum en að auki fimmfaldest punktarnir með hverjum lítra af bensíni og dísel. Tilboðin gilda til 10. júlí 2014 eða meðan birgðir endast.

Punktur er punkts gaman!

Komdu í partí



SVONA ERUM VIÐ



4,6 milljónir tonna af vörum og varningi voru fluttar að og frá Grundartangahöfn árið 2005.

1,2 milljónum tonna minna var flutt að og frá höfninni í fyrra.

Skript verður um ræðustól á Alþingi til að bæta aðgengi fatlaðra þingmanna: Gamla stólnum snarað í salinn

ALÞINGI Starfsmenn Alþingis þurftu að hafa hraðar hendur og setja gamla ræðustólinn upp aftur eftir að þing var kallað saman til að setja lög á verkfall flugvirkja í gær. Stóllinn hafði verið tekinn niður þar sem til stendur að setja upp nýjan ræðustól sem hentar meðal annars fólki í hjólastól, segir Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri Alþingis.

„Stóllinn var horfinn á braut, en við brugðumst skjótt við og hann er kominn á sinn stað aftur,“ segir

Helgi. Hann segir nýjan stól verða kominn upp í þingsalnum fyrir haustið. Betra pláss er við nýja stólinn til að koma hjólastól að honum, auk þess sem hægt er að lækka hann svo mikið að fólk í hjólastól getur flutt ræður úr honum.

Helgi segir að þrátt fyrir breytingar geti Alþingi ekki uppfyllt allar kröfur sem gerðar eru til nýrri bygginga um aðgengi fyrir fatlaða, húsið sé gamalt og þröngt og því takmörk fyrir því hvað hægt sé að gera.



JÓMFRÚARRÆÐA Freyja Haraldsdóttir, varabingmaður Bjartrar framtíðar, þurfti að flytja jómfrúarræðu sína úr sæti sínu í fyrra þar sem ræðupúlt Alþingis var ekki hannað með fólk í hjólastól í huga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Argentína glímir við skuldir: Hyggst fara á svig við lögin

ARGENTÍNA, AP Cristina Fernandez, forseti Argentínu, hyggst reyna að fá ógreiddum skuldum landsins skipt út fyrir aðrar skuldir í von um að losna undan lögsögu bandarískra dómstóla.

Bandarískur dómstóll gefur Argentínu frest til næstu mánaðamóta. Hafi Argentína þá ekki greitt bandarískum vogunarsjóðum 907 milljónir dala, sem yrði fyrsta afborgun af 1,5 milljarða dala skuld landsins við sjóðina, færir Argentína í greiðsluþrot. -gb

Samstarf meirihluta í höfn: Opna bókhald Hafnarfjarðar

STJÓRNMÁL Nýr meirihluti Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks í Hafnarfirði skrifaði undir samstarfssáttmála á miðvikudag.

Fram kemur í sáttmálanum að meirihlutinn hyggist opna bókhald bæjarins og láta gera óháða úttekt á fjárhagsstöðu hans.

Þá stefnir meirihlutinn að því að leita leiða til að hefja aftur starfsemi St. Jósefsspítala en honum var lokað árið 2011 þrátt fyrir mikla gagnrýni.

Rósa Guðbjartsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna, gegnir embætti formanns bæjarráðs og Guðlaug Kristjánsdóttir, oddviti Bjartrar framtíðar, er forseti bæjarstjórnar. -ssb

Líkar starfið sem forseti ASÍ: Gylfi sækist eftir endurkjöri

FÉLAGSMÁL Forseti ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, hefur tilkynnt að hann sækist eftir endurkjöri í embætti á þingi ASÍ í október.

Gylfi hefur gegnt embættinu síðan árið 2008, eða í sex ár. Í tölvupósti til starfsmanna sambandsins segir Gylfi meðal annars: „Aldrei þessu vant vafðist það aðeins fyrir mér eftir þennan stormasama vetur hvort ég ætti að gera það eða hvort komið væri að því að sinna einhverju öðru. Niðurstaða mín var að mér finnst þetta enn þá gaman.“

Varaforseti ASÍ, Signý Jóhannesdóttir, hyggst ekki bjóða sig fram til áframhaldandi setu. -ssb

LEIÐRÉTTING

Í frétt um að ekki skuli þvo hráan kjúkling var talað um kamflóbakterveirur. Hið rétta er að um bakteríur er að ræða.

Algjörlega óviðunandi fyrir Alþingi segir Hanna Birna

Lög voru sett á kjaradeilu Flugvirkjafélags Íslands og Icelandair á Alþingi. Innanríkisráðherra gagnrýndur fyrir að setja þrívægis lög á verkföll á þremur mánuðum. Flugvirkjar segja brotið á stjórnarskrárvörðum rétti sínum.

KJARAMÁL Frumvarp sem kveður á um að verkfallsaðgerðirnar sem Flugvirkjafélag Íslands hóf gegn Icelandair á mánudag verði óheimil var rætt á Alþingi í gær.

Í frumvarpinu var kveðið á um að deiluaðilar fengju frest til næstu mánaðamóta til að semja. Annars færi málið í gerðardóm.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra var flutningsmaður frumvarpsins. Hún sagði að nauðsynlegt hefði verið að grípa inn í deiluna vegna þess að samningaviðræður hefðu ekki borið árangur.

„Það er alltaf matskennt hvenær slík ákvörðun er tekin,“ sagði Hanna Birna og taldi heildarhagsmunir þjóðarinnar hafa skipt sköpum um ákvörðunina.

Helgi Hjörvar og Árni Páll Arnason, þingmenn Samfylkingarinnar, bentu á að Hanna Birna vildi í þriðja sinn á þremur mánuðum setja lög á verkfall og brjóta þannig á stjórnarskrárvörðum grundvallarréttindum fólks. Fyrst hefði hún sett lög á verkfall starfsfólks Herjólfss og síðan á verkfall flugmanna Icelandair.

Hanna Birna sagðist ekki skilja hvers vegna umræðan snerist um sig sem ráðherra.

„Við stöndum frammi fyrir því aftur og aftur að þurfa að blanda okkur í deilur á milli einstakra fagstétta og einkafyrirtækis. Það er algjörlega óviðunandi og er eitthvað sem atvinnurekendur og fyrirtæki á þessum markaði verða að hugleiða. Ég held að enginn vilji að Alþingi komi að málinu eins og núna er



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR Innanríkisráðherra sagði að heildarhagsmunir þjóðarinnar skiptu sköpum í ákvörðuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

búið að gerast alltof oft,“ sagði hún.

Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, og Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, kvörtuðu yfir því að þingskaparlögum hefði ekki verið framfylgt þegar ákveðið var að kalla þing saman.

Samtök ferðabjónustunnar sendu frá sér ályktun í gær þar sem þau sögðu lög á verkfallsaðgerðir flugvirkja vera „algjört neyðarárræði“.

„Á degi hverjum sem verkfall stæði yfir yrði fjárhagslegt tjón fyrir þjóðarbúið gífurlegt. Þegar stærsta ferðamannasamar sögunnar er hafið er óásættanlegt að fámennur hópur launþega geti stefnt stærstu útflutningsatvinnugrein landsins í voða með þeim hætti sem raun ber vitni,“ sagði í ályktuninni.

Flugvirkjafélag Íslands sendi frá sér yfirlýsingu þar sem það mótmælti harðlega ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Það sagði að brotið væri á stjórnarskrárvörðum rétti flugvirkja og gegn ákvörðun

„Á degi hverjum sem verkfall stæði yfir yrði fjárhagslegt tjón fyrir þjóðarbúið gífurlegt.“

Samtök ferðabjónustunnar.


Mannréttindasáttmála Evrópu um frelsi stéttarféлага til að semja um kaup og kjör.

Málið var ekki afgreitt þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld. freyr@frettabladid.is



ÁRNI PÁLL ARNASON

Veðurspá



HÆGLÆTISVEÐUR Í dag verður nokkuð bjart og úrkomulítið suðaustanlands en rigning eða súld í öðrum landshlutum. Á morgun og laugardag eru horfur á skúrum, síst SA-til. Kólnar lítillega í veðri næstu daga, einkum norðaustanlands.

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 27°	Friedrichshafen 24°	New York 28°
Apelna 32°	Gautaborg 17°	Orlando 29°
Basel 26°	Kaupmannahöfn 17°	Ósló 21°
Berlín 17°	Las Palmas 24°	París 23°
Billund 18°	London 20°	San Francisco 18°
Frankfurt 21°	Mallorca 30°	Stokkhólmur 19°

Á MORGUN
NV- eða breytileg átt, víða 2-6 m/s.

LAUGARDAGUR
Hæg breytileg átt og stöku skúrir.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður



Beltone First™ Snjallara heyrnartæki



Nýja Beltone First™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu og prófaðu, það er engu líkt!

heyrnarstodin.is


HEYRNARSTÖÐIN



Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc. Skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

Auglýsingaábyrgðingur FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Sturtuklefar í úrvali!



Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is 



- fyrir þitt heimili

VEISTU SVARID?



1. Hvað fjölgaði rjúpum mikið milli 2013 og 2014?
2. Hvað heitir krónprinsessa Svíþjóðar?
3. Hver er borgarlistamaður 2014?

SVÖR:
1. Um 41 prósent.
2. Viktoria.
3. Gunnar Þórðarson.

Sturla Böðvarsson, fyrrverandi forseti Alþingis og samgönguráðherra, vill fjölga íbúum í Stykkishólmi: Aftur orðinn bæjarstjóri eftir 23 ára hlé

Sturla Böðvarsson, fyrrverandi samgönguráðherra, tók við starfi bæjarstjóra í Stykkishólmi á nýjan leik á fyrsta fundi nýrrar bæjarstjórnar í ráðhúsi Stykkishólms á mánudag. 23 ár eru liðin síðan Sturla gegndi embættinu síðast, eða árið 1991.

„Þetta leggst bara vel í mig. Þetta er fyrsti vinnudagurinn formlega. Ég er að setja mig inn í málin og fara yfir það sem liggur fyrir,“ segir Sturla. Aðspurður segir hann að mjög mikið hafi breyst í bænum síðan hann var síðast bæjarstjóri. „Mestu breytingar voru kannski á meðan ég var samgönguráðherra og gat séð til þess að það yrðu sæmilegar

samgöngur hingað,“ segir hann. „En það sem hefur auðvitað breyst er að hörpuðiskurinn hætti að veiðast hérna, sem hafði mikil áhrif á atvinnulífið, á meðan ferðaþjónustan hefur vaxið. Fjölbrotaskóli Snæfellinga er núna starfræktur sem þýðir að unglíngarnir fara ekki í burtu,“ segir hann.

„Eitt af stóru viðfangsefnum bæjarstjórnar er að íbúum hefur fækkað og ég vona að okkur takist að snúa þeirri þróun við. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að hlusta á forsætisráðherra tala á Austurvelli um nauðsyn þess að standa vörð um hinar dreifðu byggðir.“



TEKUR VIÐ LYKLA-VÖLDUM
Lára Astmar Hannesdóttir afhendir Sturlu lykklavöldin að bæjarskrifstofunum í Stykkishólmi.
MYND/SUMARLÍDI



FILIPPUS Tók við konungstígn á Spáni á miðnætti.

NORDICPHOTOS/AFP

Filippus tekur við krúnunni: Enginn íburður í miðri kreppu

SPÁNN, AP Jóhann Karl er ekki Spánarkonungur lengur því sonur hans, Filippus, tók við af honum á miðnætti. Athygli vakti að athöfnin var tiltölulega látlaus, að minnsta kosti sé miðað við það sem gengur og gerist á meðal kóngafólks.

Hvorki erlendur kóngafólki né öðrum erlendum þjóðhöfðingjum var boðið til veislu. Veitingar voru hóflegar: smáréttir að spænskum hætti og freyðivín frá Katalóníu. Og gestir þurftu að snæða standandi.

Filippus virðist gera sér far um að forðast óhóf í miðri efnahagskreppunni.

-gb

Nýr samningur undirritaður: Standa vörð um innanlandsflug

STJÓRN MÁL Meirihluti L-listans, Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar á Akureyri hefur gert með sér samstarfssamning. Stjóðjast á við kynjaða fjárlagagerð og auka á stöðugleika í rekstri bæjarins.

Þá stefnir meirihlutinn að því að byggja umferðarmiðstöð fyrir lok kjörtímabilsins. Auk þess er áhersla lögð á að standa vörð um innanlandsflug. Lokið verður við byggingu Sjónlístamiðstöðvar og stefnt að því að hækka frístundastyrk í 25 þúsund krónur fyrir börn yngri en átján ára.

-ssb

Jarðarberin lykkillinn að frekari kynbótum

Vísindamenn freista þess að fá innsýn í hvernig plöntur aðlagast aðstæðum hér á landi með því að skoða erfðamengi villtra íslenskra jarðarberja. Gæti leitt í ljós hvers vegna berin finnast villt hér á landi en ekki í Færeyjum og á Grænlandi.

NÁTTÚRA Villt íslensk jarðarber geta gefið innsýn í hvernig plöntur hafa aðlagast aðstæðum á Íslandi. Vonir standa til þess að hægt verði að nota niðurstöður viðamikillar rannsóknar sem unnin er í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri til að kynbæta nytjaplöntur fyrir aðstæður á norðurlóðum.

„Með því að skoða breytileika í plöntum eftir uppruna þeirra má skilja hvernig þessar villtu plöntur hafa aðlagast dægursveiflunni á norðurlóðum,“ segir Jón Hallsteinn Hallsson erfðafræðingur, dósent við auðlindadeild Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Hann segir að vonir standi til þess að hægt verði að nota þá þekkingu til að finna aðferðir til að kynbæta tegundir sem ekki þola aðstæður hér á landi.

Verkefninu er ætlað að svara mörgum spurningum, en ein af þeim er ráðgátan um uppruna villtra jarðarberja á Íslandi. Jón segir alls óvíst hvernig berin hafi komist til Íslands, en þau er hvorki að finna á Grænlandi né í Færeyjum. Ein kenning sé sú að fuglar hafi borið fræ frá meginlandi Evrópu, en það skýrir ekki hvers vegna engin jarðarber vaxa villt í Færeyjum og á Grænlandi.

Jón segir ólíklegt að berin sem vaxi villt á Íslandi hafi lifað af síðustu ísöld, en komast megi að hinu sanna með því að bera saman erfðamengi þeirra og villtra jarðarberja í öðrum löndum.

Ein kenning til viðbótar er sú að



VILT JARÐARBER Í Noregi er fólk hvatt til að senda þurrkuð jarðarber til rannsóknar á Hvanneyri.

menn hafi komið með jarðarberin hingað til lands, mögulega snemma eftir landnám.

Til að svara spurningum um uppruna jarðarberjanna hér á landi er lögð mikil áhersla á að bera saman íslensku berin og ber frá Noregi og Bretlandi. Hafið er sérstakt átak í Noregi þar sem fólk er hvatt til að senda þurrkuð jarðarber í pósti til Hvanneyrar.

Jón segir ekki útilokað að rannsóknin leiði í ljós hvort landnámsmenn frá Noregi hafi haft berin með sér, eða að þrælur sem þeir tóku á Bretlandi beri ábyrgð á þessari bragðgöðu viðbót við íslenska flóru. Jón segir þó allt of snemmt



JÓN HALLSTEINN HALLSSON

Ber vaxa víða villt

Vilt jarðarber má finna víða um land, þótt þau séu algengust sunnan- og vestanlands. Berin vaxa villt bæði austanhafs og vestan, í Bandaríkjunum og í Evrópu allt austur til Rússlands. Jarðarber henta vel til erfðafræðilegra rannsókna þar sem erfðamengi þeirra hefur verið kortlagt að fullu, og er fremur einfalt.

að spá fyrir um niðurstöðurnar, og ekki einu sinni ljóst að munurinn á berjunum sé svo mikill að hægt verði að greina uppruna íslenskra jarðarbersins með slíkri nákvæmni.

brjann@frettabladid.is



SIGURÐUR INGI JÓHANNESSON Umhverfisráðherra vill draga úr myglusvepp.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ráðherra skipar starfshóp: Skoða regluverk um myglusvepp

HEILBRIGÐISMÁL Starfshópur sem endurskoðar á lög og reglur með tilliti til myglusvepps og þess tjóns sem hann getur valdið hefur verið skipaður af Sigurði Inga Jóhannssyni, umhverfis- og auðlindaráðherra.

„Hlutverk starfshópsins er meðal annars að skoða lög og reglugerðir á sviði byggingarmála og þær kröfur sem þar eru gerðar til byggingarvара og viðmannvirkjagerð. Þá á hópurinn að fara yfir eftirlit stjórnvalda og leiðbeiningar og fræðslu til fagaðila í ljósi þess vanda sem myglusveppur í húsnæði getur valdið,“ segir í tilkynningu frá umhverfisráðuneytinu.

-gar

Atvinnulífið krefst umbóta: Tollakerfið er óskiljanlegt

TOLLAMÁL „Íslenska tollakerfið er óskiljanlegt fyrir hinn almenna neytanda,“ segir Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

Félagið kynnti í gær svokallað ólukkuhjul með sextán dæmum um tolla og vörugjöld.

„Þetta er frumskógur og það er ekki á valdi neytenda að skilja hvernig kerfið er uppbyggt,“ segir Almar.

-þþ




SUMARKAFFIÐ 2014:

AFRÍKUSÓL

- VEITIR GLEÐI OG YL

Afríkusól frá Rúanda. Dökkir Afríkuskuggar eru mjúkir og yndislegir í þessu kaffi. Hentar í allar gerðir uppáhellingar.

kaffitar.is



TAX FREE

DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SKÓM
OG HERRAFATNAÐI
19.-23. JÚNÍ.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 23. júní.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VARÐTURN Í GUANTANAMO Um 150 manns eru enn hafðir þar í haldi.

NORDICPHOTOS/AFP

Guantanamo-fangi ákærður eftir langa fangavist:

Hefur verið sjö ár í haldi án ákæru

BANDARÍKIN, AP Abd al Hadi al Araqí hefur verið ákærður fyrir stríðsglæpi, meira en sjö árum eftir að hann var tekinn fastur og fluttur til fangabúða Bandaríkja-hers á Kúbu.

Hann á yfir höfði sér allt að ævilongu fangelsi.

Hadi er 53 ára gamall Íraki. Ákæran er í fimm liðum og snúast þeir allir um að hann hafi skipu-lagt ársir á hermenn Bandaríkja-hers og annarra hersveita úr fjölþjóðaliðinu í Afganistan.

Hadi var handtekinn í Tyrklandi árið 2007.

Frá árinu 2002 hafa nærri 800 fangar verið geymdir árum saman í Guantanamo-búðunum á Kúbu, langflestir án þess að hafa verið ákærðir fyrir eitt né neitt, hvað þá að réttað hafi verið í máli þeirra. Rúmlega sex hundruð þeirra hafa verið látnir lausir, en enn eru þar nærri 150 manns hafðir í haldi. Yfirvöld hafa fallist á að láta megi um helming þeirra lausan, en óvíst er hvenær af því verður.

Átta fangar hafa verið dæmdir sekir um stríðsglæpi, en réttarhöldum í máli sex annarra er ólokið. -gb

Maliki segir herlið sitt snúa vörn í sókn

Harðir bardagar geysa enn í Írak þar sem uppreisnarmenn hafa náð stóru svæði á sitt vald. Maliki forsætisráðherra sagði stjórnarherinn hafa náð frumkvæðinu á ný. Bandaríkjaforseti ræddi í gær við leiðtoga þingsins um hugsanleg viðbrögð.

ÍRAK, AP Íraskar hersveitir áttu í gær í bardögum við uppreisnarmenn, sem gerðu atlögu að helstu olíuhreinsunarstöð landsins.

Núri al Maliki forsætisráðherra ávarpaði þjóðina í sjónvarpi og virtist vera harla bjartsýnn. Hann hét því að kenna árásumönnum lexíu og sagði stjórnarherinn vera að snúa vörn í sókn: „Við höfum nú hafið gagnsókn, náð frumkvæðinu og erum að svara árásum,“ sagði hann.

Uppreisnarsveitir herskára súnni-múslima hafa á stuttum tíma náð stórum hluta Íraks á sitt vald og mættu framan af lítilli mótspyrnu af hálfu stjórnarhersins. Hinir herskáu íslamistar vilja stofna nýtt íslamskt ríki súnni-múslima sem næði yfir Írak, Sýrland og helst Palestínu líka.

Sjálfbóðaliðar hafa nú gengið til liðs við stjórnarherinn, auk þess sem Maliki hefur óskað eftir aðstoð frá Bandaríkjunum og Íran.

Barack Obama Bandaríkjaforseti ræddi í gær við leiðtoga þingsins um hugsanleg viðbrögð, en hann hefur verið tregur til að blanda Bandaríkjunum í þessi átök. Helst þykir koma til greina að Bandaríkjaher geri loftárásir, en óljóst er að hvaða skotmörkum þær ættu að beinast.

Mörgum bandarískum stjórnmálamönnum hrýs einnig hugur við



FÓLKID FLÝR Meðan bardagar geisa flýr almenningur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

því að Bandaríkjaher þurfi að fara að starfa með Íransher gegn uppreisnarmönnum í Írak. Maliki þykir hins vegar eiga vísan stuðning frá Íran, en Íranar eru sjá-múslimar rétt eins og Maliki og stjórn hans.

Leiðtogar Sáði-Arabíu og annarra Persaflóaríkja, þar sem súnni-múslimar ráða ríkjum, virðast hins vegar ætla að bíða átekt. Þeir myndu fagna brotthvarfi Malikis, ekki síst ef súnni-múslimar næðu völdum fari hann frá.

„Þeir hata allir al Maliki og þeir hata allir Íran. Þeir vilja sá hvernig hlutirnir þróast,“ hefur AP-fréttastofan eftir ónafngreindum bandarískum embættismanni.

Þeim væri hins vegar ekki síður

„Við höfum nú hafið gagnsókn, náð frumkvæðinu og erum að svara árásum.“

Núri al Maliki, forsætisráðherra Íraks.

illa við hernaðarafskipti Bandaríkjanna til stuðnings Maliki. John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, átti í vikunni símtöl við leiðtoga eða utanríkisráðherra frá Sáði-Arabíu, Kúveit, Katar og Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Allir lýstu þeir yfir eindreginni andstöðu við að Bandaríkin taki til við að styðja Maliki gegn uppreisnarmönnum. gudsteinn@frettabladid.is

Sætar franskar frá McCain

Vinsælar hjá Íslendingum í mörg ár



Sætu kartöflurnar frá McCain eru ómótstæðilega bragðgóðar. Þú skellir þeim í ofninn og áður en þú veist af hefurðu töfrað fram girnilegt og gómsætt meðlæti. Prófaðu núna!



SKIPTING ÚKRAÍNU Kona í Donetsk heldur á lofti blaði með korti af Úkraínu, sem skipt hefur verið í tvennt og heitir austurhlutinn Nýja-Rússland. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Úkraínuforseti skiptir um utanríkisráðherra:

Boðar vopnahlé í austurhluta Úkraínu

ÚKRAÍNA, AP Petro Porosjenkó, hinn nýi forseti Úkraínu, boðar einhliða vopnahlé í austurhluta landsins. Hann segir að stjórnarherinn muni hætta öllum aðgerðum gegn uppreisnarmönnum, til þess að gefa þeim færi á að leggja niður vopn.

Porosjenkó tók hins vegar fram að vopnahléið yrði stutt. Hann reiknaði með því að uppreisnarmenn brygðust skjótt við og legðu strax niður vopn.

Þá rak Porosjenkó í gær utanríkisráðherra sinn, sem hafði hneykslað Rússa með því að fara ófögrum orðum um Vladímír

Pútín Rússlandsforseta. Uppreisnarmenn í austurhlutanum, sem vilja aukna sjálfstjórn og margir hverjir sameiningu við Rússland, hafa hins vegar engan bilbug látið á sér finna.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, fagnaði yfirlýsingu Porosjenkós en var þó varfærinn í orðum.

Fari svo að uppreisnarmenn leggi niður vopn og fái, þeir sem það kjósa, að fara óhindrað úr landi, þá gætu bæði Pútín og Porosjenkó lýst yfir því að markmiðum þeirra væri náð.

-gb

AAB EINKUNN

1200 SNÚNINGA

XL 7 KG

TimeManager
Þú ræður tímalengd kerfisins

Electrolux
EWP-1274TDW Þvottavél
Vinsæl heimilislífa frá Electrolux, hlaðin þægindum og nútíma tækni.
✓ 1200 snúninga stillanlegur vinduhráði
✓ 14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna hraðkerfi, ullakerfi og handþvottur.
✓ 0-19 klst framstillt ræsing.
✓ TimeManager tímastjórnun - þú ákveður þvottatímann - sparaðu allt að 60% tíma.
✓ A++/A/B orkunýtni, þvottagæði og vinda.
✓ Fullt verð kr. 109.900.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 74.900
SPARAÐU 35.000

Rakaskynjun
Stoppar þegar þvottur er þurr

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 79.900
SPARAÐU 20.000

XL 7 KG **BARLAUS** **RAKASKYNNJARI** **HLJÓÐMERKI**

Electrolux
ESF-6200LOW Uppþvottavél
Sparneytin og vönduð vél með öllum helstu þvottakerfum.
✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. almnt. 30 mínútna, hraðkerfi, sparnaðakerfi og 70°C pottakerfi.
✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni/þvottagæði/þurrk.
✓ Framstillt ræsing möguleg um 3 klst.
✓ HxBxD: 85 x 59,6 x 59 cm.
✓ Fullt verð kr. 84.900.

AAA EINKUNN

Hraðval
Þvoðu fulla vél á 30 mínútum

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 69.900
SPARAÐU 15.000

HRADVAL

Electrolux
EDC-1072LDW Barkalaus þurrkari
Barkalaus þéttþurrkari með fullkomnum rakaskynjara og 14 mismunandi þurrkerfum.
✓ Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara.
✓ XXL hurðaröppun
✓ Hljóðmerki þegar þurrki lýkur.
✓ Möguleiki á framstilltri ræsing.
✓ Tromla snýst til beggja átta.
✓ Tekur allt að 7 kg.
✓ Fjölmörg sérkerfi fyrir nær allar gerðir af tauti.
✓ Fullt verð kr. 99.900.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 129.900
SPARAÐU 20.000

200 CM HÁR **XL** **285L** **92L** **FINGRAFÖR**

ZANUSSI Zanussi er dótturmerki Electrolux

ZCV-664MX Eldavél
Eldavél í burstuðu stáli með keramik helluborði og XXL blástursofni.
✓ Blástursofn 7 eldunarkerfi með blæstri, grilli og undir- og yfirhita ásamt.
✓ 4 hellur þ.á.m. ein XXL hella.
✓ Þrefalt gler í ofnhurð.
✓ Orkuflökkur A.
✓ Rúmmál ofns 69 lítrar (nettó).
✓ 2 bökunarplötur, 1 djúp skúffa og 1 grind fylgir.
✓ Barnalæsing.
✓ HxBxD: 90/85 x 59,5 x 60 cm.
✓ Fullt verð kr. 149.900.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 119.900
SPARAÐU 30.000

BLÁSTUR **XL OFN** **BARNALÆSING**

exquisit
GS-72 Frystiskápur
65 lítra kista í A+ orkuflökki
✓ HxB: 85 x 50 cm.
✓ 3 skúffur

GT-111 Frystikista
95 lítra kista í A+ orkuflökki
✓ HxB: 85 x 54 cm.
✓ Fullt verð kr. 54.900.

PR. STK
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 39.900
VERÐFALL VIKUNNAR

VIKUNA 19.-26. JÚNÍ
VERÐFALL VIKUNNAR

exquisit
KS-15-1A Kælikápur
Flottur skápur í bústaðinn
✓ -18°C frýstir ****
✓ 14 lítra frýstihólf.
✓ Orkuflökkur A+
✓ HxBxD: 85 x 55 cm.
✓ Fullt verð kr. 59.900.

-18°C frýstir
Með hámarksgeymslugetu

KYNNINGARVERÐ KR. 33.333
45% AFSLÁTTUR

85 CM HÁR

AEG
CE-1400B Ryksuga
Ryksuga með nýjustu mótortækni sem notar eingöngu 1400W en skilar afli á við 2200W ryksugu. Hljóðlátari og endingarbetri mótör.
✓ Oragnasía.
✓ Örtrefjapakar - betri síun, hreinni útblástur.
✓ Stillanlegur sogkraftur.
✓ Innbyggð fylgihlutageymsla.
✓ Samandraganlegt XL stálskaft.
✓ Áður kr. 19.990

Skilar 2200W
Notar aðeins 1400W orku

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 14.990
25% AFSLÁTTUR

ORKU SPARANDI **9,5M VINNU-RADIUS** **HLJÓÐLÁT**

AEG
BP-3003001M Ofn kámfritt stál
Nýr XXL 74 lítra ofn með klukku og Pyrolyse brennslusjálfrænsun
✓ 9 eldunarkerfi þ.á.m. eka heitur blástur, pizzakerfi, stórt/lítið grill/gratiner og affrýsting
✓ Thermic[®]Air blásturstækni og rafeindastýrð hitastýring tryggja óviðjafnanlega hitadreifingu.
✓ XXL 74 lítra ofn - 28% stærri en venjulegur ofn
✓ IsoFront[®] ofnhurð með fjórföldu gleri.
✓ Útdraganlegar brautir - fyrir eina plötu/skúffu
✓ Pýrólískur sjálfhrensibúnaður - ofninn læsist og brennir upp til agna fitu og óhreiniindi við 500°C.
✓ FloodLight[™] flóðlýsing í ofninum
✓ Fullt verð kr. 189.900.

XXL 74 L **KÆLD HURÐ**

Pyrolyse ofn
100% sjálfhrensandi

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 159.900
SPARAÐU 30.000

ALLT AÐ
50% AFSLÁTTUR AF ELECTROLUX SMÁTEKJUM
Sjáðu allt úrvalið á www.rafha.is

1) Handryksuga
Kr. 9.990. Kr. 4.995 með 50% afsl.

2) Kaffivél með thermokönnu
Kr. 19.990. Kr. 14.990 með 25% afsl.

3) Hraðsuðukanna
Kr. 8.990. Kr. 5.990 með 34% afsl.

4) Brauðrist
Kr. 11.990. Kr. 5.995 með 50% afsl.

AEG
HK-854220FB Spanhelluborð
78 cm breitt spanhelluborð með flottum aflóandi glerkanti. XXL 30 cm hella og allar 4 hellurnar með Booster háhraða.
✓ Sparaðu tíma og peninga með spantækni.
✓ minni þríf, meira öryggi, nákvæmari hiti.
✓ Direct Touch beinval.
✓ Snertitakkar með LED skjá
✓ Fullt verð kr. 219.900.

XXL spanhella
30 cm hella með 3700W afli

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 159.900
SPARAÐU 60.000

POWER BOOST **SNERTITAKKAR**

Rafha ehf
Opið
virka daga 9-18
laugardaga 11-17
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Gjaldtaka við ferðamannastaði í landi eigenda Reykjahlíðar hafin

Landeigendafélag Reykjahlíðar hóf í gær gjaldtöku á tveimur svæðum. Hið opinbera mun kosta uppbyggingu á göngustígnum við hverina austan Námaskarðs, þar sem gjaldtakan verður. „Snýst ekki um almennarétt,“ segir Ólafur H. Jónsson, forsvarsmáður gjaldtökunnar.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



FERÐAÞJÓNUSTA Landeigendafélag Reykjahlíðar ehf. hefur hafið gjaldtöku af ferðamönnum á tveimur svæðum í landi sínu austan Mývatns. Ferðamannastaðirnir sem um ræðir eru Leirhnjúkur við Kröflu og hverirnir austan Námaskarðs. Til stóð í upphafi að hefja einnig gjaldtöku við Dettifoss, en landeigendafélagið og Vatnajökulsþjóðgarður komust að samkomulagi um að fresta gjaldtöku þar um eitt ár.

Gjaldið fyrir hvern ferðamann, til þess að berja þessa staði augum, verður 800 krónur á hvorn stað fyrir sig svo ferðamenn verða að reida fram 1.600 krónur ef ætlunin er að skoða staðina sem eru í landi Reykjahlíðar.

„Snýst ekki um almennarétt“

Ólafur H. Jónsson er forsvarsmáður einkahlutafélagsins Landeigendafélag Reykjahlíðar ehf. sem heldur utan um þessa gjaldtöku. Hann telur gjaldtökuna brýna nauðsyn til að geta lagað það land sem ferðamenn hafa troðið niður og eyðilagt. Hann gefur lítið fyrir þau rök að verið sé að hefta frjálsa för fólks um landið.

„Við munum vera við gjaldtöku á svæðinu milli klukkan átta á morgnana og til miðnættis. Kostnaðurinn er ekki mikill, og ríkissjóður tekur fjórðung af gjaldinu í virðisaukaskatt. Þeir útlendingar

sem við höfum rætt við eru afar hrifnir af þessu framtaki og eru ekkert að kippa sér upp við gjaldtöku og finnst hún eðlileg,“ segir Ólafur.

„Hingað koma um 60 skemmtiferðaskip til okkar, og allt eru það seldar ferðir inn á okkar land, þetta snýst ekkert um frjálsa för fólks heldur flutning á fólki inn á okkar svæði þar sem einhverjir græða á meðan við þurfum að borga alla uppbyggingu. Þetta er löngu komið út fyrir einhvern almennarétt. Jónsbók var ekki hugsuð um það að selja þúsundum ferðamanna ár hvert inn á svæði í einka-eigu,“ segir Ólafur.

Skattfé notað til uppbyggingar

Í lok maímánaðar veitti framkvæmdasjóður ferðamannastaða tíu milljónir króna til þess að endurgera og laga göngustíga við hverina austan Námaskarðs, þá sömu göngustíga og einkahlutafélagið ætlar að hefja gjaldtöku á.

Þegar Ólafur var spurður hvort það orkaði ekki tvímælis að fá fé frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða til uppbyggingar á sama tíma og gjaldtaka færi fram á svæðinu sagðist hann ekki hafa séð þá peninga koma til sín og að Skútustaðahreppur myndi fá það fjármagn en ekki landeigendur.

„Við munum ekki taka við fjármagni með einhverjum kvöðum frá hinu opinbera. Ég ítreka að landeigendur sóttu ekki um þann styrk heldur Skútustaðahreppur. Það er svo hans að svara fyrir það.“

sveinn@frettabladid.is



ÓLAFUR H. JÓNSSON

„Þetta snýst ekkert um frjálsa för fólks heldur flutning á fólki inn á okkar svæði þar sem einhverjir græða á meðan við þurfum að borga alla uppbyggingu,“ segir forsvarsmáður Landeigendafélags Reykjahlíðar.

MYND/VÖLUNDUR JÓNSSON



GJALDTAKA AUSTAN NÁMASKARÐS

Uppsettur aðgangseyrir við hverina í Námaskarði er 800 krónur.

MYND/VÖLUNDUR JÓNSSON

Ný sveitarstjórn vill ekki gjaldtöku

Yngvi Ragnar Kristjánsson, oddviti Skútustaðahrepps, er ósáttur við framgöngu landeigendafélagsins. „Við í sveitarstjórn erum alfarið á móti gjaldtöku af ferðamönnum í þessu formi. Ég vil ekki sjá einhverja varðturnamenningu hér á þessu svæði,“ segir Yngvi.

Þegar Yngvi er spurður út í það fjármagn sem Skútustaðahreppur fékk til uppbyggingar í landi Reykjahlíðar segist hann vilja skoða málið betur. „Við þurfum að fara yfir málið með ráðuneytinu um hvernig þetta eigi að vera. Við erum á móti þessu offorsi landeigenda og við verðum að skoða málið út frá öllum hliðum. Mér þykir afar leitt að þessi staða sé komin upp. Hins vegar sjáum við sem búum á svæðinu að landið lætur undan ásókn ferðamanna, en við verðum að sjá hvort aðrar leiðir séu færar en þessi,“ segir Yngvi.

Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Skútustaðahrepps og eigandi fjórðungshlutar í landi Reykjahlíðar, vildi ekki tjá sig við blaðamann Fréttablaðsins vegna málsins, hvorki fyrir hönd sveitarfélagsins sem hún stýrir né landeigendafélagsins, þar sem hún situr sem formaður.

→ Mikilvægt að málið klárast fljótt

Fundaröð Samtaka ferðaðþjónustunnar vegna gjaldtöku til uppbyggingar á ferðamannastöðum hófst í gær. Fundað var á Akureyri og Egilsstöðum. Í dag heldur fundaröðin svo áfram í Borgarnesi og á Selfossi og á morgun verður fundað í Reykjavík.

Aðspurð segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaðþjónustunnar, að samtökin séu á ferð og flugi til að hitta félagsmenn sína þessa dagana. „Þetta er sannarlega brýnt mál sem hefur verið mikið í umræðunni síðustu misseri og mikilvægt að klárast fljótt í breiðri sátt allra hlutaðeigandi,“ segir Helga.

„Miklu máli skiptir að horft sé til heildstæðra lausna hvað varðar uppbyggingu ferðamannastaða með hagsmunum allra að leiðarljósi, landeigenda, ferðaðþjónustunnar sem og annarra.“

Áttu fund með landeigendum

Samtök aðila í ferðaðþjónustu (SAF) áttu í gær fund með Landeigendafélagi Reykjahlíðar vegna áforma einkahlutafélagsins um gjaldtöku á svæðinu. Þann fund sat meðal



annars Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Skútustaðahrepps og stærsti eigandi landsins í Reykjahlíð.

Að sögn Helgu Árnadóttur, framkvæmdastjóra SAF, viðruðu samtökin þá skoðun sína að þessi gjaldtaka væri ekki til hagsbóta fyrir ferðaðþjónustuna í heild.

„Ferðamenn sem hingað koma til landsins vilja nota víðernisins og ósnortinnar náttúru.

Á þessum fundi fórum við yfir okkar afstöðu. Við teljum það ekki vera æskilega þróun að hver landeigandi fyrir sig hefji gjaldtöku á sínu svæði heldur að reyna að finna heildstæða lausn á viðfangsefninu,“ segir Helga Árnadóttir.

25%

afsláttur

af öllum styrkleikum og pakkningastærðum

NÝTT

Nicotinell

Lyf & heilsa
við hlustum!



JÖKULLÓN
Ráðuneyti tekur undir með siglingafyrirtæki.
FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Ákvörðun um siglingabúnað á jökullóni ógilt: Þarf ekki stýrispúlt við jökullónssiglingu

FERÐAÞJÓNUSTA Fyrirtækið Fjallsárlón þarf ekki að vera með stýrispúlt á bátum sem notaðir eru til útsýnissiglinga innan um ísjaka á Fjallsárlóni. Þetta er niðurstaða innanríkisráðuneytisins sem þar með varð við kröfu Fjallsárlóns ehf. og felldi úr gildi ákvörðun samgöngustofu.

„Það er mat ráðuneytisins að gögn málsins beri með sér að nokkur vafi leiki á því hvort framkvæmanlegt sé að setja stýrispúlt í bátana þar sem líkur séu á því að lítið sem ekkert pláss verði fyrir farþega sé það gert.“

DEBENHAMS

*Gerðu lífið
skemmtilegra*

BAKER
BY TED BAKER


J
JASPER CONRAN

JEFF BANKS
LONDON

principles
BY BEN de LISI

ROCHA. JOHN ROCHA

STAR
BY julienmacdonald




30%
AFSLÁTTUR

AF SUMARVÖRUM
FRÁ DEBENHAMS
HÖNNUÐUM

DÖMUR HERRAR BÖRN SKÓR TÖSKUR

Opið 11 - 21 í kvöld
NÝTT KORTATÍMABIL

 Finndu okkur á facebook


DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



1 SKOÐA HEIMINN Þessir bengaltígurskettlingar skoðuðu sig um á góðum degi nærri Ochernhausen í Þýskalandi. Þeir fæddust 8. maí. NORDICPHOTOS/AFP



2 HEIMILISLAUS Þessi litla stúlka missti heimili sitt, eins og fjölmargir aðrir múslímfar, í óeirðum í Alutgama-héraði á Srí Lanka. NORDICPHOTOS/AFP



3 MÓTMÆLTU VIÐ RÁÐUNEYTI Opinberir starfsmenn mótmæltu fyrir utan fjármálaráðuneyti Grikklands í Aþenu á meðan á sólarhringsverkfalli sjúkráhusstarfsmanna stóð í gær. NORDICPHOTOS/AFP



4 FLÝJA BARDAGA Írösk kona kælir dóttur sína í tímabundnum flóttamannabúðum sem hefur verið komið upp í Norður-Írak til að taka á móti fólki sem hefur flúið átökin í landinu undanfarna daga. NORDICPHOTOS/AFP

Neyðarákall
fyrir börn í Suður-Súdan

Sendu sms-ið **BARN** í númerið 1900 og gefðu 1.900 krónur

Þín hjálp skiptir máli



5 ÓSÁTTUR VIÐ VERKFALL Maður sem virtist heldur ósáttur við verkfall starfsmanna ríkislestarfélagsins SNCF í Frakklandi lét starfsmennina finna til tevatnsins. Verkfallið hefur staðið í á aðra viku. NORDICPHOTOS/AFP

Chris Pine

GIORGIO ARMANI



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GIORGIO ARMANI VÖRUM 19. – 25. JÚNÍ.
Glæsilegir Giorgio Armani kaupaukar.

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla

FRÓÐLEIKUR OG FERÐALÖG GAGN OG GAMAN Í FRÍÐ




Úti að hlaupa
Verð kr: 3.999.-



Fjallabókin
Verð kr: 5.499.-



Átta gönguleiðir
Verð kr: 3.499.-




155 Ísland
Áfangastaðir í alfaraleið
Verð kr: 5.499.-



Sérhæfð kort - 3 tegundir
Plöntukort / Jarðfræðikort /
Fuglakort
Verð kr: 1.999.-




Íslandskort barnanna
Verð kr: 1.299.-



Kortabók
Verð kr: 3.999.-



Stjörnubók - 3 tegundir
Setningar / Stafirnir /
Litlir og stórir stafir
Verð kr: 1.099.-



Hvert á land ert þú á leið?

Sérsmiðin og ítarleg kort af hverjum landshluta fyrir sig. Láttu ekkert framhjá þér fara í ferðalaginu.

5% aukaafsláttur af ÖLLUM
VÖRUM einnig tilboðum



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni

Álfabakka 14b, Mjódd
Laugavegi 77
Smáralind



VINSÆL VARA!


Íslenskur fuglavísir

Verð kr: 4.999.-



Íslenska steinabókin

Verð kr: 4.999.-




Íslenskir fiskar

Verð kr: 5.499.-




Mamma segir

Verð kr: 3.299.-




Þessi týpa

Verð kr: 3.299.-



Heilbrigði trjágróðurs

Verð kr: 3.999.-



Jarðfæðilykill

Verð kr: 4.999.-



Piparkökuhúsið

Verð kr: 3.299.-



Eða deyja ella

Verð kr: 3.299.-




Uppreisn

Verð kr: 3.299.-



20 tilefni til dagdrykkju

Verð kr: 3.299.-



Bragð af ást

Verð kr: 3.299.-

Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Sumarlestur bókasafnsins: Bókaverðlaun í hverri viku

Borgarbókasafnið efnir að venju til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók er fylltur út miði með mynd af skeifu Sleipnis og honum skilað í kassa sem eru í öllum söfnum Borgarbókasafnsins.

Ein bókaverðlaun verða veitt vikulega og í lok sumars fær einn þátttakandi vegleg verðlaun.

Á vef Borgarbókasafns er bent á að svo sé náttúrulega alltaf gaman að hanga á söfnunum og kíkja í nýjustu bækurnar eða tímaritin eða athuga með nýjar myndir og tónlist.



Á BÓKASAFNI Í lok sumars fær einn þátttakandi í sumarlesturinn vegleg verðlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rannsókn vísindamanna í Þýskalandi á 24 þúsundum launþegum: Yfirmaður getur spilt heilsunni

Aukin hætta er á að launþegar veikist ef þeir fá símtal og tölvupóst frá vinnustaðnum á meðan þeir eru í fríi. Þetta eru niðurstöður rannsóknar þýskra vísindamanna við Háskólann í Oldenburg þar sem skoðuð voru gögn um 24 þúsund launþega sem fengin eru frá European Working Conditions Survey.

Rannsóknin leiddi í ljós að 16 til 23 prósentu meiri líkur voru á heilsuvanda hefði vinnustaðurinn samband við launþega á meðan þeir voru í fríi. Vísindamennirnir

skoðuðu hvort munur væri á heilsu þeirra sem samþykkt höfðu að haft væri samband við þá og þeirra sem ekki höfðu samþykkt slíkt. Munurinn reyndist vera enginn, að því er danskir fjölmiðlar greina frá.

Danski sálfræðingurinn Henrik Tingleff kveðst ekki undrandi á niðurstöðunum. Mörkin á milli vinnu og frís séu engin hjá of mörgum. Það sé ekki símtalið sjálft eða tölvupósturinn sem valdi „hættu“. Það sé hins vegar slítandi þegar menn eru aldrei almennilega í fríi.



SÍMTÖL Fá launþegi símtal eða tölvupóst úr vinnunni á meðan hann er í fríi getur það spilt heilsu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tímabæart að stytta vinnuvikuna

Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla segir Íslendinga geta stytta vinnuvikuna eins og aðrar þjóðir án þess að skerða launin. Spurning um það í hvers konar samfélagi við viljum ala börnin upp. Sameiginlegt verkefni allra hlutaðeigandi. Foreldrar sífellt í kapphlaupi við tímann.

„Atvinnulífið þarf að veita foreldrum nauðsynlegt svigrúm til að hugsa um fjölskylduna. Þess vegna fagna ég öllum tillögum sem komið hafa fram að undanförunu um styttingu vinnudagsins. Ýmsar aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við hafa stytta vinnudaginn. Við erum ekkert öðruvísi og hljótum að geta gert það líka. Það er klárlega börnunum okkar fyrir bestu að við séum ekki svona lengi í vinnunni,“ segir Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla. Hún bendir á að í mars síðastliðnum hafi meðalfjöldi unninna vinnustunda á Íslandi verið 41,3.

„Yfirvöld í Gautaborg í Svíþjóð eru að skoða styttingu vinnuvikunnar í 30 stundir í stað 40 klukkustunda. Lítið er á þetta sem tilraunaverkefni sem gengur út á að skoða hvort Svíar nái mögulega betri árangri með styttri vinnudegi. Belgar og Hollendingar hafa nokkuð lengi unnið 30 klukkustunda vinnuviku á meðaltali og í Þýskalandi eru meðalstundir vinnuviku 35,“ greinir Hrefna frá.

Hún tekur það fram að stytting vinnudagsins sé ekki bara löngu tímabær til þess að fjölskyldan geti varið meiri tíma saman, heldur einnig vegna þess að framleiðnin á Íslandi reynist ekki meiri þrátt fyrir langan vinnudag. „Þegar fólk veit að

það hefur ekki allan daginn fram undan til að sinna verkefnum þá gefur það kannski frekar í og frestar síður verkinu. Það skreppur kannski síður frá ef það veit að það þarf ekki að vera átta stundir í vinnunni eða lengur. Ég held líka að það sé manneskjunnar ekki eðlilegt að vera svona lengi í vinnunni. Þetta er sameiginlegt verkefni allra hlutaðeigandi. Atvinnurekendur þurfa líka að skipuleggja starfseminna þannig að unnt sé að ljúka verki fyrr að deginum.“

Fjöldi þeirra barna sem dvelja á leikskólum í sjö til tíu klukkustundir á dag hefur margfaldast frá 1998, að sögn Hrefnu. „Þótt margir leikskólar séu góðir þá veltir maður því fyrir sér hvort það henti yngstu börnunum að vera svona lengi í leikskóla á hverjum degi.“

Hrefna leggur áherslu á að þetta sé í raun spurning um í hvernig samfélagi við viljum ala börnin okkar upp. „Foreldrar eru í sífellið kapphlaupi við tímann og sumir í stríði við samvísun. Flestir foreldrar vinna fulla dagvinnu og margir hverjir talsverða yfirvinnu. Þegar vinnustundum hefur verið skilað á vinnustaðnum eru ótaldir vinnustundirnar sem inna þarf af hendi á heimilinu. Gæðastundir fjölskyldunnar verða því miður færri fyrir vikið.“



LEIKSKÓLABÖRN Fjöldi þeirra barna sem dvelja á leikskólum í sjö til tíu klukkustundir á dag hefur margfaldast frá 1998. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Meðalstundir í vinnuviku

Belgía og Holland	Gautaborg í Svíþjóð
30	30
klukkustunda vinnuvika	klukkustunda vinnuvika er í skoðun
Þýskaland	Ísland
35	41
klukkustunda vinnuvika	klukkustundar vinnuvika



„Það er klárlega börnunum okkar fyrir bestu að við séum ekki svona lengi í vinnunni.“

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla.

Rýmum fyrir nýrri barnafatalínu

Síðustu dagar

50% afsláttur af öllum barnafötum

Reykavík Akureyri & lindsayesign.is

Peysa 2.490 kr 1.245 kr

Buxur 2.790 kr 1.395 kr

Náttföt 3.980 kr 1.990 kr

Pils 1.990 kr 990 kr

Kjöll 3.980 kr 1.990 kr

Bolur 2.490 kr 1.245 kr

Buxur 2.790 kr 1.395 kr

Lin DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri www.lindsayesign.is

Rannsókn á tengslum umferðarslysa og ofnæmis: Aksturinn öruggari þegar lyfin er tekin

Þeir sem eru með gróðurofnæmi lenda oftar í umferðarslysum en aðrir. Hollenskir vísindamenn hafa nú komist að því hver ástæðan er, að því er segir á vefnum videnskab.dk. Niðurstaða rannsóknar þeirra er sú að hæfnin til að aka bíl minnkar talsvert þegar ökuþjálfing er með gróðurofnæmi sem ekki er meðhöndlað. Aksturslagið er svipað og hjá ökuþjálfingum sem eru með 0,5 prómill af vínanda í blóðinu.

Vísindamennirnir eru þeirrar skoðunar að aksturshæfni sumra með gróðurofnæmi geti jafnvel verið enn minni í raunveruleiknum en fram kom við tilraun þeirra þar sem þátttakendur í henni voru við fína heilsu þar til á því augnabliki sem þeir fengu „gervigróðurofnæmi“.

Haft er eftir vísindamanninum Eric Vuurman við Háskólann í Maastricht að þannig sé því ekki farið við eðlilegar kringumstæður. Í mörgum tilfellum sé fólk með einkenni gróðurofnæmis í að minnsta kosti tvo daga auk þess sem það eigi erfitt með svefn.

Hingað til hefur verið haldið að það séu lyfin við ofnæminu sem hafi slævandi áhrif. Taka þeirra hafi svo leitt til þess að þeir sem eru með gróðurofnæmi lendi oftar í umferðarslysum. Tilraunin leiddi hins vegar í ljós að ofnæmissjúk-



GRÓÐUROFNÆMI Þeir sem eru með gróðurofnæmi lenda oftar í umferðarslysum en aðrir. Þeir sem taka inn lyf við ofnæminu aka betur en þeir sem ekki gera það. NORDICPHOTOS/GETTY

→ Tilraunin leiddi hins vegar í ljós að ofnæmissjúklingarnir óku betur þegar þeir höfðu tekið lyfin sín.

lingarnir óku betur þegar þeir höfðu tekið lyfin sín en þegar þeir höfðu ekki tekið þau. -ibs

TAX FREE UM HELGINA 19.-22. JÚNÍ



Haag sófi 199.900,- nú **159.280,-**



NÝTT KORTATÍMABIL



Hankar 6.990,- nú **5.570,-**

Glös 990,- nú **789,-**



Skál 2.990,- nú **2.382,-**



Barstóll 39.900,- nú **31.792,-**

Mósaikborð 17.990,- nú **14.334,-**



Mottur ýmsir litir frá 9.990,- nú **7.960,-**



Bollar tveir saman 890,- nú **709,-**



Útisett 199.900,- nú **159.280,-**

ANTON&BERGUR

Skápur 22.900,- nú **18.247,-**

Skápur með mörgum skúffum 49.900,- nú **39.760,-**



VELKOMIN Í

the PIER



Stell frá 390,- nú **311,-**



Skraut 3.990,- nú **3.179,-**

Afkoma Jarðborana 2013: Tekjur jukust um 1,5 milljarða

Hagnaður Jarðborana fyrir skatta nam 801 milljón íslenskra króna samanborið við 613 milljóna tap árið áður. Tekjur fyrirtækisins jukust um rúman einn og hálfan milljarð króna milli ára. Um 85 prósent teknanna voru vegna erlendra verkefna.

„Félagið er enn að ganga í gegnum talsverðar breytingar og það að hefja starfsemi á nýjum starfstöðvum er alltaf mikil og vandasöm vinna,“ segir í fréttatilkynningu Jarðborana.

-hg

Framkvæmdastjóri Allra ráðgjafar segir fyrirtækið hafa leyfi frá FME fyrir starfsemi sem sé nú bönnuð: Segir Seðlabankann herða gjaldeyrishöftin

„Þessi ákvörðun Seðlabankans er klárlega að snerta mörg hundruð aðila og þá bæði fjölskyldur og börn. Mér finnst bankinn vera með þessu að herða gjaldeyrishöftin,“ segir Sæmundur St. Magnússon, framkvæmdastjóri Allra ráðgjafar.

Fyrirtækið hefur milligöngu um söfnun sparnaðar erlendis með samningum við erlendu tryggingafélögin Friends Provident og Bayern. Seðlabankinn telur, eins og komið hefur fram,

að slíkir samningar brjóti lög um gjaldeyrismál þar sem þeir feli í sér óheimilaðan sparnað eða söfnun erlendis. Bankinn hefur því gefið út nýjar reglur um gjaldeyrismál sem taka gildi í dag.

„Það er forkastanlegt að svona frétt sé lekið í fjölmiðla áður en aðilar sem eru starfandi á þessum markaði fá að vita um ákvörðunina,“ segir Sæmundur.

„Ég talaði við lögfræðing okkar í gær og hann sagðist ekki

vita til þess að slík vinnubrögð hefðu verið framkvæmd áður í stjórnsýslunni.“

Sæmundur segir það koma fram í umsókn fyrirtækisins til Fjármálaeftirlitsins, um starfsleyfi til váttryggingamiðlunar, að fyrirtækið miðli til erlendu tryggingafélaganna.

„Við sóttum um leyfi til að gera þetta fyrir rétt rúmum tveimur árum og þeir gefa það. Hvað hefur þá verið óljóst í þessu?“

-hg



„Það er forkastanlegt að svona frétt sé lekið í fjölmiðla áður en aðilar sem eru starfandi á þessum markaði fá að vita um ákvörðunina.“

Sæmundur St. Magnússon, framkvæmdastjóri Allra ráðgjafar.

365 Ljóshraði

Internet á Ljóshraða

Við bjóðum upp á internet á ljóshraða til 80 þúsund heimila. Það er einfalt að athuga hvort þitt heimili er tengt, á 365.is geturðu séð hvort þú kemst á ljóshraða.

Hægt er að nálgast allar nánari upplýsingar og panta tengingu á 365.is.

NÝTT!

100 Mb/s

200 Mb/s

400 Mb/s



Nú getur þú fengið mikinn hraða, meiri hraða og miklu meiri hraða.

Frá **3.490 kr.**

Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

INNIFALIÐ
ÖLL INNLEND NOTKUN OG ERLENT UPPHAL



OKR.

LJÓSHRAÐI FYLGIR MEÐ VÖLDUM SJÓNVARPS-ÁSKRIFTUM

365.IS



SEÐLABANKINN Slitastjórnir Glitnis og Kaupþings lögðu fram beiðni um undanþágur frá gjaldeyrislögum haustið 2012. Seðlabankinn hefur ekki veitt þær undanþágur þar sem beiðnirnar uppfylla ekki skilyrði um efnahags- og fjármálaalegan stöðugleika.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Slitastjórnir fá beiðni um undanþágur í gegn

Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs segir rök vera fyrir því að stjórnvöld eigi að veita undanþágur frá gjaldeyrislögum vegna nauðasamninga um slitameðferðir þrotabúa föllnu bankanna. Byrði vandans yrði þá skipt á milli kröfuhafa og þjóðarbúsins.

Viðskiptaráð Íslands (VÍ) leggur til að slitastjórnir búa föllnu bankanna fá samþykktar undanþágur frá gjaldeyrislögum vegna nauðasamninga þar sem byrði vandans yrði skipt á milli kröfuhafa og þjóðarbúsins.


„Þetta er að okkar mati besta mögulega niðurstaða og því fyrr sem slík niðurstaða fæst, því betra. Núverandi staða er vond bæði fyrir þjóðarbúskapinn og kröfuhafa,“ segir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Í nýrri Skoðun ráðsins er bent á að fimm og hálf t á er liðið frá því að slitastjórnir hófu úrvinnslu á þrotabúum þeirra. Ýmislegt hafi áunnist á þeim tíma en lítið miðað í átt að útfærslu á nauðasamningum. Þar vegi þyngst sú forsenda slitastjórnanna að samningar feli í sér undanþágur frá gjaldeyrislögum. Viðskiptaráð telur stjórnvöld hafa svigrúm til eftirgjafar og kröfuhafa hafa hag af því að leggja fram raunhæfar útfærslur á nauðasamningum.

„Fyrir kröfuhafana er þetta fyrst og fremst tímavirði peninganna. Þeir eru búnir að innleysa megnið af sínum eignum og eru nú með lausafé sem gefur slaka ávöxtun eða jafnvel enga. Fórnarkostnaður þeirra er einnig fölginn í kostnaði við rekstur þrotabúanna og skattlagningu á fjármálastofnanir,“ segir Frosti.

Rekstrarkostnaður þrotabúa föllnu bankanna á síðustu fimm árum nemur samtals 103

ENGIN BEIÐNI KOMIST Í GEGN



Beiðni um undanþágur frá gjaldeyrishöftum vegna nauðasamnings þarfnast samþykkis bæði Seðlabanka og fjármála- og efnahagsráðherra. Engin beiðni hefur komist í gegnum annað skrefið.

Heimild: Viðskiptaráð Íslands

milljörðum króna. Kröfuhafar verða af um 260 milljörðum ár hvert vegna tafa á útgreiðslum innlendra eigna. Samkvæmt útreikningum Viðskiptaráðs þyrfti samkomulag um fulla útgreiðslu að vera samþykkt innan 30 mánaða ef kröfuhafar ætla að fá fulla útgreiðslu. Kröfuhafar yrðu því betur settir með undanþágum sem falla innan núverandi svigrúms stjórnvalda, sem ráðið metur á um 400 milljarða króna.

„Kröfuhafarnir myndu þá þurfa að gefa eftir um 60 prósent af innlendum eignum,“ segir Frosti.

„Fyrir þjóðarbúskapinn er skaðinn fyrst og fremst sá að biðstaðan



FROSTI ÓLAFSSON

tefur afnám hafta en nauðasamningar fela í sér endanlega lausn á stærstu hindruninni í vegi afnáms þeirra. Í því samhengi teljum við forsendur til þess að veita einhvers konar svigrúm eða frávik frá þeim gjaldeyrislögum sem eru til staðar.“

Frosti bendir á að þrotabúin geti ekki verið í slitameðferð til eilífðarnóns.

„Ef kröfuhafar leggja ekki fram nauðasamninga sem eru í takt við okkar tillögur teljum við að það megi færa fyrir því rök að gjaldprotaskipti væru skynsamlegri leið fyrir bæði þjóðarbúið og kröfuhafa,“ segir Frosti.

haraldur@frettabladid.is

SAMSUNG

Í 9^{AF} EFSTU SÆTUNUM*



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG




SAMSUNG



ANNAÐ MERKI



SAMSUNG



LOFORÐ ERU EITT - STAÐREYNDIR ANNANÐ

SAMSUNG SJÓNVÖRP HAFU FENGIÐ MJÖG LOFSAMLEGA DÓMA UM HEIM ALLAN FYRIR NÝSTÁRLEGA OG FULLKOMNA TÆKNI OG FRÁBÆR MYNDGÆÐI. VIÐ HJÁ SAMSUNG SETRINU OG ORMSSON HÖFUM ÞESS VEGNA LEYFT OKKUR AÐ FARA MEÐ HÁSTEMMT LOF UM SAMSUNG SJÓNVÖRPIN Í AUGLÝSINGUM OKKAR - ENDA FULL ÁSTÆÐA TIL!



SÍÐUMÚLA 9
REYKJAVÍK
SÍMI 530 2900

LÁGMÚLI 6-8
REYKJAVÍK
SÍMI 530 2800

VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

* BIRT Á MBL.IS 16.6.2014 - [HTTP://WWW.MBL.IS/FRETTIR/TAEKNI/2014/06/16/SAMSUNG_I_NIU_AF_TIU_EFSTU_SAETUNUM/](http://www.mbl.is/frettir/tækni/2014/06/16/samsung_i_niu_af_tiu_efstu_saetunum/)
BIRT Á VB.IS 17. JÚNÍ 2014 - [HTTP://WWW.VB.IS/EFTIRVINNU/106449/](http://www.vb.is/eftirvinnu/106449/)

TAX

AF GRILLUM OG

**HEFST
I DAG!**

**GASGRILL
KOLAGRILL
FERÐAGRILL**

Broil King
Great Barbecues Every Time

BUGG
BeefEater Universal Gas Grill

Beef Eater

OUTBACK

CADAC

Gildir ekki af Weber grillum.

*Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsgöðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

*Tax Free tilboð gildir ekki af tilboðsvörum, vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og Weber grillum.

FRÁBÆRT
URVAL



FRÍTT

GARÐPLÖNTUM

ÖLL
SUMARBLÓM
ALLAR
TRJÁPLÖNTUR

ALLAR MATJURTA
PLÖNTUR
ALLAR FJÖLÆRAR
PLÖNTUR
ALLAR GARÐRÓSIR




blómavall



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Fordómadaðri á að mæta af fullri hörku:

Bjart yfir borginni

Nýafstaðin stjórnarskipti í höfuðborginni og farsæl verkaskipting milli flokka sem kynnt var í byrjun vikunnar eru fagnaðarefni. Fari fram sem horfir verður áframhald á þeim vinnufriði og þeirri skynsemisnálgun á fyrirliggjandi verkefni sem haldist hefur í borgarstjórn Jóns Gnarr.

Það er ekki út í bláinn sem talað hefur verið um Jón sem einn farsælasta borgarstjóra Reykjavíkur seinni ár. Hann fór fyrir samstarfi Besta flokks og Samfylkingar eftir að mikil ólga hafði einkennt borgarstjórn málin árin þar á undan.

Þá er ánægjulegt að sjá að Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert samkomulag við meirihluta Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata um skipan í nefndir og tryggt sér þannig aukafulltrúa í stjórnnum Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahafna, auk heilbrigðisnefndar borgarinnar. Í hlutarins eðli liggur að verkefni á sveitarstjórnarstigi eru mörg hver þverpólísk og mikilvægt að sem flestir komi að verkum.

Um leið er ekki óeðlilegt að Framsóknarflokkurinn hafi borið skarðan hlut frá borði í skipan í nefndir og ráð borgarinnar. Dagur B. Eggertsson, nýr borgarstjóri og oddviti Samfylkingar, sagði flokkinn réttilega ekki stjórnstækan í ljósi umræðu sem fram hafi farið fyrir kosningar um moskur og innflytjendur. Þá sagði S. Björn Blöndal, oddviti Bjartrar framtíðar, Framsókn hafa farið „yfir ákveðna línu“ og ekki komið til baka. „Boltinn er hjá þeim,“ sagði hann.

Fordómadaðri á að mæta af fullri hörku og má því segja að fulltrúar Framsóknar hafi sjálfir séð um að mála sig út í horn í borgarmálunum. Tilfellið er að það eru ekki allar skoðanir jafnrétt háar. Sumar eru réttar og aðrar rangar. Þeir hafa rangt fyrir sér sem telja að í krafti einhvers meirihluta sé í lagi að veða að mannréttindum fólks. Réttindin eru lögvarin og bannað að veða að fólki vegna hörundslitar, kynhneigðar eða trúarbragða. Flestir eru sammála um að þannig skuli það vera.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknarflokksins í borginni, henti svo boltann loks á lofti í morgunútvarpi Rásar 2 í gærmorgun. Núna segir hún þá hafa „veðjað á rangan hest“ sem kusu flokkinn út af andstöðu við múslima á Íslandi. Ummæli hennar fyrir kosningar hafi verið látin falla í hálfkæringi og séu ekki hluti af stefnu flokksins, eða kosningamál yfirhöfuð.

Þetta hefði mátt koma skýrar fram fyrir kosningar, bæði hjá forsvarsmönnum flokksins í borginni og á landsvísi. Hætt er við að fordómafnykurinn loði við flokkinn enn um sinn eftir atkvæðaveiðar hans í þessum gruggugu vötnum.

Í Fréttablaðinu um helgina var rætt við Björn Leví Óskarsson um reynslu hans af því að vera skiptinemi í Indónesíu þar sem hann bjó hjá múslímskri fjölskyldu. Þar fann hann ekki fyrir öfgum og kvað fólk mjög umburðarlynt gagnvart trúarbrögðum annarra. Hér hafi umræðan farið illilega út af sporinu í aðdraganda kosninga. „Ég sé ekki vandamálið sem fólk er að búa til. Vandamálið verður fyrst til þegar við komum fram við aðra af virðingarleysi. Við ættum að vera jákvæðari og fagna fjölbreytileikanum,“ segir Björn Leví. Undir það má taka.

Óli Kristján Ármannsson
oli.kr@frettabladid.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Tálgað í skammarkróknum

Dagur B. Eggertsson segir Framsóknarflokkinn ekki stjórnstækan og hefur meirihlutinn tekið til við uppeidið og skellt flokknum í skammarkrókinn. Allt kemur þetta til vegna moskumálsins svokallaða. Óþekki flokkurinn á að læra sína lexíu og er refsingin fólgin í mögnum bitum í ráðum og nefndum borgarinnar. Í skammarkróknum á að gera sér grein fyrir mistökum sínum og biðjast afsökunar. En sumir eru þverari en svo, og eins og Emil í Kattholti tálgaði spýtukalla, þá vill Sveinbjörg nýta tímann til að veita miklu sterkari stjórnarandstöðu en Sjálfstæðisflokkurinn. Verst hvað hún verður á

fáum fundum til að veita slíka andstöðu.

Lausnargjaldið er skósléiking

Sveinbjörg virðist vilja félagsskap í skammarkróknum. Þannig gerir hún kjósendur flokksins samábyrga með því að segja að þeir sem hafi hlustað á hana og hennar málefni í kosningabaráttunni hafi veðjað á rangan hest. Sveinbjörg hefur þó ólíkt Emil sýnt smá iðrun og sagt að ummæli um lóðarúthlutunina hafi verið óábyrg og sögð í hálfkæringi. Það virðist þó ekki duga til að komast úr skammarkróknum og sagði Sveinbjörg í viðtali á Rás tvö í gær að það virtist vera sem fólk biði eftir því að

hún legðist og sleikti skóna þess.


Nike eða sauðskinnskór?

Skóbúnaður hefur verið Framsókn nokkuð hugleikinn. Í þjóðhátíðarræðu sinni virðist Sigmundur Davíð Gunnlaugsson stinga upp á nesti og nýjum skóm og að leita skjóls úti á landi frá moskuleiðindunum í borginni. Það er þó ekki víst að hann fái nýjan Nike-skó (eintala) þar sem sjálfstæði Íslendinga var fagnað með tilkynningu Seðlabanka um enn hertari gjaldeyrishöft. Mun líklegur er að Sigmundur endi á sauðskinnskónum eða jafnvel að við endum öll á ullarsokkunum og þá er alveg víst að Sveinbjörg mun aldrei þurfa að sleikja nokkurn skó.



erlabjorg@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAÐUR: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

PARKETFLÍSAR
ekkert að þússa og lakka

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | sími 545 5500 | flis.is

Kosningaréttur kvenna 99 ára

JAFNRÉTTI



Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri afmælisnefndar um 100 ára kosningarétt kvenna

Í dag eru 99 ár frá því að Kristján 10. Danakonungur og Einar Árnason, ráðherra Íslands, undirrituðu stjórnarskrárbreytingu þar sem íslenskar konur fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Stórafmæli kosningaréttarinnar er því á næsta ári og verður aldarafmælisins minnst á margvíslegan hátt allt árið.

Málþing verða haldin og alþjóðleg ráðstefna verður í október á afmælisárinu. Á vegum Landsbókasafnsins og Þjóðminjasafnsins verða settar upp sýningar um sögu kosningaréttar í máli og myndum í samstarfi við afmælisnefndina, sem kosin var síðastliðið haust. Hátíðarhöld verða á Austurvelli 19. júní eins og 100 árum áður þegar konur fögnuðu fengnum lýðrættindum og baráttukonurnar Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Ingibjörg H. Bjarnason, sem varð fyrst kvenna til að setjast á þing, héldu merkar ræður.

Sinfóníuhljómsveit Íslands mun minnast tímamótanna með sérstökum tónleikum 11. júní 2015. Efnisskráin er sérlega glæsileg með tónverkum kvenna og konum í lykilhlutverkum.

Menningar- og menntastofnanir eru hvattar til að haga verkefnavali og námskrá í tengslum við afmælisárið og verða verkefni fyrir nemendur og kennara aðgengileg á vefnum.

→ Við hvetjum sem flesta til að fjalla um aldarafmæli þessara mikilvægu réttinda.

Afmælisnefndin hvetur sem flesta til að efna til verkefna og viðburða til að minnast aldarafmælisins á næsta ári og að menn sýni frumkvæði í verkefnavali. Það er mikilvægt að sveitarfélög, menningarnefndir, kvenfélög, femínistar og önnur félagsamtök starfi saman á smærri stöðum og efni til viðburða í tilefni afmælisins og minnst frumkvöðlanna.

Það er von okkar að umfjöllun um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á næsta ári, jafnrétti kynjanna, kvennabaráttuna, kvenréttindi og kosningaréttinn verði líflæg og fjölbreytt allt árið 2015. Við hvetjum sem flesta til að fjalla um aldarafmæli þessara mikilvægu réttinda og blásu til nýrrar sóknar í jafnréttismálum.

19. júní fyrir 99 árum markaði mikilvægan áfanga í átt til jafnrar þátttöku kynjanna í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku í samfélaginu og þess að bæði karlar og konur væru með þar sem ráðum er ráðið. Í því felast grundvallarmannréttindi. Stöndum vörð um þau og nýtum kosningaréttinn þegar hann býðst. Til hamingju með daginn.

Jafnrétti tryggir konum og körlum meiri lífsgæði

Til hamingju með kvenréttindadaginn, íslenskar konur og karlar. Þann 19. júní 1915 fengu konur 40 ára og eldri kosningarétt og kjörgengi til jafns við karla. Jafn kosningaréttur og kjörgengi kynja var einn mikilvægasti áfangi lýðræðisþróunar á Norðurlöndum því í þeim felast þau grundvallarmannréttindi að geta haft áhrif og þau endurspeglar sýn okkar á réttlætis- og jafnréttismál.



Eygló Harðardóttir félags- og húnæðis- málaráðherra

JAFNRÉTTI → Í dag mælist kynjajafnrétti hvergi meira en á Norðurlöndunum en erfið verkefni bíða úrlausnar stjórnmalanna. Helst ber að nefna kynbundið náms- og starfsval, launamun kynja, kynbundið ofbeldi og nauðsyn þess að virkja betur karla og drengi til þátttöku á sviði jafnréttismála.

meira en á Norðurlöndunum en erfið verkefni bíða úrlausnar stjórnmalanna. Helst ber að nefna kynbundið náms- og starfsval, launamun kynja, kynbundið ofbeldi og nauðsyn þess að virkja betur karla og drengi til þátttöku á sviði jafnréttismála. Uppræta þarf staðlaðar kynjaámyndir sem hafa áhrif á náms- og starfsval kvenna og karla og styrkja nýjan hugsunarhátt um karla og karlmennsku.

Á Nordiskt Forum vakti ég máls á að breytingar á íslensku fæðingarorlofslöggjöfinni hafa haft margvísleg áhrif á stöðu jafnréttismála á Íslandi. Rannsóknir Guðnýjar Eydal og Ingólfs V. Gíslasonar sýna að karlar taka virkari þátt í heimilisstörfum og umönnun ungra barna. Þá hafa lögin breytt samkeppnisstöðu ungra foreldra á vinnumarkaði en síðast en ekki síst hafa þau haft áhrif á hugsunarhátt okkar um karlmennsku. Í dag þykir það flott og eðlilegt að karlar hugsi um ung börn, það þykir töff að vera góður pabbi.

Meira jafnrétti

Við ætlum okkur meiri framfarir á sviði jafnréttismála. Ekki eingöngu vegna þess að jafnrétti er grundvöllur lýðræðis og mannréttinda heldur einnig vegna þess að við eigum að fjárfesta í mannaúði karla og kvenna sem best við getum.

Í síðustu viku sótti ég sameiginlegan stórfund norrænna kvennahreyfinga, Nordiskt Forum. Mörg þúsund manns sóttu fundinn en þetta var í þriðja skipti sem boðað er til allsherjafundar kvenna og jafnréttissinna á Norðurlöndunum. Markmið Nordiskt Forum var að þessu sinni að greina áskoranir og möguleika Norðurlandþjóðanna til að hrinda markmiðum Peking-áætlunarinnar frá 1995 í framkvæmd þannig að hægt verði að tryggja raunverulegt jafnrétti, þróun og frið í samræmi við markmið Sameinuðu þjóðanna. Fundurinn bar vott um mikla grósku í málaflokknum og var vettvangur samræðna og skoðanaskipta stjórnmalanna og frjálsra félagasamtaka sem er forsenda framfara í málaflokknum. Ánægjulegt var að sjá að mun fleiri karlar tóku virkan þátt en dæmi eru um frá fyrri fundum.

Í dag mælist kynjajafnrétti hvergi

Ný framkvæmdaáætlun

Ég mun á komandi löggjafarþingi leggja fram nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til næstu fjögurra ára. Í henni mun í fyrsta skipti vera sérstakur kafli um karla og jafnrétti en þannig vil ég bregðast við tillögum starfshóps um karla og jafnrétti sem lauk störfum árið 2013. Tillögur hópsins fjalla um leiðir til að auka þátttöku karla í umræðu um jafnréttismál og að stefnumótun taki í auknum mæli mið af breyttu hlutverki karla og feðra í samfélaginu. Dæmi um málaflokka sem tillögurnar taka til eru karlar og umönnunarstörf; karlar, menntun og kynskiptur vinnumarkaður; karlar sem gerendur og þolendur í ofbeldismálum og klám og vændiskaup. Mikilvægt er að hafa jafnréttismál að leiðarljósi við alla stefnumótun og bæði kynin þurfa að koma að mótun málaflokksins. Í þessu starfi eru fæðingarorlofsmálin okkur hvarning, þau kenna okkur að líta ekki á jafnréttismálin sem einangrað fyrirbæri enda gott dæmi um hvernig opinber stefnumótun sem tekur tillit til kynjajafnréttis getur aukið lífsgæði okkar allra í samfélaginu.

AF NETINU



Krónan og krakkarnir

Það er kostnaðarsamt fyrir þjóðina að halda uppi minnsta gjaldmiðli í heimi. Enn hef ég ekki heyrð nein haldbær rök fyrir að halda því áfram. Einu rökin sem heyrst hafa eru þau að með krónunni sé hægt að rýra kjör launafólks án þess að semja við það sérstaklega. Það getur ekki talist vera kostur fyrir almenning en ágætt fyrir sum fyrirtæki og stjórnmalamenn sem falið geta mistök sín með slíkum aðgerðum. Erfitt er að sjá fyrir sér heilbrigða þróun fjölbreytts atvinnulífs með alþjóðlegum tengingum, sem er eftirsótt fyrir kraftmikil ungmenni, í því umhverfi sem krónan skapar. Ómögulegt er að sjá slíka framtíðarsýn fyrir unga Íslendinga rætast með krónuna í höftum. Litlar líkur eru á öðru en að krónan verði til frambúðar í einhvers konar höftum og því ástandi fylgja slæmar aukaverkanir.

<http://blog.pressan.is/oddyh/>

Oddy G. Harðardóttir



MÆTTU FYRR Í FRÍÐ

Vegna framkvæmda eru farþegar hvattir til að mæta tímanlega

Vegna endurbóta við farangursflokunarkerfið í Flugstöð Leifs Eiríks-sonar má búast við miklu álagi við innritun **til 1. júlí**. Um leið og við biðjumst velvirðingar á óþægindunum hvetjum við farþega til að mæta tímanlega í flugstöðina fyrir brottför. Innritun í **morgunflug** hefst nú kl. **4.30**.

Mætum snemma og stytum biðraðirnar. Góða ferð!



KEFLAVÍK
INTERNATIONAL AIRPORT

Til hamingju með daginn!

19. júní er merkur dagur í jafnréttisbaráttunni á Íslandi – þennan dag fyrir 99 árum fengu konur, 40 ára og eldri, kosningarétt til Alþingis. Að ári höldum við því upp á aldarafmæli kosningaréttar kvenna. Það er ærin ástæða að óska íslenskum konum til hamingju með daginn – en gleymum því ekki að baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna er langt í frá lokið.



Ólafía B. Rafnsdóttir
formaður VR

lestur um kosningarétt kvenna undir heitinu „Um frelsi og menntun kvenna“. Innan við áratug síðar var Hið íslenska kvenfélag stofnað en það var fyrsta félagið sem hafði það á sinni stefnuskrá að auka réttindi kvenna. Að tilstuðlan þess var tvö þúsund undirskriftum safnað með áskorun til Alþingis um að veita konum kosningarétt.

Árið 1907 var svo Kvenréttindafélag Íslands stofnað, á heimili Bríetar sem var fyrsti formaður þess. Markmið félagsins við stofnun þess var að „starfa að því að konur fengju fullt stjórnmalajafnrétti á við karlmenn, kosningarétt og kjörgengi svo og embættisgengi og rétt til atvinnu með sömu skilyrðum og karlmenn“, eins og fram kemur á vef félagsins. Árið 1913 var frumvarp um kosningarétt

kvenna 40 ára og eldri lagt fram – það var samþykkt og síðan staðfest þann 19. júní 1915.

Langt í land

Konur er ekki lengur mismunad á Íslandi hvað pólitísk réttindi varðar. Það er alveg rétt. Hið sama á við um fulla atvinnuþátttöku og menntun. En við eigum engu að síður langt í land í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna – við erum enn að berjast fyrir grundvallarréttindum eins og sömu launum fyrir sömu vinnu óháð kynferði. Þetta hefur einmitt verið helsta baráttumál VR undanfarin ár og áratugi enda mikið hagsmunamál í húfi fyrir félagsmenn, bæði karla og konur. Við höfum beitt okkur á mörgum sviðum í þessari baráttu, má þar nefna árlegar launakannanir þar sem áhersla er lögð á stöðu kvenna. Við höfum farið í fjölmargar herferðir og beitt okkur fyrir umfjöllunum um

jafnrétti á vinnumarkaði. Jafnrétti hefur verið haft að leiðarljósi þegar kemur að áherslum í kröfugerðum okkar og í kjarasamninga- viðræðunum sjálfum. Og síðast en ekki síst höfum við Jafnlaunavottun VR sem er hagnýtt stjórn-tæki í baráttunni fyrir launa-jafnrétti á vinnumarkaði. Með Jafnlaunavottun fá fyrirtækin og stofnanir í hendur leiðarvísi sem auðveldar þeim að innleiða jafnlaunastaðal Staðlaráðs Íslands sem markaði tímamót í baráttunni þegar hann kom út fyrir rúmu ári.

Merkjanlegur árangur hefur náðst í baráttu VR fyrir auknu jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði síðustu ár en það dugur ekki til. Við verðum sífellt að leita nýrra leiða til að ná fram þeim sjálfsögðu mannréttindum sem jafnrétti sannarlega er. 19. júní er helgaður jafnréttismálum og við munum fagna aldarafmæli kosningaréttar kvenna á næsta ári. En allir dagar

→ **Merkjanlegur árangur hefur náðst í baráttu VR fyrir auknu jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði síðustu ár en það dugur ekki til. Við verðum sífellt að leita nýrra leiða til að ná fram þeim sjálfsögðu mannréttindum sem jafnrétti sannarlega er.**

eiga að vera jafnréttisdagar, ekki bara 19. júní. Tökum jafnrétti með í umræðuna alla daga.

Heimildir eru m.a. vefsvæði Kvenréttindafélags Íslands og Kvinnasögusafns Íslands.

Höfundur er fyrrverandi stjórnarmaður í Kvenréttindafélagi Íslands og á sæti í framkvæmda-nefnd Alþingis vegna hátíðarhalds í tilefni af aldarafmæli kosningaréttar kvenna 2015.

Kvenréttindi – mál okkar allra

Í dag, 19. júní, fögnum við í Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi kvenréttindadeginum og óskum öllum íbúum landsins til hamingju með daginn!

Hlutverk samtakanna, sem eru nú á sínu ellefta starfsári, hefur alltaf verið að sameina, takast á við og ljá hagsmuna- og áhugamálum kvenna sem sest hafa að á Íslandi rödd. Markmið samtakanna er að vinna að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna af erlendum uppruna á öllum sviðum þjóðlífsins.

Samtökin eru opin öllum konum af erlendum uppruna sem búsett- ar eru á Íslandi, en þrátt fyrir að við séum kvinnasamtök eru mál-

JAFNRÉTTI



Anna Katarzyna Wozniczka
formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi

efni barna og karla af erlendum uppruna ekki síður mikilvæg í okkar augum. Við berjumst fyrir jafnrétti og betri stöðu þeirra með því að taka þátt í fundum um mál-efni innflytjenda og með umsagnarskrifum um lagafrumvörp.

Við hvetjum, upplýs- um og eflum konur af erlendum uppruna til þess að þær geti stutt fjöl- skyldur sínar á árangurs- ríkan hátt á meðan þær eru að aðlagast samfélaginu.

Við viljum sjá að þjálfun og menntun kvenna af erlendu þjóð- erni sé viðurkennd og að þeim sé fært að nýta þekkingu og reynslu sína og njóta sömu tækifæra á

vinnumarkaði og í samfélaginu. Raddir okkar og erlendum hreimur þurfa að heyrast á öllum sviðum.

Mismunur

Samtök kvenna af erlendum uppruna eru einnig virk í baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, með því að taka málstað kvenna sem orðið hafa fórnarlömb ofbeldis og fræða þær um rétt þeirra og með því að leitast við að tryggja að þolendur séu ekki órétti beittir í þjóðfélaginu.

I haust ætlum við að fara af stað með verkefni í samstarfi við sér- fræðinga, sem hefur það markmið að greina þarfir hverrar og einnar konu sem mun taka þátt og hjálpa þeim svo á mismunandi sviðum, hvort sem það eru atvinnu- mál, menntun eða persónuleg mál í

gegnum einstaklingsráðgjöf og hópavinnu. Við munum einnig áfram sjá um atburði eins og Söguhring kvenna í samstarfi við Borgarbókasafnið, Þjóðlegt eldhús og jafningjaráðgjöf.

Þrátt fyrir mikilvæga vinnu okkar og annarra stofnana og félagsamtaka verðum við enn vitni að sögum um meinta mismunur í launum, vinnuáðstæðum, við ráðningar eða skólainngöngu. Við þökkjum konur sem geta ekki nýtt hæfileika og/eða menntun sína í starfi. Við fréttum oft af erfiðri stöðu hælisleitenda. Við vitum að kynbundið ofbeldi er til, en við erum ekki enn búin að finna lausn á því hvernig hægt er að nálgast alla þolendur og hjálpa þeim. Þetta eru samfélagsmál sem varða okkur öll. Því er eina ráðið

→ **Við þökkjum konur sem geta ekki nýtt hæfileika og/eða menntun sína í starfi. Við fréttum oft af erfiðri stöðu hælisleitenda. Við vitum að kynbundið ofbeldi er til, en við erum ekki enn búin að finna lausn á því hvernig hægt er að nálgast alla þolendur og hjálpa þeim. Þetta eru samfélagsmál sem varða okkur öll.**

að vinna saman – saman að betra samfélagi.

www.womeniniceland.is
https://www.facebook.com/groups/womeniniceland/

VOLVO V40

RENNILEGT ÚTLIT OG FRAMÚRSKARANDI TÆKNINÝJUNGAR.
KYNNTU ÞÉR VOLVO V40, ÖRUGGASTA BÍL Í HEIMI.

VOLVO V40
BEINSKIPTUR FRÁ 4.390.000 KR.
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 4.890.000 KR.

LIFÐU Í LÚXUS - VELDU VOLVO
VOLVO.IS

KOMDU OG PRÓFAÐU VOLVO V40, ÖRUGGASTA BÍL Í HEIMI

VOLVO V40 FÉKK HÆSTU EINKUNN SEM HEFUR VERIÐ GEFIN Í ÖRYGGISPRÓFUNUM EURO NCAP.

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | volvo.is

Volvo V40 D2 115 hð, tog 285 Nm, 6 girja beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,4 l/100 km. CO₂ 88 g/km.

Volvo V40 D2 115 hð, tog 285 Nm, 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,9 l/100 km. CO₂ 102 g/km.

Volvo V40 búinn D2 dísilvél uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá fritt í stæði í miðbæ Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



TILBOÐ



7 SKÚFFUR

SÁ VINSÆLI

323 verkfæri 179.900 m/vsk

TOPP,- OG BITASETT 72 STK

Toppar 1/4" 4 - 14 mm
Djúpir toppar, bitatoppar
Sexkantasett og fl.
Sterk stáltaska

vnr IBTGAD7202

LÆKKAD VERÐ

9.900 m/vsk

Fullt verð 18.231



TOPP,- OG BITASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGAI094R

14.900 m/vsk

Fullt verð 25.231



VERKFÆRASETT 80 STK

Toppar 1/4" og 1/2" 4 - 32mm
Fastir lykklar 8 - 19mm
Djúpir toppar, bitar, tangir og skrufjárn.
Sterk plasttaska

vnr IBTGAI8002

21.900 m/vsk

Fullt verð 35.058



VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lykklar, skrufjárn, tóng
Nippilyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGAI9601

22.900 m/vsk

Fullt verð 37.200



VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGAI130B

24.900 m/vsk

Fullt verð 37.900



VERKFÆRASETT 150 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Fastir lykklar 6 - 24mm,
Skrufjárn, tangir, sexkantasett
Slaghamar, krafttóng
Nippilyklar og fl.

vnr IBTGAI150R

39.900 m/vsk

Fullt verð 49.900




8 SKÚFFUR

PRO PLUS SERIA

322 verkfæri 239.900 m/vsk

SKRÚFSTYKKI 6"

6" skrufstykki með snúningi 180°.
6" Opnun

vnr IBTDJACO106

16.900 m/vsk

Fullt verð 26.735



SKRALLSETT PRO 12 STK

Sterkur taupoki
72 tanna Pro lykklar
Stærðir 8 - 19mm

vnr IBTGPAQ1202

16.900 m/vsk

Fullt verð 25.900



SKRALLSETT

11.900 m/vsk



TOPPLYKLASETT

3.900 m/vsk



TOPPLYKLASETT

5.900 m/vsk



SEKANTSETT

3.900 m/vsk



HÁPRÝSTIDÆLUR



SKIL

Vnr. 74097000
SKIL háprýstidæla,
1400W, 100 bör.

12.995 kr.



BOSCH

Vnr. 74810233
BOSCH AQT 33
háprýstidæla, 100 bör.

19.995 kr.



BOSCH

Vnr. 74810237
BOSCH AQT 37
háprýstidæla, 130 bör.

34.995 kr.



KÄRCHER

Vnr. 59680107
KÄRCHER háprýstidæla,
340 l/klst., 100 bör.

17.995 kr.



Vnr. 42351660
ROTTING MALAGA 4D
sófasett.

59.995 kr.

SUMARLEIKUR BYKO

Alls **19** glæsilegir vinningar
Heildarverðmæti **750.000** kr.

Leikurinn er á facebook.com/BYKO.is
Dregið alla virka daga í júní

Einfalt að taka þátt!

facebook.com/BYKO.is



ADALVINNINGUR:
BROIL KING SOVEREIGN 90
GASGRILL AÐ VERÐMÆTI

169.995 KR.



VERÐVERND BYKO

**LÆGRA
VERÐ**

Grænland BYKO BREIDD



GULLREGN
6.595 kr.

HORTENSÍA
2.195 kr.

SÓLBÓÐI
795 kr.

DORNRÓS
2.995 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabreytingu. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð ígar verði í öðrum veðunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



facebook.com/BYKO.is



BYKO KLÚBB verð
17.495 kr.
Almennt verð 21.995 kr.

Vnr. 41622140
Garðsett, 4 stólar,
borð og sólhlíf.



BYKO KLÚBB verð
11.995 kr.
Almennt verð 16.995 kr.

Vnr. 41622161
Garðsett,
2 stólar og borð.

NJÓTUM SUMARSINS!

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGÐU MINNA.



Vnr. 50632105
Ferðagagrill,
grillflötur 30x37 cm,
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Auglýsing um skipulag í Hafnarfjarðarkaupstað

Einivellir 3 og Kirkjuvellir 12, deiliskipulagsbreyting

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 9. maí 2014 að auglýsa tillögu að breytingunni í samræmi við 41. gr. laga nr. 123/2010. Breytingin felst í því, að á lóðinni Einivellir 1-3 var gert ráð fyrir þriggja til fimm hæða hjúkrunarheimili, í stað þess er nú gert ráð fyrir þriggja til fjögurra hæða fjölþýlishúsi með allt að 45 íbúðum. Á lóðinni Kirkjuvellir 10 var gert ráð fyrir eins til þriggja hæða heilsugæslu/þjónustu byggingu. Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir þriggja hæða fjölþýlishúsi með allt að 30 íbúðum á þeirri lóð. Númer lóðarinnar breytist úr Kirkjuvellir 10 í Kirkjuvelli 12.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurhelli 2, frá 20. júní til 1. ágúst, 2014. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsiðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 2. ágúst 2014. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar

atvinna

GER
INNFLUTNINGUR

GER innflutningur, rekstraraðili
Húsgagnahallarinnar, Betra Bak og Dorma
óskar eftir fólki í eftirtalin störf:

**Sölustörf í verslanir 100%
og einnig hlutastörf um helgar**

**Lagerstörf – 100% vinna
Lagerstörf – 50% vinna**

Hægt er að hefja störf strax.

Umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjanda sendist á netfangið vinna@ger.is

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg fylgigögn. Hreint sakavottorð er skilyrði.

Öllum umsóknum svarað.

Betra BAK **HÚSGAGNAHÖLLIN** **DORMA**
Leggur grunn að góðum degi – fyrir lífandi heimili – – býður góða nótt

101 REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909
www.101.is • Löggiltur fasteignasali Leifur Aðalsteinsson

Vesturtún 47A - Álftanesi

Opið hús, fimmtudaginn 19. júní kl 17:00-17:30

Parhús í góðu hverfi á Álftanesi. Húsið er alls 144,9 fm, þar af er bílskúr 26,5 fm, eignin er á tveim hæðum. Efri hæðin er undir súð og gólfhlötu er því stærri en fm eignarinnar gefa til kynna. Bílskúr með hita, rafm. og vatni. Góð eign sem má gera mjög fina með nokkrum endurbótum. Barnvinsamlegur staður, stutt í leikskóla, grunnskóla og íþróttaaðstöðu. Verð 38,2 millj.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

S A F T

TRÚYFNA ÖNDEGANI ER Á ÖGGJAFET EFTIR Á NETIÐ

Jaxon vöðlur

Líklega bestu vöðlurnar fyrir peninginn. 4 og 5 laga vöðlur, engir saumar á innannverðum skálmum vasi, belti og poki fylgja.



Fullt verð 34.900 kr
Tilboð 24.900 kr

Snowbee U bátur

Snowbee U bátur, þriggja hólfa

Fullt verð 27.900 kr

Tilboð 19.900 kr.



Barnavöðlur

Frábært á smáfólkið.

Allir út að busla, veiða eða bara vera út í rigningunni með þurrar fætur.

Vandaðar og níoðsterkar vöðlur Fást í bleiku, grænu, bláu og mosagrænu.

St. 21 - 41

Verð 9.900 kr



Flugustangarsett - Diskabremsuhjól - Línur

Flugustangarsett frá Jaxon.

Monolith er nýjasta stöngin frá Jaxon. Lína 4-5-6-7- eða 8.



Gott diskabremsuhjól, lína að eigin vali og góður hólkur.

Fullt verð 38.900 kr

Tilboð 29.900 kr.

Veiðikassar

Þessi rúmar mikið af dóti, st. 49x28x28 cm. 4-5 kasthjól komast leikandi fyrir 2 skúffur. Allt á einum stað í stórum og góðum kassa.

Fullt verð 9.900 kr

Tilboð 5.900 kr.



Polaroid Veiðigleraugu

Polaroid gleraugu í miklu úrvali verð frá **2.990 kr.**



Flökunarhnífur

Gott úrval af flottum flökunarhnífum frá **1.990 kr.**

Komdu með gamla hnífinn og við brýnum hann fyrir þig og hann verður sem nýr fyrir **750 kr.**



Stangarhaldarar

Þessir hafa sannað sig í gegnum árin



Fullt verð 9.900 kr

Tilboð 7.900 kr

Strandveiðiset

Jaxon 15 feta stöng, 6 legu stórt hjól, 250m af 100 punda ofurlínu, taumar, sökkur, beituteygja, beita og nælur fylgja. Fullt verð 43.390 kr.

Tilboð 34.900 kr.

Okkar lang besta strandveiðiset !



Ódýrt byrjenda strandveiðiset Jaxon 15 feta stöng, 6 legu hjól, 250 metrar af 35 punda línu, taumar, sökkur og nælur . Fullt verð 23.800 kr

Tilboð 19.900 kr.



Jaxon byrjenda flugustangarpakki

Stöng, lína, hjól, 10 flugur, taumur, derhúfa og polaroid veiðigleraugu.

Frábært verð **19.900 kr**



Rapala mittisvöðlur

Frábærar mittisvöðlur frá Rapala Styrkingar á hnjám poki fylgir.

Fullt verð 34.900 kr

Tilboð 29.900 kr



Makríslóðar

Mikið úrval af makríslóðum

Verð frá 495 kr.



Veiðihjól



Jaxon Dolphin Strandveiðihjól ódýrasta stóra strandveiðihjól okkar. 3 Legur auka spóla. Tekur 250 metra af 0,40mm línu. **Verð 5.990 kr**



Stórt og öflugt strandveiðihjól með 6 legum og auka spólu. Fæst í tveimur stærðum 650 og 750 sem tekur um 300 metra af 0.40 línu. **Verð 8.950 kr**



Nýtt strandveiðihjól frá Jaxon. 6 legur, 2 spólu sem taka mis mikið magn af línu og eru sér hannaðar til að köstin verði sem lengst, rústfríar legur. Tekur um 300 metra af 0.40mm línu **Verð 15.900 kr**



Jaxon Marion er ódýrt en gott 3 legu hjól frá Jaxon fæst í tveimur stærðum **Verð 3.590 kr**



SUIT
SUMARPARTÝ
- Í KVÖLD -

-20%
AFSLÁTTUR
AF

S - tuttboxum
S - kyrtum
S - laufum og
S - kóm

NÝJAR VÖRUR
Tónlist
SUMARGLEÐI
og ÞÚ!

19:00 - 22:00

- VELKOMIN -

MENNING



VIÐ ÁSMUNDARSAFN Valin verk utandyra verða skoðuð í listsmiðjunni, spjallað um tilurð þeirra og efni.

Búa til skúlptúra í anda Ásmundar

Frá píramída til geimdreka – ferðalag um sýninguna Meistarahendur – er listsmiðja í Ásmundarsafni fyrir sex til níu ára börn dagana 20. og 21. júní.

„Við byrjum á að skoða sýninguna Meistarahendur með börnunum og eftir það fá þau frjálsar hendur til að vinna þrívíð verk. Það kemur örugglega eitthvað skemmtilegt út úr því,“ segir Ásdís Spanó myndlistarmaður. Hún og Hugrún Þorsteinsdóttir arkitekt leiða listsmiðju sem Listasafn Reykjavíkur í Ásmundarsafni stendur fyrir nú á föstudag og laugardag fyrir börn á aldrinum sex til níu ára.

Börnin munu kynna verkum og byggingu Ásmundar Sveinssonar ásamt því að fá tækifæri til þess að spreyta sig á eigin listsköpun innblásinni af verkum hans. En úr hverju eiga þau að vinna? „Þau fá efni við eins og leir, pappír, pappa og vír og ættu að geta búið til skúlptúra í anda Ásmundar,“ segir Ásdís glæðlega.

Listsmiðjan er dagsnámskeið og fer fram frá klukkan 10 til 13 báða dagana. Það er í boði Listasafns Reykjavíkur og er foreldrum að kostnaðarlausu.

-gun.



BALKAN-BANDIÐ Skuggamyndir frá Býsans.

Taktur og tilfinningar

Hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans leikur þjóðlög frá Balkanskaga í Sólheimakirkju 21. júní.

Menningarveisla Sólheima stendur sem hæst. Balkanbandið Skuggamyndir frá Býsans leikur í kirkjunni þar á laugardaginn klukkan 14. Á dagskrá er blanda af þjóðlögum frá Balkanskaganum en sú tónlist er annálúð fyrir tilfinningahita, stuð og ósamhverfar takttegundir. Listmunir íbúa Sólheima eru til sýnis í Ingustofu og í Sesseljuhúsi eru fugla- og dýrateikningar eftir Jón Baldur Hlíðberg. Ókeypís er á tónleikana og sýningarnar verða opnar í allt sumar.

-gun



BERGMÁLSHÓPURINN PETTA ÁRIÐ Carlos Cara Aguilera, Ástríður Alda Sigurðardóttir, Helga Póra Björgvinsdóttir, Grímur Helgason, Hafdís Vigfúsdóttir og Kristján Karl Bragason. Á myndina vantar Ellu Völu Ármannsdóttur og Margréti Hrafnadóttur.

MYND/VIGFÚS HALLGRÍMSSON

Fuglatónleikar, aríur og fingraflugeldar

Tónlistarhátíðin Bergmál hefst á Dalvík í dag. Efnið spannar allt frá þungum þönkum Brahms til skemmtitónlistar Lehárs, með viðkomu í íslenskri vörnæturkyrrð.

„Mesta nýnæmið er kannski fuglatónleikarnir á sólstöðum sem verða haldnir í samvinnu við heimamanninn Hjörleif Hjartarson,“ segir Kristján Karl Bragason pianóleikari spurður út í dagskrá tónlistarhátíðarinnar Bergmáls á Dalvík. Hátíðin er í Menningarhúsinu Bergi og byrjar í kvöld klukkan átta með fyrstu tónleikunum af þrennum. Þá hljóma verk gamalla meistara, meðal annars Svíta úr Sögu dátans eftir Stravínski og Fíðlusónata Mozarts í e-moll.

Dóttir Kristján Karl búi í Reykjavík núna kveðst hann vera norðanmaður, meira að segja frá Dalvík. Þetta er fimmta Bergmálshátíðin sem hann stendur fyrir ásamt kærustu sinni, Hafdís Vigfúsdóttur flautuleikara, og Grími Helgasyni klarinettuleikara. Að þessu sinni hafa þau fengið fimm tónlistarmenn í lið með sér.

Dagskráin ber keim af árstíðinni, að minnsta kosti fuglatónlistin sem

er á tónleikunum 21. júní. Hvernig útskýrir Kristján Karl hana? „Kvöldið byrjar á að Hjörleifur Hjartarson leiðir gesti um friðland fuglanna. Sú ferð byrjar klukkan átta og tekur kannski einn og hálfan tíma, svo fara gestir í Berg og fá sér kaffi og tónleikarnir hefjast klukkan tíu. Þar verða meðal annars verk sem tengjast fuglum og fuglasöng, bæði þjóðlagaútsendingar og frumsamin verk. Það er mikill söngur á þeim tónleikum, Margrét Hrafnadóttir sér um hann. Margrét bjó í Stuttgart í ein 15 ár en flutti heim í fyrra eins og mörg okkar og þekkir til á Dalvík, bjó þar í tvö ár fyrir mörgum árum, þannig að hún er þínu að koma heim líka.“

Lokatónleikarnir verða á sunnudaginn, þeir kallast Aríur og fingraflugeldar og Kristján Karl segir það lýsa tónleikunum vel. „Þar eru tæknilega erfið verk sem reyna á hæfni flytjenda. Til dæmis stórt stykki eftir króatískt tón-

„Kvöldið byrjar á að Hjörleifur Hjartarson leiðir gesti um friðland fuglanna. Sú ferð byrjar klukkan átta og tekur kannski einn og hálfan tíma, svo fara gestir í Berg og fá sér kaffi og tónleikarnir hefjast klukkan tíu.“

skáld, Stjepan Sulek. Hann er ekkert að hlífa spilurinum sem eru í þessu tilfelli ég á píanó og Carlos Caro Aguilera á básúnu. En það er auðvitað bara eitt verk af mörgum,“ segir Kristján Karl og kveðst vona að fólk skelli sér á Bergmál. Aðgangur á einstaka tónleika er 2.500 krónur, passi á alla þrenna tónleikana kostar 5.000 en ókeypis er fyrir 25 ára og yngri.

gun@frettabladid.is

MASKÍNAN ER ER Í LOFTINU

SIGGI HLÖ SKELLIHLÆJANDI OG Í SUMARSKAPI

ALLA VIRKA DAGA KL. 10:00 - 13:00



SIÓNVARP



BYLGJAN.IS



ÚTVAPPID



FM 98.9

HLUSTADU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER

BYLGJAN
989

GRIFFILLSVERÐ!

FRÁBAERAR FERÐATÖSKUR

**NÝ
SENDING**

**ÓTRÚLEGT
VERÐ!**

4 HJÓL, 77CM

9.999 kr

4 HJÓL, 67CM

8.999 kr

2 HJÓL, 50CM

7.999 kr

FÁANLEGIR LITIR:



**STÆRRI
VERSLUN!**

**KOMDU
NÚNA!**

GRIFFILL

GRIFFILL SÍMI: 533-1010 -
WWW.GRIFFILL.IS - SKEIFUNNI 11
OPIÐ TIL KL. 18.00 ALLA DAGA



Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Verð geta breyst án fyrirvara.

netto

Kræsingar & kostakjör

-42%

LAMBALÆRI
GRILLSAGAÐ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.895,-

1.099,-

GÓÐI

-23%

LAMBABÓGUR
Á GRILLID
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.298,-

999,-

GÓÐI

-25%

LAMBAFILE
MEÐ FITU - FROSID
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 4.598,-

3.449,-

-40%

GRÍSAHAKK
STJÖRNUGRÍS
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.298,-

779,-

LAMBAFRAMHRYGGUR
SNEIÐAR LAUSFRYSTAR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.989,-

1.591,-

-40%

KALKÚNAGRILLSNEIÐAR
M/SÍTRÓNUGRASI
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.498,-

1.499,-

-28%

LAMBALÆRI
ÍSLANDSKRYDDAÐ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.794,-

1.292,-

KJÖTSEL

ÍSFLUGL

-50%

KALKÚNAHAKK
100% 600 GR
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 798,-

399,-

-25%

LAMBAKÓTELETTUR
MEÐ SKAFTI
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.989,-

2.242,-

Kjötbankinn

-50%

TÓMATAR
ÍSLENSKIR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 639,-

320,-

netto
ALPA
BRAUÐ

-50%

ALPABRAUÐ 500 G
BAKAÐ Á STAÐNUM
STYKKJAVEÐ
VERÐ ÁÐUR 449,-

225,-

Tilboðin gilda 19. - 22. júní 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

HJÓLAÐU ÚT Í SUMARIÐ!

6
fyrir
4



1. Kaupu 6 fyrir 4 af 2 lítra Kristal með mexican-limebragði.
2. Taktu mynd af kassakvittuninni.
3. Sendu mynd með nafni og símanúmeri á leikur@kristall.is. Þú getur líka sent kvittunina í pósti til Ölgerðarinnar, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík. Sjá nánar á kristall.is.



Egils



DISCOVERY
SALSASÓSUR 290G
STYKKJAVERÐ

389,-



PEPSI EÐA PEPSI MAX
2JA LÍTRA
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 239,-

195,-



X-TRA SNAKK
SOUR CREAM 300 G
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 339,-

289,-

X-TRA SNAKK
SALT 300 G
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 298,-

248,-



X-TRA TORTILLA CHIPS
SALT EÐA CHILI 450 G
STYKKJAVERÐ
298,-

50%
Afsláttur
af nammibor!

www.netto.is

| Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Draga upp myndir af ákveðnum konum á Sturlungaöld

Málþing um konur í Sturlungu verður haldið í Kakalaskála í Skagafirði í dag. Guðrún Nordal verður þar á meðal frummælenda.

Kvenkyns líf nefnist erindi Guðrúnar Nordal á málþingi um konur í Sturlungu sem haldið verður að Kringlumýri í Skagafirði í dag milli klukkan 17 og 19. Um hvað skyldi hún tala? „Ég ætla að draga upp mynd af ákveðnum konum í Dölunum, Jóreiði Hallsdóttur sem varð ung ekkja og bjó í Sælingsdalstungu og dóttur hennar Helgu, sem varð kona Sturlu Þórðarsonar á Staðarhóli. Líka dóttur Helgu og Sturlu sem ung giftist syni Gissurar Þorvalds-sonar og lenti í Flugumýrabrennu.“

Guðrún segir Sturlungu karla-

sögu um stríð og deilur og telur formleg áhrif kvenna á framvindu atburða hafa verið takmörkuð. Segir þó Jóreiði í Sælingsdalstungu hafa haldið sjálfstæði sínu með því að fara í hungurverkfall þegar maður hafi girnst hana og tekið höndum eftir að hún varð ekkja. „Ég fjalla um möguleika kvenna til áhrifa á eigin líf og annarra á 13. öld og tengi frásögnina líka inn í Laxdælu. Það er skemmtilegt svið sem ég ætla að nota mér í þessu erindi.“

Stofnun Árna Magnússonar, félagið Á Sturlungaslóð, Héraðs-

bókasafn Skagfirðinga og Kakalaskáli halda málþingið. Auk Guðrúnar verða Gunnar Karlsson, prófessor við HÍ, og Sigríður Sigurðardóttir, forstöðumaður Byggðasafns Skagfirðinga, með erindi. Gunnars erindi nefnist Elskaðar konur – ástfangnar konur og Sigríður kallar sitt erindi Hefði Jörunn sagt já – og fjallar þar um friðarsinnann Jórinni Kálfsdóttur á Hafsteinsstöðum í Skagafirði.

Guðrún segir alla velkomna í Kakalaskála á kvenréttindadaginn til heiðurs formæðrum okkar.

gun@frettabladid.is



FORSTÖÐU-
MAÐURINN

„Ég fjalla um möguleika kvenna til áhrifa á eigin líf og annarra á 13. öld,“ segir Guðrún Nordal.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON

MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL × 20-22 JÚNÍ 2014

SECRET × SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK × SECRETSOLSTICE.IS

FÖSTUDAGUR
20. JÚNÍ: 11.900 KR.

LAUGARDAGUR
21. JÚNÍ: 12.900 KR.

SUNNUDAGUR
22. JÚNÍ 9.900 KR.

VIP HÁTÍÐARPASSI
20-22 JÚNÍ: 29.900 KR.

HÁTÍÐARPASSI
20-22 JÚNÍ: 19.900 KR.

ATH. AÐEINS HÁTÍÐARPASSAR GILDA INN Í HEL (EKKI DAGSMÍÐAR)

MASSIVE ATTACK

DISCLOSURE DJ WOODKID

Scholar Boy

JAMIE JONES

BANKS

KERRI CHANDLER (US) MÚM (IS) CARL CRAIG (US) DAMIAN LAZARUS (UK)

HJALTALÍN (IS) EATS EVERYTHING (UK) SKREAM (UK) GORGON CITY (UK)

XXX ROTTWEILER (IS) GLUTEUS MAXIMUS (IS) MAMMUT (IS) MAUS (IS) ..OG FJÖLDI ANNARRA!



FOUNDING SPONSOR

ICELANDIC



Budget



Coca-Cola

Carlsberg



the warehouse project

World Class

EIMSKIP

BYKO

Stemmtílegt hjó

MÍÐASALA Á SECRETSOLSTICE.IS OG Í LUCKY RECORDS



SÖNGKONAN Ragnheiður Gröndal tekur nokkur lög á torginu.

Blúsaður djass, djassaður blús

Skuggatríó saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar kemur fram á næstu tónleikum sumardjass-tónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu. Þeir verða núna á laugardaginn, 21. júní. Fyrir utan Sigurð sjálfan eru Hammond-orgelleikarinn Þórir Baldursson og trommuleikarinn Jóhann Hjörleifsson í tríoínu að þessu sinni.

Sérstakur gestur í nokkrum lögum verður söngkonan Ragnheiður Gröndal.

Tónleikarnir hefjast klukkan 15 og standa til klukkan 17. Þeir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu og þar mun hljóma blúsuð djass-tónlist og djasskenndir blúsar eftir Sigurð.

Aðgangur er ókeypis.

-gun



STAÐURINN Populus tremula er í kjallara Listasafns Akureyrar.

Fjölþjóðleg list

Sýning sjö listakvenna verður opnuð í Populus tremula á Akureyri á laugardaginn klukkan 14. Konurnar eru frá Hollandi, Bandaríkjunum, Svíþjóð og Kanada og hafa dvalið í mánuð á vinnustofu Textilseturs Íslands á Blönduósi. Á sýningunni, sem ber yfirskriftina Lightly Acquainted, getur að líta afrakstur vinnu þeirra þennan tíma þar sem þræðir þeirra hafa legið saman á framandi slóðum. Sýningin er einnig opin á sunnudaginn milli klukkan 14 og 17 og aðeins þessa einu helgi.

Pakkaðu rétt fyrir fríð

OZ fylgir áskriftinni í allt sumar



OZ er frábær ferðafélagi í sumar. Þú býrð til þitt eigið safn með öllu uppáhaldssjónvarpsefninu þínu og horfir þegar þér hentar.

Beinar útsendingar 365 eru allar aðgengilegar með OZ, svo þú getur horft á boltann í beinni eða safnað íþróttaefni og horft síðar.


Nú fylgir áskriftinni aðgangur að OZ í allt sumar. Nánar á 365.is

OZ



Fáðu þér áskrift! **365.IS**

BONUS BONUS BONUS BONUS



NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

Fjalla
Fjalla ferskt kryddað lambalæri

1298
KR.KG

FJALLA ferskt Kryddað lambalæri

NÝTT Í BÓNUS

359
kr. 454g

Amerískar **Eggjahvítur** 454g

2013 SLÁTRAD

1198
krónur kg.

Kaupfél. Skagfirðinga **Frosið heilt lambalæri** **FROSID**

2013 SLÁTRAD

1198
KR.KG

KS Lamba-Sirloinsneiðar **FROSNAR**

KJARNAFÆÐI

1598
kr 10 stk. 120g

Kjarnafæði **Frosnir Nautahamborgarar** 10x120g

BÓNUS Grillkjöt
Bónus BBQ grísakótiletur

1198
kr. kg.

Bónus BBQ grill grísakótiletur

BÓNUS
Grísakótiletur

1398
kr. kg.

BÓNUS úrb. GRILL-Grísakótiletur

BÓNUS úrb. GRILL-Grísakótiletur

norðanfiskur

1898
krónur kg.

Norðanfiskur **Íslenskir laxabitar** beinhreinsaðir m.roði

Norðanfiskur Íslenskir laxabitar beinhreinsaðir m.roði

BÓNUS
BACON

1598
krónur kg.

BÓNUS BACON/BEIKON

BÓNUS BACON/BEIKON

ACTILIFT
ARIEL

1698
kr. 38 þvottar

Ariel þvottaefni: 38 þvottar **45 KR. HVER ÞVOTTUR**

Hrískökur
SALTARAR

129
kr. 100g

Sollu-Lífrænt **Hrískökur** 100g

pepsi
pepsi MAX

195
kr. 2 ltr.

195
kr. 2 ltr.

Kolsýrt vatn
Kolsýrt vatn

129
kr. 2 ltr.

129
kr. 2 ltr.

HOMEBLEST

198
kr. 300g

198
kr. 300g

Spólo

198
kr. 250g

198
kr. 250g

Doritos
Doritos
Doritos

195
kr. 170g

195
kr. 170g

Doritos allar gerðir 170g

Hnetusmjör

379
kr. 340g

Sollu-Lífrænt **Hnetusmjör** 340g **GRÓFT OG FINT**

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BÍÓFRÉTTIR AFMÆLISBARN DAGSINS



Leikkonan Zoe Saldana er 36 ára í dag. Helstu myndir: Avatar, Star Trek Into Darkness, Star Trek og Pirates of the Caribbean: The Curse of the Black Pearl.

FRUMSÝNINGAR



Make Your Move dansmynd

Aðalhlutverk: Derek Hough, Boa Kwon, Will Yun Lee, Wesley Jonathan, Izabella Miko, Jefferson Brown, Miki Ishikawa og Rick Gonzalez.

IMDb 5,6/10 Rotten Tomatoes 40/100



Að temja drekkann sinn 2 teiknimynd

Aðalhlutverk: Sturla Sighvatsson, Þórunn Lárusdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Vigdís Pálsdóttir og fleiri.

IMDb 8,7/10 Rotten Tomatoes 77/100

VÍSINDASKÁLDSKAPUR

Kemur í stað Wills Smith

Leikarinn Jared Leto þykir líklegur til að leika aðalhlutverkið í myndinni Brilliance eftir að Will Smith þurfti að afþakka hlutverkið. Leikstjórn er í höndum Julius Onah og fer leikkonan Noomi Rapace með stærsta kvenhlutverkið. Myndin er byggð á vísindaskáldsögu eftir Marcus Sakey.



TEIKNIMYNDIR

Prinsessan Poppy

Leikkonan Anna Kendrick ljær prinsessunni Poppy rödd sína í teiknimyndinni Trolls en figúrunnar í myndinni, sem er söngleikur, eru lukkutróllin sem voru gríðarlega vinsæl, fyrst á sjöunda áratugnum og síðar á tíunda áratugnum. Trolls kemur í bíó í nóvember árið 2016.



MIKILL HASAR Jackie hefur marga fjöruna sopið í heimi hasarmyndanna.

NORDICPHOTOS/GETTY

Hasar gert hátt undir höfði

Hasarmyndahetjan Jackie Chan tilkynnti í vikunni að alþjóðleg hasarmyndavika yrði haldin á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Sjanghæ á næsta ári. Jackie er einn sá reynslumesti í hasarmyndabransanum og er með myndir á borð við Rush Hour, Shanghai Knights, The Spy Next Door og Forbidden Kingdom á ferilskrání.

Á kvikmyndavikunni verða þeir kvikmyndagerðarmenn heiðraðir sem hafa lagt hönd á plóginn í gerð hasarmynda í gegnum tíðina. Sérstök nefnd safnar saman hasarmyndum víðs vegar að úr heiminum og getur almenningur valið um hvaða myndir verða sýndar á hátíðinni. Þá verður einnig boðið upp á fyrirlestra þar sem farið er í saumana á tækninni sem notuð er til að búa til góða hasarmynd.

Jackie er nýkominn úr tókum á kvikmyndinni Dragon Blade en á meðal annarra leikara í myndinni eru John Cusack og Adrien Brody.

-lkj

Síðasta mynd Pauls Walker

Kvikmyndin Brick Mansions var frumsýnd á Íslandi í gær. Leikarinn Paul heitinn Walker leikur leynilögreglumanninn Damien Collier í myndinni en Paul lést í bíslýsi í lok nóvember á síðasta ári.

Hasarmyndin Brick Mansions var frumsýnd hér á landi í gær en með aðalhlutverkið fer Paul heitinn Walker.

Paul lést í bíslýsi í borginni Santa Clarita í Kaliforníu í lok nóvember í fyrra, fertugur að aldri. Við krufningu leikarans kom í ljós að hann lést bæði vegna brunasára og höggsins sem hann fékk í bíslýsinu. Leikarinn var farþegi í Porsche-bifreið sem skall á tré og kviknaði í bílnum í kjölfarið.

Brick Mansions er síðasta myndin sem hann lék í áður en hann lést. Sjöunda Fast and the Furious-myndin var í framleiðslu þegar slysið átti sér stað og leikur Paul í henni en tvífarir hans var notaður til að klára tókur myndarinnar.

Paul leikur leynilögreglumanninn Damien Collier í Brick Mansions en myndin gerist í Denver í Bandaríkjunum. Þar ríkir glundroði og gömul múrsteinshús hýsa hættulegustu glæpamenn borgarinnar.

Há glæpatíðni reynist lögreglunni ofviða, og því reisir hún risavaxinn vegg í kringum svæðið til að vernda borgarbúa. Á meðan leynilögreglumadurinn Damien Collier reynir að uppræta spillingu í borginni, á fyrrverandi fanginn Lino fullt í fangi með að lifa heiðvirdu lífi. Einn dag liggja leiðir þeirra saman þegar glæpaforinginn Tremaine rætur kærustu Linos, og Damien ákveður að þiggja aðstoð hans við að stöðva hættulegt ráðabrug um að leggja alla borgina í rúst.

Tónlistarmaðurinn RZA, einn meðlima rapphljómsveitarinnar Wu-Tang, leikur Tremaine en hann og Paul voru miklir vinir. Andlát Pauls fékk mikið á hann og eyddi hann heilli nótt í að semja lagið Destiny Bends til heiðurs leikaranum.

Í öðrum hlutverkum eru David Belle og Catalina Denis.



HVÍL Í FRÍÐI Paul Walker lést í bíslýsi í fyrra.

Endurgerð á franskri mynd

Brick Mansions er endurgerð á frönsku myndinni District B13 frá árinu 2004. David Belle lék sama karakter í henni og hann gerir í Brick Mansions. Hann talar ekki reiprennandi ensku og ber hana yfirleitt fram

með mjög þykkum, frönskum hreim. Til að gera það sannfærandi að Leno hafi búið í Denver um árabíl var hasarmyndahetjan Vin Diesel fengin til að tala inn línurnar hans.



Hlustaðu á **tónlist** í allt sumar!
Taktu 3 mánuði
en borgaðu aðeins fyrir 2!
Aðeins 3.398,-



Tónlist.is

Hlustaðu hvar og hvenær sem er. Þú getur hlustað í tölvunni, símanum, spjaldtölvunni og í græjunum.





LAGERHREINSUN 20%–70% AFSLÁTTUR



Einnig bjóðum við
**10%–50%
AFSLÁTTUR**
Af völdum
sýningarhúsgögnum
í verslun

Rýmum fyrir nýjum vörum!
Frábær húsgögn fyrir heimilið og í sumarbústaðinn.

Tungusófar, hornsófar, hægindasófar,
hægindastólar, rúm, rúmgafnar, ljós,
borð, sjónvarpsskenkar, sængur, koddar,
náttborð, stakir stólar, sófar, sófaborð...
...og margt, margt fleira

LAGERHREINSUN
HLÍÐASMÁRA 1
19.–28. júní

Opið:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

LÍFIÐ

TREND Á INSTAGRAM HÆTTULEGASTA KASSAMERKIÐ Á INTERNETINU

Stórhættulegt æði hefur gripið um sig í heiminum þar sem öikumenn taka sjálfsmyndir, eða „selfie“, af sér við akstur og merkja þær á samfélagsmiðlinum Instagram með kassamerkinu #drivingselfie. Mikið „selfie“-æði hefur gripið um sig eftir að Óskarskynnirinn Ellen DeGeneres tók myndina frægu á hátíðinni sem er sú mynd sem oftast hefur verið endurtíkt. Ekki bætir úr skák að stjórnmennar taka þátt í því að halda kassamerkinu #drivingselfie gangandi – þar á meðal ungstirnið Miley Cyrus.



TEKUR ÞÁTT Í ÆÐINU Miley Cyrus tekur mynd af sér við akstur og ýtir undir trendið.

11% öikumanna játa að taka sjálfsmyndir undir stýri þrátt fyrir hættuna sem því fylgir.

18-24 ára öikumenn eru í meirihluta þeirra sem taka sjálfsmyndir undir stýri.

18-24 ára öikumenn eru tvisvar sinnum líklegri til að kíkja á samfélagsmiðla undir stýri en aðrir aldurshópar.

9% skrá sig inn á forritið Snapchat undir stýri.

Fengið úr könnun vefsíðunnar confused.com þar sem úrtakið var tvö þúsund öikumenn.



Fantagóð frosin jógúrt

Það er tilvalið að búa til þetta ískalda lostæti.

1. Frosin granateplajógúrt

Frosin jógúrt
2 bollar grísk jógúrt)
4 msk. hunang

Granateplasnúningur
2 bollar granateplafrae
4 msk. hunang
2 msk. sítrónusafi
½ msk. maizena-mjöl

Setjið granateplafrae í matvinnsluvéi og myljið í smástund. Setjið fræin, hunang, sítrónusafa og maizena-mjöl í pott og hitið yfir lágum hita þangað til súður. Leyfið að sjóða í nokkrar mínútur. Takið af eldavélinni og leyfið að kólna í smástund. Hellið blöndunni í gegnum sigti til að losna við fræin. Setjið sósuna í ísskáp þangað til hún er köld.

Blandið hunangi við grísku jógúrtina. Frystið í um einn til tvo tíma. Takið úr frystinum og hrærið með gaffli. Setjið aftur inn í frysti þangað til blandan er nánast gaddfreðin. Setjið blönduna í matvinnsluvéi og blandið vel. Hellið granateplasósunni ofan á og blandið með gaffli. Setjið í frysti eða berið fram strax.

Fengið af <http://www.anjasfood4thought.com/>

2. Jarðarberjajógúrt

Safi úr einu súraldini
2 msk. vodka
6 msk. hunang
6 bollar frosin jarðarber
2/3 bollar grísk jógúrt

Blandið öllum hráefnum saman í matvinnsluvéi í um fimm mínútur. Berið fram strax eða setjið í frysti.

Fengið af <http://www.preventionrd.com/>

3. Karamellusósa

240 g sykur
80 g bráðið smjör
200 ml rjómi

Bræðið sykurinn yfir lágum hita þangað til hann fær karamellulit. Hrærið smjöriinu og rjómanum hratt og vel saman við. Takið af hitanum og leyfið að kólna við stofuhita.

Fengið af <http://www.jcupcakes.co.uk/>

4. Mangójógúrt m. pistasíukurli

Frosin jógúrt
2 bollar frosið mangó
½ bolli jógúrt
1 msk. hunang
¼ tsk. kardíomommur

Pistasíukurli

2 msk. saxaðar pistasíuhnetur
2 msk. saxaðar möndlur
1 msk. kókossykur
1/8 tsk. kardíomommur
1/2 tsk. kókosolía

Blandið öllum hráefnum í kurlíð saman í skál og blandið saman með höndunum þannig að kókosolían þeki allt. Blandið öllum hráefnum í jógúrtina saman í matvinnsluvéi í um þrjár mínútur. Berið fram strax með kurlinu ofan á eða frystið.

Fengið af <http://www.runningtothekitchen.com/>

Ferðast frá Kína til þess eins að tjalda

Ernir Skorri Pétursson flýgur sérstaklega frá Kína til Íslands á sumrin til þess að slá upp tjöldum fyrir þyrsta útihátíðargesti. Sumarið kemur með tjöldunum.

„Það er orðin hefð hjá mér að koma til landsins til þess að tjalda fyrir þyrsta útihátíðargesti,“ segir lögfræðingurinn og tjaldarinn Ernir Skorri Pétursson en hann á fyrirtækið Rentatent.is ásamt frænda sínum Arnari Bjartmarz. Ernir Skorri hefur verið búsettur í Kína undanfarin ár þar sem hann stundar nám og vinnu en hann kemur þó á hverju sumri til landsins til þess að setja upp tjöld á vel völdum útihátíðum. „Sumarið kemur ekki hjá mér fyrr en ég hef hent upp nokkrum tjöldum.“

Rentatent.is sérhæfir sig í að leigja út tjöld á stærstu útihátíðum landsins og hefur verið starfrækt síðan sumarið 2012. Fyrirtækið er þó meira en bara tjaldleiga og er markmiðið hjá eigendunum að viðskiptavinir þeirra upplifi sig sem gesti á hóteli án þess þó að sjarminn sem fylgir útilegum fari forgörðum. „Fólk einfaldlega fer á heimasíðuna okkar og velur sér tjald og aukabúnað á borð við dýnur, svefnpoka og kotta. Í kjölfarið mættir viðkomandi áhyggjulaus á útihátíðina og þá erum við búnir að tjalda tjaldinu, blása í dýnuna og búa um. Í lok hátíðar göngum við svo frá öllu og tökum til.“

Þeir félagar byrjuðu á Bestu útihátíðinni sumarið 2012 og hafa svo verið að bæta við sig hátíðum og verða á nokkrum hátíðum í sumar. „Við verðum á Secret Solstice-hátíðinni í Reykjavík, ATP-tónlistarhátíðinni í Reykjanesbæ og á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum,“ bætir Ernir Skorri við.



ÖLLU TJALDAÐ TIL Arnar Bjartmarz á fyrirtækið Rentatent.is.

MYND/EINKASAFN

Hann segir þetta alltaf hafa gengið mjög vel og að eftirspurnin hafi aukist jafnt og þétt. „Við leggjum mikla áherslu á að bæta þjónustuna með hverju árinu og erum til dæmis að útbúa sérstaka stöð til að hlaða farsíma, skoða útfærslu sem mun gera fólk kleift að kæla drykkina sína og svo erum við að biða eftir leyfi frá Persónuvernd fyrir upsetningu öryggismyndavéla.“

Hann segir að sú nýjung sem þó eigi eflaust eftir að gleðja hvað mest sé sú að þeir ætli að bjóða upp á fritt kaffi sem sé mikið þarfabætur hjá kúnum þeirra í morgunsárið.



TJALDVÉLIN MIKLA Ernir Skorri Pétursson leggur lögfræðina til hliðar til að slá upp tjöldum fyrir þyrsta útihátíðargesti.

MYND/EINKASAFN

8.6.2014 → 15.6.2014



LAGALISTINN

1	▶ The Common Linnets	<i>Calm After The Storm</i>
2	▲ M. Jackson & J. Timberlake	<i>Love Never Felt So Good</i>
3	★ Jón Jónsson	<i>Ljúft að vera til</i>
4	▼ Mr. Prozb	<i>Waves</i>
5	▼ Coldplay	<i>A Sky Full Of Stars</i>
6	▲ Nico & Vinz	<i>Am I Wrong</i>
7	▲ Sam Smith	<i>Stay With Me</i>
8	▶ Júníus Meyvant	<i>Color Decay</i>
9	▼ Kaleo	<i>I Walk On Water</i>
10	▲ Basim	<i>Cliché Love Song</i>

Skýringar ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframléiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á vísir.is

Þátttakendur í Lagalistaum Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. Verðslanir í Tónlistanum Skífan, Hagkaup, Penninn/ Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.



TÓNLISTINN

1	▲ Dimma	<i>Vélráð</i>
2	★ GusGus	<i>Mexico</i>
3	▼ Ýmsir	<i>Fyrir landann</i>
4	▼ Kaleo	<i>Kaleo</i>
5	▲ Ásgeir Trausti	<i>Dýrð í dauðabögn</i>
6	▼ Ýmsir	<i>This Is Icelandic Indie Music Vol. 1 & 2</i>
7	▼ Ýmsir	<i>SG hljómplötur</i>
8	▼ Samaris	<i>Silkirangar</i>
9	▼ Ýmsir	<i>This Is Icelandic Indie Music Vol. 1</i>
10	▲ Mammút	<i>Komdu til mín svarta systir</i>

GLEÐILEGT SUMMAR

SJÓÐHEIT SUMARVERÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM



10" GALAXY TAB3

Stórglæsileg Galaxy Tab 3 með ótrúlegum 10.1" fjölsnertiskjá og öflugum Dual Core örgjörva

36.900

ÁÐEINS 1STK Á MANN!



10 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ AÐUR 24.900

MOBII P925

Öflug 9" Dual Core spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir og internetið á sjóðheitu sumarverði

14.900

SJÓÐHEITT SUMARVERÐ!)

ÚRVAL SPJALDTÖLVA
Á VERÐI FRÁ 9.990

BESTU KAUPIN

Erum að rýma sýningareintök, skilavörur og útlitsgallaðar spjaldtölva á ótrúlegum verðum

FRÁ 9.990

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

4BLS
NÝR SJÓÐHEITUR
SUMARBÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF
SNILLD :)

Þirt með fyrirvara um breytingar, innsláttarviltur og myndabengi

OPNUNARTÍMAR

Virka daga

10:00 - 18:30

Laugardaga

11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík í útrás

RIFF hefur hlotið styrk til að vinna með kvikmyndargerðarmönnum og fagfólki frá Færeyjum og Grænlandi.

„Við eigum heilmikið sameiginlegt með þessum nágrannaþjóðum okkar og höfum lengi velt því fyrir okkur hvernig við getum þróað góð tengsl okkar á milli,“ segir Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík, RIFF, en hátíðin hefur hlotið styrk til að vinna með kvikmyndargerðarmönnum og fagfólki á Grænlandi og í Færeyjum. „Við höfum kallað þetta RIFF í útrás. Í þessum löndum eru í raun

engar starfandi alþjóðlegar kvikmyndahátíðir líkt og RIFF og því vildum við bæta tengslin á milli landanna og leyfa þeim að upplifa brot af því besta hjá RIFF,“ segir Hrönn. Búið er að opna sérstaklega fyrir umsóknir kvikmynda frá þjóðunum tveimur fyrir næstu hátíð sem fram fer 25. september til 5. október og verður tekið við umsóknum til 15. júlí.

„Við skynjum að það er heilmikil gerjun í þessum bransa í báðum löndum og margt spenn-


andi að gerast. Við ætlum því ekki bara að fá kvikmyndagerðarfólkið hingað til lands heldur ætlum við einnig að fara til Grænlands og Færeyja og sýna kvikmyndir í samvinnu við heimamenn. Ég held að þetta sé ofboðslega skemmtilegt og eins tel ég að það felist frábær tækifæri í þessu fyrir kvikmyndagerðarfólk frá löndunum tveimur, sem og íslenskt kvikmyndagerðarfólk. Þar að auki verður gaman að fá að kynna þessum þjóðum enn betur.“ -ka



HLAKKAR TIL SAMSTARFSINS Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi RIFF, telur að það felist frábær tækifæri í samstarfi Íslendinga við nágrannaþjóðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Trylltir tvífarar í Game of Thrones

Sjónvarpsþáttaröðin Game of Thrones er ein sú vinsælasta í heiminum í dag. Karakterarnir eru jafn misjafnir og þeir eru margir en flestir þeirra sem eru í aðalhlutverki eiga sér tvífara úr poppmenningunni.



→ Aðskildar við fæðingu?

Leikkonan Maisie Williams, sem leikur Arya Stark, setti mynd af sér á Twitter við hliðina á mynd af söngkonunni Lorde og gætu þær hæglega verið systur.



→ **Kóngurinn og kántrísöngvarinn** Jack Gleeson túlkar hinn ópolandi kóng Joffrey Baratheon og er karakterinn ekkert líkur kántrísöngvaranum sjarmerandi Hunter Hayes. Þeir gætu hins vegar verið bræður ef aðeins er dæmt eftir útlitinu.



→ **Tindrandi augu** Kit Harington leikur Jon Snow í þáttunum en er sláandi líkur söngvaranum John Mayer, sérstaklega þegar sá síðarnefndi var enn með sítt há.




→ **Karma Chameleon** Leikkonan Sophie Turner fer með hlutverk Sönsu Stark en minnr oft á tónlistarmanninn Boy George þegar hann var upp á sitt besta á níunda áratugnum.



→ **Mjaðmirnar ljúga ekki** Daenerys Targaryen, sem leikin er af Emiliu Clarke, er eins og klippt út úr tónlistarmyndbandi með söngkonunni Shakiru.



→ **Pú og ég** Ef ekki fer vel fyrir Theon Greyjoy, sem leikinn er af Alfie Allen, gæti hann vel orðið staðgengill Harrys Styles í strákasveitinni One Direction.



Íslenska stuttmyndin Jón Jónsson vekur athygli erlendis

Stuttmyndin Jón Jónsson var valin til þátttöku á Viewster Film Fest Online. Framleiðandi myndarinnar biður Íslendinga um að kjósa hana.

„Við gerðum þessa mynd fyrir mjög lítið fjármagn og draumurinn hefur alltaf verið að gefa þeim sem lögðu hjarta og sál í þetta verkefni eitthvað til baka,“ segir Lára Guðrún Jóhannudóttir, framleiðandi stuttmyndarinnar Jón Jónsson. Myndin var valin til þátttöku á vefkvikmyndahátíðinni Viewster. Lára segir að 568 myndir keppi á hátíðinni en þemað að þessu sinni var flókin ástarsambönd.

„Myndin okkar, Jón Jónsson, fjallar um ekkil sem býr einn og hefur aldrei gíft á ný. Hann er vanafastur og heldur í sína föstu rútinu. Hann átti í talsvert

flóknu sambandi við látnu eiginkonuna og skyndilega fara undarlegir atburðir að gerast,“ segir Lára, en Jón Jónsson er leikinn af engum öðrum en Erlingi Gíslasyni. Sigurmyndin hlýtur 70.000 þúsund Bandaríkjadali í verðlaun en Jón Jónsson er um þessar mundir í 34. sæti af öllum 568 myndunum.

„Við höfum verið að mjakast upp listann án þess að hafa hvatt nokkurn til að kjósa. Nú ætlum við hins vegar að biðla til fólks um að kjósa myndina svo við komumst ofar en það virðist vera eins og hjörtu Íslendinga slái saman á netinu,

það vilja yfirleitt allir styðja við bakið á ungum og upprennandi Íslendingum,“ segir Lára.

Kosningu lýkur 26. júní en dómnefnd mun síðan fara yfir efstu tíu myndirnar. „Jón Jónsson er þrusugóð mynd sem fólk á eftir að hafa gaman af. Erlingur er líka farinn að draga sig í hlé í leiklistinni svo þetta er kannski í eitt af síðustu skiptunum sem hægt er að sjá hann njóta sín á skjánum.“ Lára hvetur fólk til þess að fara inn á viewster.com og kjósa myndina en hægt er að horfa á hana án endurgjalds til 26. júní.



FER MED AÐALHLUT-VERKIÐ Erlingur Gíslason leikur ekkilinn Jón sem átti í flóknu sambandi við eiginkonuna í stuttmyndinni Jón Jónsson.



HÆTTI Í RUGLINU Tim McGraw hætti allri neyslu áfengis og annarra vímuefna árið 2008.

Hætti fyrir fjölskylduna

Kántrístjarnan Tim McGraw viðurkennir að hafa hætt allri drykkju og eiturlyfjaneyslu vegna þess að hann óttaðist að missa fjölskyldu sína. Söngvarinn, sem á þrjár dætur á unglingsaldri með söngkonunni Faith Hill, segir í viðtali við tímaritið Men's Health að eiginkonan hafi sett honum stólinn fyrir dyrnar árið 2008.

„Það verður algjör vitundarvakning þegar konan segir þér að þú sért farinn að ganga of langt. Ég fattaði að ég gæti mögulega misst fjölskylduna.“ McGraw segist hafa áttað sig á því að dætur hans hafi verið komnar á þann aldur að þær voru farnar að taka eftir óhóflegri drykkju hans og þá hafi verið kominn tími á að hætta.

Grint á Broadway

Leikarinn Rupert Grint þreytir nú frumraun sína á Broadway. Grint, sem er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt í Harry Potter-myndunum, hefur einbeitt sér að leiksviðinu síðan síðasta Harry Potter-myndin var frumsýnd.

Nú hefur hann gengið til liðs við leikhóp It's Only a Play, sem verður frumsýnt í New York í október. Ásamt Grint leika þau Matthew Broderick, Nathan Lane, F. Murray Abraham, Stockard Channing, Megan Mullally og Micah Stock í verkinu. Grint hefur áður látið

hafa það eftir sér hvað hann sé ánægður með að leika á sviði. „Það opnar augu mín fyrir svo mörgu, ég er búinn að læra svo margt.“



Á SVIÐ Rupert Grint kann vel við sig á sviðinu.

NORDICPHOTOS/GETTY



Eftirlæti



Mmmmm ...
fersk, frískandi og
sumarleg ostakaka





Gæddu þér á ljúffengri ostaköku í sumar með fersku sítrónubragði. Fæst í næstu verslun.

SAMbio.is

**FRÁBÆR DANSMYND
FRÁ PEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR
SAVE THE LAST DANCE
OG STEP-UP MYNDIRNAR**

DREKANN 2

VINS-ELASTA MYNDIN
Í HEIMINUM Í DAG

MALEFICENT
ANGELINA JOLIE OG ELLE FANNING

EKKI TRÚA ÆVINTÝRINU

EDGE OF TOMORROW

FRÁBÆR RÖMANTÍSK GAMANYND

BLENDED

EDGE OF TOMORROW

GODZILLA

MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST

SAMÞÓÐN ALFABAKKA		SAMÞÓÐN EGILSHÖLL	
MAKE YOUR MOVE	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	AD TEMJA DREKANN SINN 2 ISL.TAL	kl. 5:40
MAKE YOUR MOVE VIP	kl. 10:20	MAKE YOUR MOVE	kl. 5:35 - 8 - 10:25
AD TEMJA DREKANN SINN 2 ISL.TAL	kl. 3:40 - 5:50	BLENDED	kl. 5:30 - 8 - 10:30
AD TEMJA DREKANN SINN 2 ISL.2D	kl. 3:40 - 5:50 - 8	MALEFICENT 2D	kl. 5:50 - 8
MALEFICENT 3D	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	EDGE OF TOMORROW 3D	kl. 8 - 10:30
MALEFICENT VIP 2D	kl. 3:40 - 5:50 - 8	A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST	kl. 10:10
BLENDED	kl. 5:30 - 8 - 10:30	SAMÞÓÐN KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI	
EDGE OF TOMORROW 2D	kl. 8 - 10:20	MAKE YOUR MOVE	kl. 5:40 - 8 - 10:10
BAD NEIGHBOURS	kl. 10:30	BLENDED	kl. 8
SAMÞÓÐN AKUREYRI		MALEFICENT 2D	kl. 5:50 - 8
MAKE YOUR MOVE	kl. 8	EDGE OF TOMORROW 2D	kl. 10:20
BLENDED	kl. 10:20	GODZILLA 2D	kl. 5:20 - 10:30
MALEFICENT 3D	kl. 5:50 - 8	SAMÞÓÐN KEFLAVÍK	
EDGE OF TOMORROW 3D	kl. 10:10	MAKE YOUR MOVE	kl. 8
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is			
BLENDED	kl. 10:20	BLENDED	kl. 10:20
		22 JUMP STREET	kl. 8 - 10:20

Á háum hesti

BAKPANKAR
Bergs Ebba
Benediktssonar



PEGAR ég keyri bíl þá þoli ég ekki hjólreiðafólk. Að sjá tvo hjólreiðamenn hjóla samsíða á 30 km hraða á akrein þar sem ég ætla mér að keyra á 50 km hraða fær blóð mitt til að sjóða. Ég þoli ekki að vera hindraður af hjólandi fólk. Ég hugsa ekki aðeins illa til þess heldur set ég saman eittraður hugsanir um allt sem tengist hjólreiðum. Þegar ég keyri bíl hata ég hjólastiga, hjólabúðir, Gísla Marteinn, allt hollenskt, þröng fót, hvers konar keðjur, gjarðir og teina. Ef ég neyðist til að stansa við gangbraut til að hleypa hjólandi fólk yfir þá finnst mér ég eiga skilið fálka-orðuna fyrir miskunnsemi gagnvart þessum annars flokks borgurum. Í raun ættu þessir hjólavesalingar bara að þakka Guði (mér) fyrir miskunnsemi mína, enda er ég þeim æðri, bý yfir a.m.k. 163 hestöflum umfram þá (hógvært mont) og get keyrt til Akureyrar í einum rykk án þess að þurfa svo mikið sem að fá mér vatnssopa. Ég væri til í að sjá hjólreiðamann gera það.

EN PEGAR ég hjóla er þessu öfugt farið. Já. Ég hjóla líka. Þá þoli ég ekki ökumenn. Þegar ég finn fyrir öku-manni sem reynir að komast fram úr mér þá hlakkar í mér yfir heimsku hans og hans umhverfiseyðandi offitvaldandi lífsstíl. Ég horfi á borgina og sé ekkert nema frekju einkabílsins, skammsýni heimskra stjórnmalamanna á 20. öldinni sem skildu ekki samhengi manns og náttúru. Ég fyrir-lít fólk sem keyrir einsamalt í bílum sínum, með staðið blóð í æðum og fölar kinnar hlustandi á hugmyndasnauda dagskrárgerðarmenn lesa upp netfréttir í síðdegisþáttum útvarpsstöðva á meðan það spærir upp svifryk og spyr út gróðurhúsalofttegundum. Ég tel þá sem aka bílum ekki gjaldgenga sem homo sapiens heldur tilheyrja útvötnuðu, forheimskuðu kyni sem gæti aldrei náð þeim djúpa þolinmóða skilningi á tilverunni sem ég sjálfur hef öðlast.

ÉG ER kominn með símann hjá læknavaktinni og lofa að leita mér hjálpar áður en það verður of seint.

Banks vill hitta Björk

Jillian Banks er ein efnilegasta tónlistarkona Bandaríkjanna en hún kemur fram á Secret Solstice-hátíðinni og segist vera spennt fyrir næturlífinu í Reykjavík.

Bandaríska tónlistarkonan Jillian Banks kemur fram á Secret Solstice-hátíðinni um helgina en hún byrjaði að semja tónlist þegar hún fékk hljómborð gefins frá vinkonu sinni til þess að hjálpa henni í gegnum skilnað foreldra sinna.

“Síðan ég byrjaði að spila þá hef ég litið á tónlist sem öruggan stað fyrir mig til þess að vera á.” Þrátt fyrir ungan aldur þá virðist söngkonan vera mjög þroskuð, hún notast ekki við samfélagsmiðla á borð við Instagram og Twitter heldur lætur umboðsmann sinn sjá um það. Hins vegar er hún með sitt persónulega símanúmer skráð á Facebook-síðu sinni og segir aðdendum bara að hringja, vilji þeir tala við hana. Blaðamaður hringdi og staðfesti að þetta væri hennar númer. „Ég reyni að svara eins mörgum og ég get,“ segir Banks. „Það fer að verða erfiðara en hver veit hvað gerist í framtíðinni, ég elska að tengja við fólk.“

Hún lýsir tónlistinni fyrir blaðamanni Fréttablaðsins sem friðarathvarfi þar sem hún getur sagt hvað sem hún vill. „Síðan ég byrjaði að spila þá hef ég litið á tónlist sem öruggan stað fyrir mig til þess að vera á.“ Þrátt fyrir ungan aldur þá virðist söngkonan vera mjög þroskuð, hún notast ekki við samfélagsmiðla á borð við Instagram og Twitter heldur lætur umboðsmann sinn sjá um það. Hins vegar er hún með sitt persónulega símanúmer skráð á Facebook-síðu sinni og segir aðdendum bara að hringja, vilji þeir tala við hana. Blaðamaður hringdi og staðfesti að þetta væri hennar númer. „Ég reyni að svara eins mörgum og ég get,“ segir Banks. „Það fer að verða erfiðara en hver veit hvað gerist í framtíðinni, ég elska að tengja við fólk.“

Hin efnilega söngkona hefur aldrei áður komið til Íslands en segist ekki geta beðið eftir að koma. „Ég hef heyrt að Ísland sé einn fallegasti staður á jörðinni,“ segir Banks og bætir því við að henni þætti frábært að fá að hitta Björk og heyra Sigur Rós spila. Þegar minnst er á hið alræmda næturlíf Reykjavíkur hlær söngkonan og segist vanalega djamma of mikið. „En eins og næturlífinu hefur verið lýst fyrir mér þá hljómar það alveg mjög freistandi.“ Banks mun spila á Secret Solstice-hátíðinni um helgina og segist vera mjög spennt fyrir því að koma fram. „Ég er samt spenntust fyrir því að sjá öll hin tónlistaratriðin.“



TILFINNINGALEG TÓNLIST Banks byrjaði að semja tónlist til þess að komast í gegnum skilnað foreldra sinna.

HVER ER BANKS?

Jillian Banks, betur þekkt undir eftirnafni sínu Banks, er 26 ára gömul söngkona frá Los Angeles. Fyrsta plata hennar, Goddess, kemur út í september á þessu ári en þrátt fyrir að hafa ekki gefið út plötu hefur hún skapað sér stórt nafn innan tónlistarheimsins og á alþjóðavettvangi. Árið 2013 átti hún lag í auglýsingum Victoria's Secret og var tilnefnd til „Sound of 2014“-verðlauna BBC og „Brand New“-verðlauna MTV. Í þökkabót var hún einnig valin „Artist to Watch“ af sjónvarpsstöðinni Fox Weekly.

SMÁRA BÍÓ

DREKANN 2

HÁSKÓLA BÍÓ

22 JUMP STREET

BRICK MANSIONS

X-MEN

SMÁRA BÍÓ		HÁSKÓLA BÍÓ	
AD TEMJA DREKANN 2 2D ISL.TAL	kl. 3:30 - 5:45	AD TEMJA DREKANN 2 2D ISL.TAL	kl. 5:45
AD TEMJA DREKANN 2 3D ISL.TAL	kl. 3:30 - 5:45	TRAIN...DRAGON 3D ENS.TALÓTEXT.	kl. 8 - 10:15
BRICK MANSIONS	kl. 5 - 10:40	22 JUMP STREET	kl. 8 - 10:30
22 JUMP STREET	kl. 5:30 - 8 - 10:30	GRACE OF MONACO	kl. 5:40
22 JUMP STREET LÚXUS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	FAULT IN OUR STARS	kl. 5:20 - 8 - 10:40
FAULT IN OUR STARS	kl. 8 - 10:40	VONARSTRÆTI	kl. 5:20 - 8 - 10:40
TÖFRALANDIÐ OZ 2D ISL.TAL	kl. 3:30	GÆÐASTUND	
X-MEN 3D	kl. 8 - 10:45		
VONARSTRÆTI	kl. 8		

Miðasala á: eMiði Kauptu miða á X-Men með Netgiró

LAUGARÁS BÍÓ

BRICK MANSIONS

midis.is

Miðasala og nánari upplýsingar

Coca-Cola

22 JUMP STREET

VONARSTRÆTI

TÖFRALANDIÐ OZ 2D

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
BRICK MANSIONS	8, 10
TEMJA DREKANN SINN 2D	3:40, 5:50
22 JUMP STREET	5:40, 8, 10:20
MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST	10
VONARSTRÆTI	4, 7
TÖFRALANDIÐ OZ 2D	3:40

Símí: 553-2075 www.laugarasbio.is

BÍÓ PARADÍS

HM Í FÓTBOLTA Í BEINNI FRÍTT INN

EUROPA CINEMAS

SHORT TERM 12

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



ÞETTA KLASSÍSKA SEM ALLIR ELSKA

Remi hefur um árabíl notið mikilla vinsælda hér á landi enda einstaklega bragðgott og ljúft. Renndu við í næstu verslun 10-11 og noeldu þér í einn pakka eða svo, við tökum vel á móti þér!




HMÍ FÓTBOLTA

SPORT 2 22.00 JAPAN - GRIKKLAND

Það er allt undir er þessi lið mætast í kvöld. Þau töpuðu bæði í fyrstu umferð og liðið sem tapar í kvöld er úr leik. Japanir munu setja allt sitt traust á **Keisuke Honda** sem skoraði aftur fyrir liðið á HM í síðasta leik.

Honda er fyrsti Japaninn sem nær þeim árangri að skora í tveimur heimsmeistarakeppnum og er markahæsti leikmaðurinn í sögu Japan á HM með þrjú mörk.



VISIR Allt um HM á Vísi

STJARNNA GÆRDAGSINS

Stjarna dagsins er frekar óvænt en það er Hollendingurinn **Memphis Depay**. Hann skoraði sigurmark Hollendinga gegn Ástralíu með laglegu skoti.

Þetta er aðeins tvítugur strákur sem spilar með PSV í heimalandinu. Hann er aðeins búinn að spila sjö landsleiki fyrir Holland og hefur verið á stöðugri uppleið síðustu ár.

Ísland þarf að gæta að þessum strák í haust.

Memphis Depay
Holland

Fimmtu meistararnir sem fara heim eftir riðlakeppnina

Spánverjar eru fimmtu heimsmeistararnir sem eru sendir heim eftir riðlakeppnina.

Ítalía „afrekaði“ það fyrst árið 1950. Brasilía lenti í því sama árið 1966. Svo var komið að Frökkum árið 2002 og Ítalíu fór sneypuför á HM árið 2010.

Spánverjar hafa verið arfa-slakir í leikjum sínum á HM og útför Tiki Taka-fótboltans verður auglýst síðar.



ÚRSLIT

HM Í BRASÍLÍU

B-RÍÐILL

ÁSTRALÍA - HOLLAND 2-3
0-1 Arjen Robben (20.), 1-1 Tim Cahill (21.), 2-1 Mile Jedinak (54.), 2-2 Robin van Persie (58.), 2-3 Memphis Depay (68.).

SPÁNN - SÍLE

0-2
0-1 Jesus Vargas (20.), 0-2 Charles Aranguiz (43.).

STAÐAN

Holland	2	2	0	0	8-3	6
Síle	2	2	0	0	5-1	6
Ástralía	2	0	0	2	3-6	0
Spánn	2	0	0	2	1-7	0

A-RÍÐILL

KAMERÚN - KRÓATÍA

Leiknum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

LEIKIR DAGSINS

C-RÍÐILL: Kólumbía - Fílabains. kl. 16.00

D-RÍÐILL: Úrúgvæ - England kl. 19.00

C-RÍÐILL: Japan - Grikkland kl. 22.00

BORGUNARBIKAR KARLA

ÍBV - VALUR

3-0
1-0 Magnús Már Lúðvíksson, sjm (47.), 2-0 Jon Glenn (53.), 3-0 Jon Glenn (80).

KV - FRAM

3-5

0-1 Haukur Baldvinsson (6.), 1-1 Garðar Ingi Leifsson (39.), 1-2 Aron Þórður Albertsson (43.), 1-3 Alexander Már Þorláksson (63.), 1-4 Alexander Már Þorláksson (73.), 1-5 Alexander Már Þorláksson (76.), 2-5 Magnús Gíslason (83.), 3-5 Atli Jónsson (90.).

STJARNAN - PRÓTTUR

0-1
0-1 Matthew Eliason (93.).

VÍKINGUR R. - FYLKIR

5-1
1-0 Pape Faye (7.), 2-0 Arnþór Ingi Kristinsson (11.), 3-0 Arnþór Ingi Kristinsson (22.), 3-1 Andrew Sousa (28.), 4-1 Ívar Örn Jónsson (77.), 5-1 Aron Elís Þrándarson (88.).

NÆSTU LEIKIR

Í dag: 20.00 Breiðablik - Þór, 20.00 KR - Fjölnir
20.00 Keflavík - Hamar

visir.is

Meira um leiki gærkvóldsins

EFTIRSÓTTUR Alfred er sigursæll.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Alfred efstur á blaði

HANDBOLTI Þýska handknattleiks-sambandið leitar að nýjum þjálfara en liðið komst ekki á heimsmeistaramótið í Katar. Í gær var Martin Heuberger rekinn sem landsliðsþjálfari.

Samkvæmt heimildum íþrótta-deildar Vilja Þjóðverjarnir fá Alfred Gíslason í starfið og myndi hann sinna starfinu samhliða því að halda áfram með Kiel. Óvíst er hvort Kiel vill hleypa Alfred í það verkefni eða hvort Akureyringurinn hefur á annað borð áhuga á því að þjálfa bæði lið.

Noka Serdarusic, forveri Alfreds hjá Kiel og þjálfari Aix í Frakklandi, er númer tvö á óskalista Þjóðverja.

Dagur Sigurðsson, þjálfari Fuchse Berlín, er númer þrjú á óskalista þýska sambandsins samkvæmt heimildum blaðsins. -hm

Þetta mál er nú úr sögunni

Kári Kristján Kristjánsson segist ekki vera sammála því sem fram kemur í yfirlýsingu handknattleiksdeildar ÍBV vegna orða hans í Fréttablaðinu á mánudag. Hann hefur nú lagt málið til hliðar og horfir til framtíðar.

HANDBOLTI Handknattleiksdeild ÍBV sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna Kára Kristjáns-málsins en hann vandaði deildinni ekki kveðjurnar í Fréttablaðinu síðasta mánudag. Hana má lesa hér með fréttinni en ÍBV vildi ekki tjá sig frekar um þetta mál.

„Við verðum greinilega að vera sammála um að vera ósammála. Það sem þeir segja er engan veginn upplifun mín á málinu án þess að ég ætli að fara í einhver smáatriði sem tengjast málinu,“ segir Kári Kristján aðspurður um hvað honum finnst um yfirlýsingu ÍBV.

„Ég ætla ekki að þrefa við þá um þetta mál neitt frekar. Það er leiðinlegt að það fór eins og það fór. Þetta mál er nú endanlega úr sögunni hjá mér.“

Það er nú orðið endanlega ljóst að Kári Kristján verður ekki leik-

maður ÍBV en hvað tekur þá við? Hann er nýbúinn að fá að vita að æxli sem hann er með í bakinu sé góðkynja og þarf hann því hvorki að fara í aðgerð né lyfjameðferð.

„Ég á að geta lifað með þetta æxli í bakinu á meðan það er mér ekki til trafala. Engu að síður verð ég áfram undir eftirliti eins og eðlilegt er. Ef eitthvað breytist í vextinum þá þarf að sjálfsgöðu að grípa inn í. Það er erfitt að reikna með einhverju þegar heilsufar er annars vegar,“ segir Kári sem er heill heilsu í dag.

Má sleppa af mér beislinu

„Ég var útskrifaður á þeim nótum að ég mætti sleppa af mér beislinu eftir töluverðan tíma í ró. Ég er því klár í bátana og ekkert því til fyrirstöðu að ég haldi áfram að spila handbolta.“

Yfirlýsing handknattleiksdeildar ÍBV

Á vefmiðlinum visir.is er viðtal við Kára Kristján Kristjánsson, handknattleiksmann og fyrirverandi leikmann með ÍBV Íþróttafélagi. Í viðtalinu kemur fram hörd gagnrýni á handknattleiksdeildina og er ÍBV m.a. sakað af Kára um að stinga hann í bakið og standa ekki við gerða samninga. Fram kemur hjá Kára að viðræður hafi hafist í byrjun maí og að sæst hafi verið á tölur og að hann hafi talið málið í höfn. Handknattleiksdeild ÍBV Íþróttafélags vill því gera grein fyrir málinu frá sinni hendi.

Viðræður ÍBV og Kára Kristjáns hófust þann 30. apríl sl. ÍBV taldi Kára, og telur hann enn, vera mjög góðan leikmann, og gerði honum því gott tilboð að okkar mati.

Kári svaraði því samdægurs og hafnaði því með þeim orðum að menn væru á sitthvorri ströndinni og að annað félag á Íslandi væri í sambandi við hann sem væri að tala allt annað tungumál en við.

Í framhaldi af því óskaði ÍBV eftir tilboði frá Kára og sendi hann á okkur sínar hugmyndir þann 2. maí sl. Við höfnum þeim hugmyndum daginn eftir og óskuðum honum alls hins besta.

Þann 7. maí hafði hjóðið aðeins breyst hjá Kára og sendum við honum því annað tilboð um leið og ítrekað var að ekki yrði farið hærra í fjárhæðum, við réðum einfaldlega ekki við það.

Því tilboði var ekki tekið og voru síðustu samskipti Kára og ÍBV vegna þessara samningsumleitana þann 8. maí sl. Þar sem enn bar nokkuð á milli og ekkert heyrðist í Kára í rúmar fimm vikur, þó svo að við fréttum af honum á Eyjunninni fögru á þessum tíma, gerðum við ráð fyrir að hann væri einfaldlega að ræða við önnur lið eins og hann tók fram að hefðu verið í sambandi við sig. Þannig ganga þessi mál fyrir sig hvort sem okkur líkar betur eða verr. Við brugðumst við því með því að leita annað enda annað ekki í boði að okkar mati.

Við hörmum þær áskanir sem beinast að handknattleiksdeild ÍBV. Þær eru á engum rökum reistar og honum ósamleikar, enda komum við fram við Kára af fullum heilindum. Við höfðum bara ekki það fjármagn sem til þurfti. Kára óskum við alls hins besta og velfarnaðar í framtíðinni.

ÁFRAM GAKK Kári er ekki sammála því sem fram kemur í yfirlýsingu ÍBV en hefur ákveðið að ýta málinu til hliðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kári Kristján er að klára samning hjá danska félaginu Bjerringbro-Silkeborg og verður því atvinnulaus í sumar. Hann er staddur úti í Danmörku þessa dagana að pakka saman búslóðinni sem verður send til Eyja.

„Fjölskyldan mín mun búa í Eyjum þar sem stelpa mín er að byrja í skóla heima. Svo verður að koma í ljós hvernig mín mál þróast. Við finnum flöt á því þegar þar að kemur en ég mun fara einn í það. Ég hef ekki lokað neinum

dyrum. Það er allt opið hjá mér sama hvort það er hér heima eða erlendis.“

Línumaðurinn sterki segist hafa verið í sambandi við nokkur félög hér heima.

„Ég hef heyrt frá mönnum og allt er á frumstigi núna eins og mál hafa þróast. Ég hef ekkert á móti því að spila á Íslandi. Það yrði bara gaman. Við skulum bara vona að Landeyjahöfnin verði opin sem oftast svo að fólkíð mitt geti komið sem oftast til mín.“henry@frettabladid.is

Munum styðja hana í gegnum þetta

Dóra María er handviss um að Mist Edvarðsdóttir snúi tvíefld aftur á völinn þegar þar að kemur.

FÓTBOLTI Ísland tekur á móti Möltu á Laugardalsvelli í kvöld í undankeppni Heimsmeistaramótsins 2015. Ísland vann fyrri leik liðanna örugglega 8-0 og er því gerð krafa um þrjú stig í kvöld. Dóra María Lárusdóttir var nokkuð bjartsýn þegar Fréttablaðið heyrði í henni í gær.

„Malta er með tiltölulega nýtt lið í kvennaknattspyrnu að taka þátt í sinni fyrstu keppni. Við unnum leikinn örugglega úti og við þurfum að ná í þrjú stig í kvöld því við ætlum okkur annað sætið í riðlinum,“ sagði Dóra María sem var ánægð með leik íslenska liðsins gegn Danmörku.

„Þetta var með betri leikjum sem við höfum spilað við Danmörku. Þær eru með sterkt lið, vel spilandi og við tökum stig þar þótt við vildum auðvitað fá þrjú stig. Við verðum að ná þremur stigum á morgun, vonandi getum við skorað snemma til að létta pressuna en við þurfum að búa okkur undir hvað sem er,“ sagði Dóra María.

Í vikunni var greint frá því að Mist Edvarðsdóttir, liðsfélagi Dóru Maríu í íslenska landsliðinu og Val, hefði greinst með krabbamein á dögnum.

„Hópurinn hefur tekið þessu sem erfiðu verkefni sem þarf að takast á við og við munum styðja

hana í gegnum þetta. Hún er því líkur nagli og það er ekki hægt annað en að dást að því hvernig hún hefur tekið þessu. Maður veit ekki hvað lífið ber í skauti sér og maður verður að nýta hvern dag og njóta,“ sagði Dóra María sem var fullviss um að Mist myndi sigra í baráttunni.

„Maður missir góðan féлага af vellinum en hún er sterkur karakter og hún mun koma tvíefld til baka. Ég hef enga trú á öðru,“ sagði Dóra María. -kpt

SAMSTILLTAR Dóra María og félagar standa þétt við bakið á Mist.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

TAKK FYRIR

DAGINN!

14-1320 - HVITA HUSID / SJÁ



KONUR ERU KONUM BESTAR

Frábær þátttaka var í Sjóvá Kvannahlaupi ÍSÍ á laugardaginn.

Um 15.000 konur tóku þátt í hlaupinu á 85 stöðum um allt land og á 20 stöðum erlendis.

Frá því Kvannahlaupið hófst fyrir 25 árum höfum við fengið rúmlega 370 þúsund skráningar og margar konur hafa hlaupið með okkur frá upphafi.

Við höfum vakið athygli á mörgum málefnum er varða heilsu kvenna og átt í góðu samstarfi við ýmis félagasamtök vegna þeirra.

Við þökkum ykkur fyrir þátttökuna öll þessi ár. Sjáumst hressar á næsta ári!



SJÓVÁ



FER TIL GEORGIÚ Aníta Hinriksdóttir keppir í bæði 800 og 1.500 m hlaupi kvenna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aetlum okkur upp um deild

FRJÁLSAR Ísland verður á meðal þáttökubjóða í þriðju deild Evrópukeppni landsliða en alls eru 30 keppendur í íslenska liðinu. Mótið fer fram í Tbilísi í Georgíu um helgina og hélt hópurrinn utan í gær.

„Þetta er eitt sterkasta lið sem við höfum átt og hefur farið á þetta mót í mörg ár. Allt okkar besta fólk er með, með einni undantekningu,“ sagði Þórey Edda Elísdóttir, fyrrverandi stangarstökkvari og verkefnastjóri FRÍ, en á dögnum varð ljóst að Sveinbjörg Zophoníasdóttir kæmist ekki með en áætlað var að hún keppti í hástökki. Ásgerður Jana Ágústsdóttir, UFA, tekur sæti hennar í liðinu.

„Við urðum í fjórða sæti í fyrra en höfum sett okkur það markmið að komast upp um deild nú. Það verður erfitt en ég er engu að síður bjartsýn. Við viljum komast upp og ég tel að við getum það,“ sagði Þórey Edda.

Alls eru fimmtán landsliðskráð til þátttöku í Evrópukeppni í Georgíu. Meðal íslenskra keppenda má nefna Ásdísi Hjálmsdóttur, Anítu Hinriksdóttur, Hafdísi Sigurðardóttur, Kára Stein Karlsson og Einar Daða Lárusson.

-esá

Fuglasöngurinn hjálpaði til

Jóhann Björn Sigurbjörnsson tryggði sér nýverið þátttökurétt á HM ungmenna í 200 m hlaupi karla er hann stórbætti eigin árangur í greininni á heimavelli. Hann segist ekki vera viss um hver sín sterkasta grein sé.

FRJÁLSAR Jóhann Björn Sigurbjörnsson, nítján ára Sauðkræklingur, bætti nýverið tvö aldursflokkamet í 200 m hlaupi karla er hann hljóp vegalengdina á 21,36 sekúndum. Um leið náði hann lágmarkinu fyrir HM ungmenna sem fram fer í Oregon í Bandaríkjunum í sumar en þessi frábæri árangur kom honum sjálfum meira að segja á óvart.

„Ég veit eiginlega ekki hvað gerðist,“ sagði Jóhann Björn í samtali við Fréttablaðið en metið bætti hann á frjálsþróttavellinum á Sauðárkróki á sunnudag.

„Ég var á heimavelli og því vanur að hlaupa á brautinni. Það var nýbúið að rigna og veðrið varð allt í einu mjög gott. Maður heyrði í fuglunum og ég hitti bara á eitt-hvert gott augnablik.“

Hann hafði aldrei farið undir 22 sekúndur áður og því átti hann ekki endilega von á að ná lágmarkinu fyrir HM, sem er 21,50 sekúndur. „Það var örugglega besta tilfinningin að ná því. Það var í raun alveg svakalegt,“ sagði hann í léttum dúr.

Bætti 26 ára gamalt met

Aðeins nokkrum dögum áður sló Jóhann Björn 26 ára gamalt Íslandsmet Jóns Arnars Magnússonar í 100 m hlaupi í flokki 18-19 ára. Þá hljóp hann á 10,71 sekúndu en til að ná lágmarkinu fyrir HM í Eugene þarf hann að hlaupa á 10,55 sekúndum og bæta met Jóns Arnars í fullorðinsflokki um einn hundraðshluta úr sekúndu.

„Ég verð bara að sjá til hvernig

næsta hlaup gengur hjá mér og sjá svo til. Fyrir fram reiknaði ég ekki með að ná þessu en ef ég næ góðu hlaupi er aldrei að vita,“ segir hann af mikilli hógværd.

Jóhann Björn hélt í gær til Georgíu þar sem hann keppir í 100 m hlaupi fyrir hönd Íslands í Evrópukeppni landsliða. Eftir það heldur hann til Gautaborgar í Svíþjóð þar sem hann tekur þátt í alþjóðlegu móti í öllum sínum greinum – 100 m, 200 m og 400 m hlaupum. En hver skyldi vera hans sterkasta grein?

„Ég og þjálfarinn minn vorum alltaf að hugsa um HM-lágmarkið í 400 m hlaupi og við erum því ekki alveg vissir um hver mín sterkasta grein sé. Þjálfarinn minn segir að ég geti hlaupið allt mjög vel og því ætla ég að reyna að gera eins vel og ég mögulega get í öllum greinum,“ segir hann en hann er enn talsvert frá lágmarkinu í 400 m hlaupinu.

„Ég held að ég þurfi ekki annað en að ná einu góðu hlaupi sem ég geri vonandi í Gautaborg.“

Samkeppnin af hinu góða

Akureyringurinn Kolbeinn Höður Gunnarsson er jafnaldri Jóhanns Björns og keppinatur í styttri vegalengdunum. Jóhann Björn segir þá hins vegar góða vini.

„Það hefur verið mikil samvinna á milli okkar og við erum mjög góðir vinir. Samkeppnin er þar að auki nauðsynleg og verða litlar framfarir án hennar. Við njótum því góðs af þessu báðir.“

eirikur@frettabladid.is



ÖFLUGUR Jóhann Björn hefur tekið miklum framförum á hlaupa-brautinni í vor og stefnir í spennandi tímabil hjá honum í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



ÍSLAND MALTA

LAUGARDALSVÖLLUR
Í KVÖLD
KLUKKAN 18:00

MÍÐASALA Á MÍÐI.IS
STYÐJUM STELPURNAR!
ÁFRAM ÍSLAND



PIPARTBWA • SÍA • 141716

2014 HM FATAN

25 hot wings
2.399 kr.



svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRDUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI WWW.KFC.IS

Stöð 2 kl. 20.05 Grillsumarið mikla

Vönduð íslensk þáttaröð með verðlaunakokkunum Bjarna Sigur-óla og Jóhannesi Steini. Þeir munu töfra fram ljúffenga og fjölbreytta grillrétti fyrir áhorfendur í allt sumar.



Í KVÖLD



Masterchef USA
STÖÐ 2 KL. 20.25 Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úr-ræði og færni þátttakenda.



HM: Japan – Grikkland
STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 21.50 Stöð 2 Sport sýnir beint frá leik Japana og Grikkja í C-riðli á heimsmeistaramótiinu í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu. Bæði lið töpuðu fyrstu leikjum sínum í riðlinum.



New Year's Eve
STÖÐ 2 BÍÓ Stórskemmtileg rómantísk gamanmynd sem gerist öll á einu kvöldi og við kynnumst nokkrum ólíkum persónum. Öll búa þau í borginni sem aldrei sefur, New York, og þótt fæst þeirra þekkt innbyrðis eiga leiðir þeirra eftir að skarast á mismunandi hátt þetta kvöld, með óvæntum afleiðingum.

FM957 kl. 10-13 Heiðar Austmann

Útvarpsmaðurinn góðkunnir Heiðar Austmann fylgir hlustendum FM957 frá klukkan 10 til 13. Heiðar spilar ferskustu tónlistina fyrir eldhressa hlustendur FM.



f BYLGJAN989 **#BYLGJAN**

90'S ÞÁTTURINN ER Í LOFTINU

ÞÓRUNN CLAUSEN OG HADDAWAY

FIMMTUDAGSKVÖLD MILLI KL. 19:20 - 23:00

SIÓNVARP
BYLGJAN.IS
ÚTAPPÍÐ
FM 98.9

HLUSTADU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER

- ### STÖÐ 2
- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
 - 08.05 Malcolm in The Middle (21:22)
 - 08.30 Man vs. Wild (8:15)
 - 09.15 Bold and the Beautiful
 - 09.35 Doctors (44:175)
 - 10.20 60 mínútur (16:52)
 - 11.05 Nashville (1:22)
 - 11.50 Suits (8:16)
 - 12.35 Nágrannar
 - 13.00 Men in Black II
 - 14.30 The O.C. (7:25)
 - 15.15 Ærslagangur
 - 15.35 Ozzy & Drix
 - 16.00 Frasier (11:24)
 - 16.25 The Big Bang Theory (7:24)
 - 16.45 How I Met Your Mother (11:24)
 - 17.10 Bold and the Beautiful
 - 17.32 Nágrannar
 - 17.57 Simpson-fjölskyldan (8:25)
 - 18.23 Veður
 - 18.30 Fréttir Stöðvar 2
 - 18.47 Íþróttir
 - 18.54 Ísland í dag
 - 19.06 Veður
 - 19.15 Fóstbræður (7:8)
 - 19.40 Friends With Better Lives
 - 20.05 Grillsumarið mikla
 - 20.25 Masterchef USA (23:25)
 - 21.10 NCIS (17:24)
 - 21.50 Person of Interest (20:23)
 - 22.35 Those Who Kill (3:10)
 - 23.20 Mad Men (3:13)
 - 00.05 24: Live Another Day (7:12)
 - 00.50 One Night at McCool's
 - 02.20 The Mutant Chronicles
 - 04.10 The Apparition
 - 05.30 NCIS: Los Angeles (2:24)

- ### SPORT
- besta sætið
- 07.00 HM Messan
 - 07.45 Kamerún - Króatía
 - 12.20 Ástralía - Holland
 - 14.00 Spánn - Síle
 - 15.40 Pep Guardiola
 - 16.05 HM Messan
 - 16.50 Kamerún - Króatía
 - 18.30 Colombia, Belo Horizonte, Greece
 - 19.00 Gianfranco Zola
 - 19.30 Kólumbía - Fílabeinsströndin
 - 21.10 HM Messan
 - 21.50 Japan - Grikkland BEINT
 - 00.00 Úrúgvæ - England
 - 01.40 HM Messan Gummi Ben
 - 02.25 Japan - Grikkland

- ### SPORT 2
- enski boltinn
- 13.35 San Antonio - Miami
 - 16.00 Alfreð Finnbogason
 - 16.40 Ísland - Eistland
 - 18.25 Þór Þorlákshöfn
 - 19.00 Þæjumótið í Eyjum Sýndar svipmyndir frá Þæjumótiinu í Eyjum þar sem knattspyrnustjórnur framtíðarinnar láta ljós sitt skína. Umsjónarmaður þáttarinn er Guðjón Guðmundsson.
 - 19.45 Breiðablik - Þór Bein útsending frá leik Breiðabliks og Þórs í Borgunarbikarnum 2014.
 - 21.55 UFC 174
 - 00.45 Breiðablik - Þór

- ### INN
- 20.00 Hrafnaþing Jafet og viðskiptalífið 21.00 Auðlindakistan Umsjón Páll Jóhann Pálsson
 - 21.30 Suðurnesjamagasín Allt að fara af stað í Helgúvík

- ### ÚTVARP
- FM 88,5 XA-Radíó
 - FM 90,1 Rás 2
 - FM 90,9 Gullbylgjan
 - FM 93,5 Rás 1
 - FM 95,7 FM957

- ### STÖÐ 3
- 17.30 Top 20 Funniest (3:18)
 - 18.15 Free Agents (7:8)
 - 18.40 Community (12:24)
 - 19.00 Malibu Country (12:18)
 - 19.25 Family Tools (8:10)
 - 19.50 Ravenswood (3:10)
 - 20.35 The 100 (4:13)
 - 21.20 Supernatural (20:22)
 - 22.00 True Blood (8:12) Fimmta þáttaröðin um gengilbeinuna Sookie Stackhouse, vampírurinn Bill Compton og Eric Northman sem hafa slegist um ástir hennar í smábænum Bon Temps í Louisiana þar sem menn, vampírur og aðrar skepnur búa saman, þó ekki alltaf í sátt og samlyndi.
 - 22.55 Malibu Country (12:18)
 - 23.20 Family Tools (8:10)
 - 23.45 Ravenswood (3:10)
 - 00.30 The 100 (4:13)
 - 01.15 Supernatural (20:22)
 - 02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp-tívi

- ### Krakkastöðin
- 07.00 Brunabíllarnir 07.25 Latibær 07.47 Gulla og grænjaxlarnir 08.00 Dóra könnuður 08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 08.45 Doddi litli og Eyrnastór 08.55 Rasmus Klumpur og félagar 09.00 Áfram Diego, áfram! 09.24 Svampur Sveinsson 09.45 Ævintýraferðin 09.55 UKI 10.00 Ofurhundurinn Krypto 10.25 Skógardýrið Húgó 10.47 Tommi og Jenni 10.55 Hókus Pókus (6:14) 11.00 Brunabíllarnir 11.23 Latibær 11.47 Gulla og grænjaxlarnir 12.00 Dóra könnuður 12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 12.45 Doddi litli og Eyrnastór 12.55 Rasmus Klumpur og félagar 13.00 Áfram Diego, áfram! 13.24 Svampur Sveinsson 13.45 Ævintýraferðin 13.55 UKI 14.00 Ofurhundurinn Krypto 14.25 Skógardýrið Húgó 14.47 Tommi og Jenni 14.54 Hókus Pókus (6:14) 15.00 Brunabíllarnir 15.23 Latibær 15.47 Gulla og grænjaxlarnir 16.00 Dóra könnuður 16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 16.45 Doddi litli og Eyrnastór 16.55 Rasmus Klumpur og félagar 17.00 Áfram Diego, áfram! 17.24 Svampur Sveinsson 17.45 Ævintýraferðin 17.55 UKI 18.00 Ofurhundurinn Krypto 18.25 Skógardýrið Húgó 18.47 Tommi og Jenni 18.55 Hókus Pókus (6:14) 19.00 Pláneta 51 20.30 Sögur fyrir svefninn

- ### GULLSTÖÐIN
- 18.20 Strákarnir
 - 18.50 Friends (17:23)
 - 19.15 Seinfeld (5:23)
 - 19.40 Modern Family
 - 20.05 Two and a Half Men (16:22)
 - 20.30 Weeds (4:13)
 - 21.00 Breaking Bad
 - 21.50 Without a Trace (16:24)
 - 22.35 Harry's Law (7:12)
 - 23.20 Boss (3:8)
 - 00.15 Without a Trace (16:24)
 - 01.00 Without a Trace (16:24)
 - 01.45 Weeds (4:13)
 - 02.15 Breaking Bad
 - 03.05 Without a Trace (16:24)
 - 03.50 Harry's Law (7:12)
 - 04.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp-tívi

- ### BÍÓSTÖÐIN
- 10.00 Dying Young
 - 11.50 I Am Sam
 - 14.00 New Year's Eve
 - 16.00 Dying Young
 - 17.50 I Am Sam
 - 20.00 New Year's Eve
 - 22.00 30 Minutes or Less
 - 23.25 Rock of Ages
 - 01.25 One For the Money
 - 02.55 30 Minutes or Less

- ### RÚV
- 12.30 HM í fótbolta – (Kamerún - Króatía) (e)
 - 14.20 Ástareldur (Sturm der Liebe)
 - 15.10 Tákn málsfréttir
 - 15.20 HM stofan Björn Bragi og gestir fjalla um mál mála á HM í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu.
 - 15.50 HM í fótbolta (Kólumbía - Fílabeinsströndin) BEINT
 - 18.00 Fréttir
 - 18.20 Veðurfréttir
 - 18.25 Íþróttir Íþróttir dagsins í máli og myndum.
 - 18.30 HM stofan
 - 18.50 HM í fótbolta (Úrúgvæ - England) BEINT
 - 20.50 HM stofan
 - 21.25 Lífæðin til Eyja Fróðleg heimildarmynd um lagningu sæstrenns frá landi til Vestmannaeyja sumarið 2013. Grannt er fylgst með gangi mála, baráttunni við náttúruöflin og rætt við heimamenn um mikilvægi þess að tryggja orkuöryggi svæðisins.
 - 22.00 Tíufréttir
 - 22.20 Veðurfréttir
 - 22.25 Lögregluvaktin (1:15) (Chicago PD) Bandarísk þáttaröð um líf og störf lögreglumanna í Chicago. Meðal leikenda eru Sophia Bush, Jason Beghe og Jon Seda. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
 - 23.10 Dansað á ystu nöf (5:5)
 - 00.40 HM í fótbolta (Japan - Grikkland) (e)

- ### SKJÁREINN
- 06.00 Pepsi MAX tónlist
 - 08.00 Everybody Loves Raymond (16:26)
 - 08.25 Dr. Phil
 - 09.05 Pepsi MAX tónlist
 - 16.05 Survivor (3:15)
 - 16.50 America's Next Top Model (1:16)
 - 17.35 Emily Owens M.D (4:13)
 - 18.20 Dr. Phil
 - 19.00 Design Star (9:9)
 - 19.45 Parks & Recreation (1:22) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Í þessum fyrsta þætti veitir Leslie fyrir sér kostum og göllum þess að halda áfram sambandinu við Ben, sérstaklega í ljósi þess að hún hyggur á framboð til bæjarstjórnar.
 - 20.10 The Office (3:24) Skrifstofustjórninn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrrrennarinn. Starfsmennirnir í vöruhúsinu hætta eftir að hafa dottið óvænt í lukkupottinn svo að stjórnendurnir sitja í súpunni.
 - 20.30 Royal Pains (10:16)
 - 21.15 Scandal (22:22)
 - 22.00 Agents of S.H.I.E.L.D. (10:22)
 - 22.45 The Tonight Show
 - 23.30 The Good Wife (19:22)
 - 00.15 Beauty and the Beast (11:22)
 - 01.00 Royal Pains (10:16)
 - 01.45 Scandal (22:22)
 - 02.30 The Tonight Show
 - 03.15 Pepsi MAX tónlist

- ### Golfstöðin
- 08.00 US Open 2014
 - 14.30 Golfing World
 - 15.20 PGA Tour 2014
 - 17.45 Golfing World 2014
 - 18.35 Inside The PGA Tour 2014
 - 19.00 PGA Tour 2014
 - 22.00 Golfing World 2014
 - 22.50 Inside The PGA Tour 2014

A woman with long, wavy brown hair is posing in a black bikini. She is smiling and looking towards the camera. She is holding a large, sheer, light-colored fabric that is draped around her. The background is a plain, light color.

sloggi®

**Sloggi Light nærbuxur
- nánast ósýnilegar**

fást í stórmörkuðum og Debenhams

UPPÁHALDSLAGIÐ



„Thunder Road og Born to Run með Bruce Springsteen. Þessi lög bera með sér einhverja órvæntingarfylla bjartsýni um að kannski, bara kannski verði allt í lagi, þrátt fyrir að það séu yfirgnæfandi líkur á því að það verði það ekki. Racing in the Street með Bruce er svo uppáhaldsvangalagið mitt, en það er mjög langt þannig að maður þarf að vera rosalega ástfanginn til að vanga við það.“

Heiða Kristín, framkvæmdastjóri Bjartrar framtíðar

Fær innilokunarkennd í Reykjavík á sumrin

Leikkonan Birgitta Birgis getur nú bætt titlinum landvörður við á ferilskrána en Vestfirðir eru draumurinn.

„Landverðir þurfa að vita lítið um margt og geta svarað spurningum um allt frá því hvar næsta klósett er að jarðlögum og eldfjöllum,“ segir leikkonan Birgitta Birgisdóttir sem nýverð nældi sér í landavörðarréttindi. Birgitta hefur verið við nám í ferðamálaeild háskólans á Hólum í Hjaltadal þar sem tilgangurinn var að öðlast ofangreind réttindi.

„Ég hef lengi verið á höttunum eftir sumarstarfi úti á landi því ég þoli ekki Reykjavík á sumrin. Fær innilokunarkennd,“ segir Birgitta sem starfar sem leikkona á veturna en vantaði að fylla upp í tómarúmið þegar leikhúsunum er lokað yfir sumartím-ann. Birgitta hefur mikinn áhuga á náttúru-



DRUMASTARFIÐ Birgittu Birgisdóttur leikkonu verður líkamlega illt þegar hún sér illa farið með náttúruna.

vernd þó að hún vilji nú ekki meina að hún sé fanatísk í þeim efnum.

„Mér verður samt alveg líkamlega illt þegar ég sé að ekki er verið að hugsa um náttúruna. Það er líka lítil skilningur hjá yfirvöldum gagnvart þessum málaflokki en það er verið að fækka stöðugildum landvarða þrátt fyrir vaxandi átroðning ferðamanna, mjög skakkt sjónarmið.“

Birgitta, sem lék í Borgarleikhúsinu síðasta leikár, viðurkennir að um heljarinnar titil sé að ræða og vonast eftir því að geta starfað sem landvörður næsta sumar.

„Það væri frábært og þá helst sem lengst frá Reykjavík, kannski á Vestfjörðum. Það væri draumur.“

- áp

Massaðasti melódíku-leikarinn í heiminum

Mímir Nordquist spilar með hljómsveitinni Lily Of The Valley. Hann er einnig fjórfaldur Íslandsmeistari í fitness og segir stundum erfitt að sinna bæði tónlist og heilsurækt. Hann fær mikla athygli á tónleikum og er „þvílíkt“ á lausu.

„Ég syng fyrst og fremst og spila líka á píanó og melódíku. Líklegast er ég massaðasti melódíkuleikari í heimi,“ segir Mímir Nordquist í hljómsveitinni Lily Of The Valley glaður í bragði. Hljómsveitin var stofnuð fyrir Airwaves-tónlistarhátíðina í fyrra og var að senda frá sér sitt fyrsta lag, I'll Be Waiting.

Mímir er ekki bara lunkinn í tónlistinni heldur hefur hann átt góðu gengi að fagna í fitness-heiminum.

„Ég keppti fyrst í fitness árið 2010. Ég var reyndar plataður út í það til að byrja með en er mjög feginn því. Þetta er frábær reynsla út í eitt. Ég er fjórfaldur Íslandsmeistari í fitness og fitnessmaður ársins 2013. Ég er mjög hamingjusamur með það,“ segir Mímir. Hann segist þó lítið vera í því að sýna stæltan kroppinn á tónleikum.

„Nei, ekki alveg. Ég spái eiginlega ekki í því þegar ég er að spila. En Tinna og Logi eru alltaf að reyna að rífa mig úr samt,“ segir Mímir hlæjandi en Tinna Katrín Jónsdóttir skipar tríóið Lily Of The Valley með þeim Mími og Loga Jósafatssyni. Aðspurður hvort hann fái ekki mikla athygli á tónleikum segir hann það vera.

„Jú, sem betur fer, ég er svo athyglissjúkur,“ segir Logi. En er hann á lausu? „Já, ég er þvílíkt á lausu.“

Mímir byrjaði í tónlist árið 2010 en segir mikla alvöru hafa færst í tónsmíðarnar þegar hann stofnaði Lily Of The Valley ásamt Loga Jósafatssyni. Stefnan er sett á að gefa út meira efni sem fyrst.

„Draumurinn er að halda áfram að njóta þess að búa til tónlist og ferðast með þessu frábæra fólki sem er með mér í hljómsveit. Ég er að gera það sem ég elska.“

Hann stefnir líka langt í fitness-heiminum.

„Það eru alls konar möguleikar sem mér bjóðast í fitness-heiminum. Ég get allavega ekki hætt fyrr en ég er orðinn heimsmeistari. Keppnisskapið, þú skilur,“ segir Mímir en oft reynist erfitt að samtvinna þessa tvo heima.

„Það er allt í lagi dags daglega en rétt fyrir mót getur verið erfitt að sinna hvoru tveggja hundrad prósent.“

Lily Of The Valley spilar á Café Flóru í Grasagarðinum í kvöld og lofar Mímir góðu stuði. „Ég hvet fólk til að hlusta á nýja lagið okkar, koma og sjá okkur á tónleikum og elska hvert annað.“ liljakatrin@frettabladid.is

„Ég keppti fyrst í fitness árið 2010. Ég var reyndar plataður út í það til að byrja með en er mjög feginn því. Þetta er frábær reynsla út í eitt.“

Mímir Nordquist.



TANADUR TÓNLISTARMADUR
Mímir stefnir langt í fitnessheiminum.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Vildu ferskan blæ í fjölmiðlaflóru

Fyrsta útgáfa veftímaritsins Blæs kom út í gær en Birna Ketilsdóttir Schram segir hópinn enn þá geyma fullt af hugmyndum um hvernig þróa skal tímaritið.

„Grunnhugmyndin er að brúa bilið á milli tímarits og vefrits,“ segir Birna Ketilsdóttir Schram, ritstjóri nýja veftímaritsins Blæs. Hópurinn á bak við veftímaritið samanstendur af sex ólíkum einstaklingum sem voru sammála um að það vantaði ferskan blæ í fjölmiðlaflóru landsins. Sjálf starfar Birna sem ritstjóri, Svanhildur Gréta Kristjánsdóttir sem aðstoðarritstjóri, Júlía Runólfssdóttir sem vefhönnuður, Hugi Hlynsson sem forritari og Ragnhildur Ásta og Björk Brynjarsdóttir starfa sem blaðamenn. „Við erum með fullt af hugmyndum um hvernig við ætlum að þróa þetta en upplifun lesandans er í forgangi



UNGIR FRUMKVÖDLAR Hópurinn er mjög fjölbreyttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HUGI HLYNSSON

hjá okkur,“ segir Birna. „Við viljum hafa þetta lifandi og vinnum mikið með GIF, myndbrot og mismunandi margmiðlunartækni. Í okkar kynslóð notast flestir við snjalltæki og síðan er mjög hentug fyrir það,“

segir Birna. „Hún uppfærir annan hvern miðvikudag til þess að halda þessum tímaritafling, þú færð alltaf mismunandi útgáfu,“ segir Birna en veftímaritið er hægt að nálgast á heimasíðunni blæs.is.

- bp

FAHAND SIRKUS ÍSLANDS
— TJALDAR ÖLLU TÍL —
REYKJAVÍK - ÍSAFJÖRÐUR - AKUREYRI - SELÞÖSS - REFLAVÍK

FRUMSÝNING
25. JÚNÍ

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
WWW.SIRKUSISLANDS.IS

Coca-Cola TVG-ZIMSEN

Reykjavík KÍLAVÍK HÍLAVÍK

Áttu tóman Nicorette eða Nicovel pakka?

Komdu með hann í næsta apótek og þú færð 50% afslátt af Nicotinell Spearmint 24 stk. pakka!



1. Það sem þú þarft að gera:
Koma með tóman Nicorette eða Nicovel pakka í næsta apótek.

2. Það sem þú færð í staðinn:
Þú færð 50% afslátt af Nicotinell Spearmint 2 mg eða 4 mg 24 stk pakka.



Skilyrði:

- Hægt er að koma með tóma Nicorette og Nicovel pakka í öll apótek.
- Hægt er að skila inn öllum tegundum, styrkleikum og pakkningastærðum af Nicorette og Nicovel til að fá afsláttinn. Pakki á móti pakka.
- Pakkinn sem er skilað má ekki vera útrunninn. Ath. dagsetning á pakkningu.
- Aðeins einstaklingar 18 ára og eldri geta tekið þátt.
- Afslátturinn gildir aðeins fyrir Nicotinell Spearmint og aðeins fyrir 24 stk pakkningu, bæði 2 mg og 4 mg pakka.
- Gildir ekki í almennum verslunum. Gildir 1.-30. júní 2014

Nicotinell®

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tobaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmí fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sigarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sigarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtisins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu ihuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingabörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, getu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgang lyfjatyggigúmmí þar sem reykingabörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur auknið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sigarettanna á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnum, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafæðing þvi ekki er vist að þú megir nota lyfið ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sjúksýki, olvirkun skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/éða lífrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjafarm nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bütýlhýdroxýtólúen (E321). **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarlýðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjölnis saga Þorgeirssonar

Stórleikarinn Hilmir Snær Guðnason skemmti með Helga Björns og reiðmönnum vindanna á tónleikum í Hörpu á mánudagskvöldið. Hilmir lét sér ekki nægja að taka lagið með Helga, leikaranum Jóhanni Sigurðarsyni og spéfuglinum Erni Árnasyni. Hann ákvað að fara með nútímalega Íslendingasögu um þrekvirki Fjölnis Þorgeirssonar þegar hann bjargaði hrossunum úr Reykjavíkurtjörn fyrir fimm árum. Hilmir fór vægast sagt á kostum og ætlaði þakið af Eldborgarsal Hörpu, slík voru hlátrasköllin meðan á flutningnum stóð. Þegar Hilmir lauk flutningi sínum var kveikt á ljósunum í Salnum og auglýst eftir Fjölni. Stóð þá Fjölnir upp og hnyklaði vöðvana, sem kórónaði þessa bráðfyndnu Íslendingasögu. -lk



Söng fyrir sendiherra

Lögmaðurinn Helga Vala Helga-dóttir söng með kvennakórnum Hrynjandi í boði sem Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands í Berlín, hélt á þjóðhátíðardaginn. „Við erum tæplega 40 konur í kórnum sem ferðumst yfir hafði til þess að gleðja hinn frábæra sendiherra og starfsfólk hans sem og Íslendinga sem búsettir eru í Berlín,“ segir Helga.



Hún og aðrir meðlimir kórsins eru enn í Berlín og ætla í dag að syngja í kirkju í borginni. „Þetta er ekki á kostnað skattgreiðenda, þetta partí. Við sjáum um það sjálfar,“ segir Helga og hlær. -hg

Mest lesið

- 1 Páttur um lögreglustarf í Reykjavík: „Barði hana í stöppu úti í bíl og talaði um að kála sér“
- 2 Sakar Sjálfstæðisflokkinn um undirlægjuhátt
- 3 Níu fengu fálkaorðuna: „Allar viðurkenningar virka sem hvatning“
- 4 Fjölskylda Arons á leið til Brasilíu
- 5 Varaforsetinn heilsaði upp á Aron og félagi | Myndband

KitchenAid
THE MORE YOU USE IT
THE BETTER IT LOOKS

Einar Faresveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef.hf.is • www.ef.is

Leggðu á brattann í La Sportiva

Við undirbúum gönguferðir sumarsins í verslunum 66°NORÐUR. Komdu og kíktu á nýju sumarlínuna okkar og La Sportiva gönguskó.

Opið alla daga til kl. 21 í Faxafeni.



La Sportiva Mix

Henta fyrir langan dag í krefjandi útivist og innanbæjar sem strigaskór.



25.500 kr.

La Sportiva Helios

Léttir hlaupaskór sem eru hannaðir fyrir hlaup í grófu undirlagi.



23.900 kr.

La Sportiva Cornon GTX

Léttur og þægilegur skór fyrir einfaldari fjallgöngur.



19.900 kr.

La Sportiva Trango S Evo GTX

Tæknilegur skór fyrir krefjandi fjallgöngur sumar sem vetur.



48.800 kr.